

SHALDÖR
skoðun 24



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Tæknilausnir



FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

3. nóvember 2011
257. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reitmiðlögum Cancer Centre Gallup apríl - júní 2011



Ævintýri í New York
Ísak Freyr Helgason farðaði
á tiskuvíkunni í New York.

fólk 70

Laxveiðisumarið 2011

Haffjarðará og Selá eru
bestu árnar sé miðað við
veiði á hverja stöng.

Veiði 66




Meiðslafaraldur

Það berast ekki góðar fréttir
af handboltalandsliðinu
þegar 72 dagar eru þangað
til EM í Serbíu hefst.

sport 64

veðrið í dag



RIGNING eða skúrir víða um
land en þurrast að mestu NA-lands.
Dregur úr vindi en þó strekkingur
eða hvassviðri á Vestfjörðum.
Heldur hlýnar í veðri.

VEÐUR 4



**Mýksti
brauðosturinn
á markaðnum**



Nýr flugvélafloti í vor

Flugfélagið Iceland Express hefur sótt um flugrekstrarleyfi og hyggur á að kaupa eigin flugvélar og skera þannig á tengslin við Astraesus. Nýr floti gæti verið kominn í gagnid 1. apríl á næsta ári ef allar áætlanir ganga að óskum.

SAMGÖNGUR Iceland Express (IE) hefur sótt um flugrekstrarleyfi til Flugmálastjórnar Íslands og hyggst í framhaldinu kaupa flota af nýjum flugvélum, að því er heimildir Fréttablaðsins herma.

Hingað til hefur IE leigt flugvélar frá breska félaginu Astraesus, en sami eigandi er að báðum fyrirtækjum, það er Fengur, eignarhaldsfélag Pálma Haraldssonar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var þessi ráðstöfun afgreidd í stjórn IE í október og skrifleg umsókn send Flugmálastjórn í byrjun þessarar viku.

Flugmálastjórn gæti tekið um fjóra mánuði í að afgreiða flugrekstrarleyfið, en stefnt er að því að nýi flotinn verði kominn í gagnid 1. apríl á næsta ári. Með því væri slitid

Búist við aukinni samkeppni

Fyrirséð er að aukin samkeppni verði í millilandaflugi til Íslands næsta sumar. Flugfélagið WOW stefnir að því að hefja starfsemi í vor, en á enn eftir að tilkynna um áfangastaði. Þá hefur danska félagið Primera Air þegar tilkynnt að það muni fljúga hingað til lands og heyrst hefur að Easy Jet muni einnig taka slaginn, en það hefur ekki verið staðfest.

á tengslin milli IE og Astraesus, en síðarnefnda fyrirtækið leigir vélar til margra annarra flugfélaga, þar á meðal British Airways og Easy Jet sem er stærsta flugfélag Evrópu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu hefur Fengur veitt IE hluthafalán að upphæð rúmlega eins milljarðs króna að undanförunu. Það var til þess að bæta lausafjárstöðu félagsins, sem þurfti að styrkja, bæði til að ráðast í flugvélaup og

einnig til að mæta um 800 milljóna króna tapi sem áætlað er að verði á rekstri IE í ár.

IE skuldar hins vegar ekki lána- stofnunum, heldur nánast einvörðungu eiganda sínum Pálma Haraldssyni, og er fjárhagsstaða þess því sterk þrátt fyrir taprekstur.

Heimildir Fréttablaðsins herma að IE muni draga úr sætaframboði til að laga sig að aukinni samkeppni.

- þsj / sjá síðu 20



Á NETINU Nýjar fjarskiptaáætlanir gera ráð fyrir bettu aðgengi landsmanna að háhraða tengingum

Fjarskiptaáætlanir kynntar:

**Nær allir eigi
kost á 100 Mb
neti fyrir 2022**

FJARSKIPTI Stefnt er að því að 99% allra heimila og fyrirtækja á landinu muni eiga kost á að fá 100 Mb nettengingu fyrir árið 2022.

Þetta kemur fram í nýrri fjarskiptaáætlun sem kynnt var á fundi hjá Skýrslutæknifélagi Íslands í gær. Þar voru útlístað helstu markmið til næstu ára, en þar á meðal er ljósleiðarahringtenging til landsvæða með yfir fimm þúsund íbúa og byggðakjarna með fleiri en þúsund íbúa.

- þj

Elstu tennur nútímamanna:

**Í Evrópu fyrir
allt að 45 þúsund
árum**

VÍSINDI Steingervingafræðingar telja að tennur sem fundust á Bretlandi og Ítalíu séu elstu þekktar leifar nútímamanna sem fundist hafa í Evrópu.

Deilt hefur verið um hvort tennurnar væru úr nútímamönnum eða Neanderdalsmönnum, en nýjar rannsóknir þykja taka af allan vafa. Tennurnar eru taldar í það minnsta 41 þúsund ára gamlar, en mögulega allt að 45 þúsund ára, að því er fram kemur í vísindaritinu Nature.

Tennurnar sanna að nútímamenn voru uppi á sama tíma og sömu svæðum og Neanderdalsmenn. Þeir síðarnefndu dóu út þremur til fimm þúsund árum síðar.

- þj



BRJÓSTSYKURSGERÐ Þær Lilja Dís Þórisdóttir og Emelía Darradóttir bjuggu til brjóstsykur í félagsmiðstöðinni Próttheimum í gær en þá var haldinn Félagsmiðstöðvadaður Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vörupurrð í íslenskum tölvuverslunum vegna monsunflóðanna í Taílandi:

Bara einn harður diskur á mann

TÆKNI Mikill skortur er á hörðum diskum í tölvur um allan heim eftir að íhlutaverksmiðjur í Taílandi urðu óstarfhæfar vegna hinna miklu flóða sem þar hafa verið síðustu vikur og kostað hundruð manna lífið.

Taíland er annar stærsti framleiðandi á hörðum diskum í heimi. Stærsta einstaka fyrirtækið á þessu sviði, Western Digital, framleiðir um 60 prósent af sínum diskum í Taílandi og gæti séð fram á allt að 75 prósentu samdrátt í framleiðslu á næstu sex mánuðum.

Áhrifanna er farið að gæta hér á landi þar sem verslanir hafa þurft að takmarka fjölda sem seldur er hverjum viðskiptavini.

„Við hættum allri magnsölu fyrir nokkru,“ segir Hafþór Helgason, framkvæmdastjóri Tölvuteks, í samtali við Fréttablaðið.

„Í síðustu viku settum við fimm stykkja hámark á hvern viðskiptavin sem við þurftum svo að lækka niður í eitt stykki á mann í þessari viku. Eins og staðan er núna er óvíst hvort við munum eiga nokkrar birgðir eftir í lok mánaðar.“

Hafþór segir birgja um allan heim vera í erfiðleikum vegna vörupurrðar.

„Okkar helsti dreifingaraðili í Bandaríkjunum tilkynnti okkur að við fengjum ekki nema 20 stykki á viku á næstunni, en við höfum hingað til verið að selja fleiri hundruð stykki í hverri viku.“

Fyrir utan mannskaðann sem hefur orðið af flóðunum í Taílandi hefur tæknigeirinn orðið fyrir miklum skaða þar sem hátt í fimmtán þúsund raftækjaverksmiðjur í landinu eru nú óstarfhæfar, að sögn Hafþórs.

„Nú erum við að horfa á viðvarandi skort sem mun hafa í för með sér verðhækkunar. Fartölvur munu hækka. Flakkarar eru alveg stöpp núna. Við áttum von á stórrí pöntun sem var að leggja af stað, en var sett á bið. Svo fengum við skilaboð um að þegar framleiðsla færi í gang á ný yrði það á miklu hærra verði en áður.“

Nánari umfjöllun um ástandið í Taílandi í máli og myndum má finna á síðu 16 í blaðinu.

- þj



Báru- og trapisu ál, margir litir

ALTAK

Fossaleyni 8/Sími: 577 4100/www.altak.is



G. Pétur, er Vegagerðin alveg staurblönd?

„Nei, þó að hún vildi hafa úr meira fé að spila þá er Vegagerðin hvorki alveg staurblönd né staurblind.“

Vegagerðin hefur slökkt á öðrum hverjum ljóssastaur á Reykjanesbrautinni í sparnaðarskyni og útilokar ekki að hætta með öllu að lýsa upp veginn.



RITSTJÓRNINN Með nýjasta hefti skoptímaritsins. NORDICPHOTOS/AFP

Árás á skoptímarit:

Múhamedsgrín vekur viðbrögð

FRANKLAND Tveimur eldsprengjum var varpað inn á skrifstofur franska skoptímaritsins Charlie Hebdo í fyrrinótt. Francois Fillon, forsætisráðherra Frakklands, forðæmdi árásina.

Í nýjasta hefti tímaritsins eru skopteikningar af múslimum, meðal annars Múhamed spámanni. Tílefni skopsins er sigur hófsamra íslamista í Túnis. Gríníð snýst um skoplegar hliðar þeirra „mjúku sjaría-laga“ sem nýir valdhafar boða. Ritstjóri blaðsins segir árárarmennina vera „róttæka heimskingja sem vita ekki hvað íslamstrú er“.

Ný alþjóðleg rannsókn:

Silfurberg virkar sem sólarsteinn

VÍSINDI Ný rannsókn alþjóðlegs hóps vísindamanna rennir stoðum undir þá lífseigu tilgátu að norrænir víkingar hafi nýtt sér íslenskt silfurberg til að rata við siglingar í skýjuðu veðri.

Í norrænum fornritum, svo sem Rauðúlfs þætti, er minnst á svokallaða sólarsteina sem nýttir voru til að sjá stefnu til sólar í skýjuðu veðri. Þar sem áttavitar voru ekki komnir til sögunnar á tímum víkinganna þurftu þeir að nota sól og stjörnur til að rata. Eins og gefur að skilja gera ský það verkefni heldur erfiðara.

Hefur lengi verið talið að aðferðin hafi byggst á því að silfurberg skauti ljós sem nýja rannsóknin staðfestir.

Papandreú með stuðning ríkisstjórnar sinnar en óvíst um meirihluta á þingi:

Kallaður á fund evruleiðtoga

FRANKLAND, AP Leiðtogar evruríkjanna kölluðu í gær á sinn fund í Cannes í Frakklandi Georg Papandreú, forsætisráðherra Grikklands, til að rekja úr honum garnirnar varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem hann hefur boðað. Leiðtogafundur G20-ríkjanna, tuttugu helstu efnahagsveldi heims, hefst í Cannes í dag.

Talið hefur verið að atkvæðagreiðslan muni snúast um björgunarpakka Evrópusambandsins, en breska dagblaðið Financial Times fullyrta í gær að þjóðar-

atkvæðagreiðslan muni snúast um hvort Grikkland eigi að vera áfram meðal evruríkjanna.

Gríska ríkisstjórnin ákvað í fyrrinótt, eftir sjö klukkustunda langan og erfiðan fund, að standa við bakið á forsætisráðherra, sem hafði boðað til þjóðaratkvæðagreiðslunnar án þess að bera það undir stjórnina.

Þjóðþing Grikklands greiðir á morgun atkvæði um traust til ríkisstjórnarinnar, og ræðst þá hvort stjórnarmeirihlutinn standi eða falli.

- gb, bj



ÖVÆNT ÁKVÖRDUN Öll spjót standa nú á Georg Papandreú, forsætisráðherra Grikklands, vegna fyrirhugaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu. NORDICPHOTOS/AFP

Sjúkrahús í Eyjum háð söfnun Bjarna

Áttæður Eyjapeyi hefur staðið fyrir söfnun til kaupa á tækjum fyrir Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja. Dvöl á Grensás kveikjan. Hefur keypt tæki fyrir um 170 milljónir króna. Skiptir öllu máli fyrir stofnunina, segir framkvæmdastjórinn.

GÓÐGERÐAMÁL „Þetta var síðasta gjöfin, enda er ég að verða áttæður,“ segir Bjarni Sighvatsson, fyrrverandi skipstjóri og útgerðarmaður, sem gaf Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum nýtt ómtæki í byrjun vikunnar.

Bjarni hefur verið í forsvari fyrir hópi fólks sem gefið hefur stofnuninni tæki og tól fyrir hátt í 200 milljónir króna síðustu tíu ár.

„Ég var einn af þeim fyrstu sem lentu á Grensásdeildinni þegar brotnaði hjá mér axlarliðurinn. Þá sá ég rosalega mikið af illa leiknu fólki,“ segir Bjarni spurður út í gjafirnar. „Mér er sérstaklega minnisstæður einn ungur maður frá Akranesi. Hann hafði komið til Reykjavíkur að kaupa bíl en á leiðinni upp á Skaga lenti hann í bílslysi og lamaðist. Hann grét svo mikið á kvöldin – hjúkkurnar reyndu að vefja hann inn í teppi og hugga. Þetta tók svo á mig enda var þetta ungur maður sem er enn bundinn í hjólastól.“

Saga unga piltsins af Skaganum varð til þess að Bjarni fór að velja því fyrir sér hvernig hann gæti stutt við bakið á Heilbrigðisstofnuninni í Eyjum. Hann leitaði því á náðir góðra vina. „Ég á svo marga góða vini og kunningja sem hafa stutt svona vel við bakið á mér,“ segir Bjarni.

Skipstjórinn fyrrverandi segist ekki muna öll þau tæki og tól sem hann hefur safnað fyrir. Þar má þó nefna 30 sjúkrarúm, röntgentæki og ljós á skurðstofuna, svo fátt eitt sé nefnt. Þá gaf hann skáp sem notaður er til að blanda saman lyfjum fyrir krabbameinsmeðferðir.



GJAFMILDI EYJAPEYINN „Þetta hefur ábyggilega sparað fólki fleiri milljónir að þurfa ekki að fara suður,“ segir Bjarni sem sjálfur er uppallinn Eyjamaður. Hann hefur búið þar alla tíð og fer sjaldan til lands. „Enda voða lítið að sækja þangað,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

„Ef þessar gjafir hefðu ekki komið til værum við ekki sjúkrahús heldur elliheimili.“

GUNNAR K. GUNNARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI HEILBRIGÐISSTOFNUNAR VESTMANNAEYJA

„Heilbrigðisyriföld ætluðu nú ekki að leyfa okkur að gefa skápinn en það hafðist með þrjúskunn,“ segir Eyjapeyinn.

Gjafirnar skipta stofnunina miklu. „Þetta skiptir í raun öllu

máli fyrir stofnunina. Við fáum um eina milljón króna á ári á fjárlögum til tækjakaupa. Það dugir kannski fyrir einni eða tveimur tölum. Við erum hins vegar með tæki fyrir nokkur hundruð milljónir króna og þyrftum 30 milljónir á ári til að halda þeim við,“ segir Gunnar K. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja.

„Ef þessar gjafir hefðu ekki komið til værum við ekki sjúkrahús heldur elliheimili. Þessi tæki skipta öllu í heilbrigðisþjónustu við Vestmannaeyinga.“

kristjan@frettabladid.is

Ósáttur við nýjan reiðstífg:

Pverar veginn

VESTFIRDIR Húseigandi í Engidal í Skutulsfirði hefur sent bæjar-yriföldum í Ísafjarðarbæ bréf þar sem hann mótmælir fyrirhuguðum framkvæmdum við reiðveg Hestamannafélagsins Hendingar í dalnum. Þetta kemur fram á vef Bæjarins besta.

Eigandinn segir stíginn fara inn á innkeyrslu sína auk þess sem hann sé teiknaður inn á leigulöð eignar hans. Þá sé vegurinn þverður yfir ræktuð tún í eigu bæjarins sem hann hafi haft umsjá með í nokkur ár og því ekki rétt að ráðstafa þeim án samráðs. Málinu hefur verið vísað til umhverfisnefndar.

- kh

Lögfræðingar ætla að áfrýja:

Assange tapar framsalsmáli

BRETLAND Lögfræðingar Julian Assange, stofnanda lekafrýrtækisins Wikileaks, ætla að áfrýja úrskurði yfir-dómstóls í London til hæstaréttar Bretlands.

Dómstóllinn hafnaði því að framsal Assange til Svíþjóðar vegna tveggja nauðg-unarmála væri bæði ósanngjarnt og ólöglegt. Assange neitar sök og segir málið sprottið af pólitískum rötum. Verið sé að koma höggi á Wikileaks, sem stundar það að ljósra upp um leyndarmál valdhafa víða um heim.

Lögfræðingar Assange ætla jafnframt að mótmæla því, að hann verði látinn greiða málskostnað upp á nítján þúsund pund, jafnvirði 3,5 milljóna króna.



JULIAN ASSANGE

- gb

Danir veittu heimild:

CIA-flug yfir Grænlandi rannsakað

GRÆNLAND Eftir mikinn þrýsting frá heimastjórninni á Grænlandi hefur nú, með samþykki danskra yfirvalda, verið hafin rannsókn á því hvort flugfélagar á vegum CIA, bandarísku leyniþjónustunnar hafi flogið yfir Grænland í sambandi við leynilega fangaflutninga. Rannsaka á jafnframt hvort dönsk yfirvöld hafi gefið leyfi til þess.

Rannsókninni á að vera lokið í maí á næsta ári. Formaður heima-stjórnarinnar, Kuupik Kleist, er ánægður með að mögulegur þáttur danskra yfirvalda í fluginu verði rannsakaður.

Áhugi Grænlandinga á málinu vaknaði vegna afhjúpana Wikileaks.

- ibs

Fyrir þinn innri mann

Dagleg neysla ab-drykkjar stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.



HVITA HÚSDIÐ SÍA - 09-3846

Starfsmenn verslunar óttuðust um öryggi sitt vegna skrísláta ungmenna:

Neyddust til að nota árásarhnapp

LÖGREGLUMÁL Starfsmenn í verslun Samkaupa á Sel-fossi óttuðust um eigið öryggi vegna skrísláta ungmenna í versluninni á sunnudagskvöld og notuðu árásarhnapp til að kalla til lögreglu.

„Það voru gríðarleg læti á sunnudagskvöldið og starfsstúlkurnar voru orðnar hræddar og pirraðar,“ segir Ragnhildur Vilhjálmstöttir verslunarstjóri. Hún segir unglíngana hafa barið í afgreiðsluborðin, rífið kjaft við starfsfólkið auk þess sem stolið hafi verið úr versluninni.

„Það þýðir ekkert að hringja í lögregluna og biðja hana að skakka leikinn, þeir segjast ekki hafa mannskap til að koma,“ segir Ragnhildur. Starfsmennirnir hafi því neyðst til að nota árásarhnapp sem aðeins eigi að nota sé ráðist á starfsmennina.

Unglingar hafa lengi safnast í anddyri verslunarinnar á kvöldin, en hafa yfirleitt verið til friðs, segir Ragnhildur. Undanfarið hafi hins vegar ófremdarastand ríkt. Eftir atburði helgarinnar verður öryggisvörður fenginn til starfa í versluninni á ákveðnum tímum dags.

Ragnhildur segir lausnina verða að vera þá að foreldrarnir tali við börnin sín. „Það er okkar, foreldr-



LÆTI Ólætín og virðingarleysið hjá ungmönnum sem halda til í anddyri Samkaupa hefur aukist mikið síðan kreppan reidi yfir, segir Ragnhildur Vilhjálmstöttir verslunarstjóri (til hægri). MYND/DFS.IS

anna, að sjá til þess að unglíngarnir hagi sér eins og fólk, ekki lögreglu, öryggisvarðar eða mitt sem verslunarstjóra.“

- bj



25% AFSLATTUR

AF ALLRI VÖRU Í BLÓMAVALI
AF ÖLLUM JÓLASERÍUM
AF ÖLLUM ÚTIVISTARFATNAÐI
AF ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM
HJÁ HÚSASMÍÐJUNNI

Konukvöld

Í BLÓMAVALI SKÚTUVOGI
Fimmtudaginn 3. nóv. kl. 19-22

DAGSKRÁ Á KONUKVÖLDI

GÖTUSTEMNING

HREKKJUSVÍN verða með söngatriði úr samnefndu leikriti
SPENNANDI-MC PLANET sýna gestum föt og klossa
LILJA BOUTIQUE kynnir föt af vefverslun sinni
HEILSUBORG líkamræktarstöð kynnir starfsemina
OKTET frá FÓSTBRÆÐRUM taka lagið
PREM ehf. sýnir það nýjasta í hattagerð og fylgihlutum
KÁTIR KRAKKAR með flottan og vandaðan barnafatnað
GERIST sýnir íslenska hönnun á handklæðum
Listakonur frá KIRSUBERJATRÉNU verða á staðnum með vörur

**JÓN PRÖSTUR, ELÍSBET OG ÓMAR, OKKAR FRÁBÆRU
SKREYTIMEISTARAR ERU KOMIN Í JÓLASKAP OG
SÝNA ALLT ÞAÐ NÝJASTA Í SKREYTINGUM**

TÍSKUSÝNING

HÚSASMÍÐJAN sýnir útivistarfátnað frá TRUE NORTH

SNYRTIVÖRUR

Kynning á ilmvatninu AURA BY SWAROVSKI
VAXA kynnir lífrænar snyrtivörur frá WELEDA
HEGGÍS kynnir snyrtivörur frá CRABTREE AND EVELYN
og nýja jólaillminn frá NOËL

SKART

HJÖRDÍS REYKDAL sýnir skartgripahönnun sína
MINK sýnir hálsskart úr rennilásnum

SMAKK OG KYNNINGAR

ÍSLENSK HOLLUSTA kynnir krækiberjasafa og annað góðgæti
ÖLGERÐIN býður upp á AFTER-EIGHT OG MACKINTOSH
NÓI SÍRIUS býður upp á konfekt
SVANDÍS KANDÍS brjóssykurgerð býður að smakka
ROLF JOHANSEN verður með vínkynningu og kynningu á vítamínvatni
HEILSA býður gestum upp á socialdrykkinn AMÉ



Súpa
**FRÍTT FYRIR KONUR
MILLI KL.18-19**

KONUR MÆTIÐ SNEMMA
OG GÆÐIÐ YKKUR Á
SÚPU Í BOÐI BLÓMAVALS



**SVANHILDUR
ÞÓRSTEINSDÓTTIR**
(Svansí) útvarpskona á
Bylgjunni er kynnir
á Konukvöldi



HELGI BJÖRNSSON
tekur lagið af sinni
einstöku snilld



**GLÆSILEGIR
VINNINGAR**

Dregnir verða út fjöldi
vinninga m.a. hálsmen
frá SWAROVSKI
að verðmæti 30.000



blómaval
heillandi heimur

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	114,75 115,29
Sterlingspund	183,64 184,54
Evra	158,05 158,93
Dönsk króna	21,237 21,361
Norsk króna	20,33 20,45
Sænsk króna	17,388 17,490
Japanskt jen	1,4700 1,4786

SDR	180,69	181,77
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR	213,445	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Tollstjóri um mikilvægi áframhaldandi samstarfs tollsins við lögreglu:

Samvinna lykill að lausn úraránsins

LÖGGÆSLA Náíð samstarf tollgæslu og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, í samræmi við samning frá árinu 2008, hefur skilað miklum árangri, nú síðast við að upplýsa ránið í úraverslun Franks Michelsen. Þetta kemur fram í frétt á vef Tollstjóra.

Samningurinn sem um ræðir tók til samstarfs við rannsókn fíkniefnamála en einnig til samnýtingar mannafla og þekkingar.

Tollgæslan tekur Michelsen-ránið sem dæmi, en þar hafði sá sem nú er í haldi lögreglu, vakið athygli tollgæslu við komuna til landsins.

Ekkert fannst í bíl hans þá, en ráða mátti af viðbrögðum fíkniefnahunda að eiturlyf hafi áður verið í bílnum. Því var lögreglu gert viðvart og ákveðið að fylgjast sérstaklega með honum þegar hann færi aftur úr landi.

Þegar að því kom, fannst ránsfengurinn eftir leit með tækjabúnaði tollgæslunnar, vandlega falinn, og þær upplýsingar sem fengust áttu því talsverðan þátt í að lögreglunni tókst að upplýsa ránið.

Því er talið mikilvægt að samvinna lögreglu og tollgæslu verði nýtt sem best í framhaldinu. - þj



TÆKJABÚNAÐUR TOLLSINS Gegnumlýsingarbúnaður sem þessi er meðal þess sem tollgæslan getur lagt til í samstarfi við lögreglu við að upplýsa glæpi.

MYND/TOLLGÆSLAN

Boðuðu verkfalli Sinfó frestað:

Skrifað undir nýjan samning

KJARAMÁL Boðuðu verkfalli hljómsveitarmeðlima Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands hefur verið frestað eftir að samningar tókust með samingsaðilum í gær.

Samninganefnd Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitarinnar og samninganefnd ríkisins skrifuðu undir kjarasamninginn á átunda tímanum í gærkvöldi.

Á vef hljómsveitarinnar kemur fram að fyrirhugaðir tónleikar í kvöld og annað kvöld verði haldnir. Uppselt er á tónleikana í kvöld en enn lausir miðar annað kvöld. - þj

Gríðarhá boð í Þverá/Kjarrá: Óstofnað félag ætlar að borga 558 milljónir

VIÐSKIPTI Óstofnað félag Ingólfs Ásgeirssonar og Davíðs Mátssonar bauð hæst í veiðiréttindi í Þverá/Kjarrá í útboði landeigendanna, 111,7 milljónir króna á ári í fimm ár. Samtals gera þetta ríflega 558 milljónir króna á leigutímabilinu sem hefst árið 2013.

Að auki felur tilboðið í sér að leigutakinn greiðir kostnað vegna netaleigu í Hvítá, viðhald og veiðivörslu.

Lax-á ehf. átti síðan 111,2 milljóna króna boð. Óstofnað félag Sigurðar Þóroddssonar og Vesturdalsá buðu 100 milljónir hvor aðili. Þá bauð Hreggnasi 92,6 milljónir. Stangaveiðifélag Reykjavíkur bauð rúmar 88 milljónir og Tails bauð 88 milljónir. Veitt er á fjórtán stangir í Þverá/Kjarrá. - gar

Lögreglumaður sakfelldur: Fótbraut mann við eftirför

DÓMSMÁL Varðstjóri í lögreglu höfuðborgarsvæðisins var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær sakfelldur fyrir að aka á mann af gáleysi við eftirför með þeim afleiðingum að maðurinn fót-brotnaði.

Varðstjórinn veitti eftirför öikumanni bíls sem sinni ekki stöðvunarskyldu. Bíllinn var síðar stöðvaður, og öikumadurinn steig út úr bílnum í þann mund sem lögreglubíllinn keyrði að hlið hans með þeim afleiðingum að maðurinn varð fyrir bílnum.

Lögreglumaðurinn þarf að greiða 150 þúsund króna sekt, auk ríflega 400 þúsund króna í málsvarnarlaun og sakarkostnað. - bj

Kvað lyfin flest í eigu draughræddrar konu

Júlíus Þorbergsson neitar því að hafa selt lyfseðilsskyld lyf í Draumnum við Rauðarárstíg. Þau hafi hann geymt fyrir kunningjakonu. Hann viðurkennir að hafa selt munn- og neftóbak og segir lögreglumenn einkum hafa sótt í það.

DÓMSMÁL Júlíus Þorbergsson kaupmaður, betur þekktur sem Júlí í Draumnum, kvaðst fyrir dómi í gær aldrei hafa selt lyfseðilsskyld lyf úr verslun sinni við Rauðarárstíg.

Lögreglan handtók Júlíus í fyrrasumar og lokaði Draumnum. Í versluninni og á tveimur öðrum stöðum í höfuðborginni fundust rúmlega þúsund skammtar af lyfseðilsskyldum lyfjum, sem Júlíus var síðan ákærður fyrir að hafa ætlað að selja í verslun sinni.

Þetta segir Júlíus af og frá. Þorra lyfjanna hafi hann haft til geymslu fyrir kunningjakonu sína, sem nú sé látin. „Hún var farin að sjá einhverja drauga sem voru að labba í íbúðinni hjá henni,“ sagði Júlíus. „Hún var búin að fá sér „security“-kerfi og þeir voru farnir að fara fram hjá því – einhverjir ósýnilegir menn.“

Af þessum sökum hafi hún talið nauðsynlegt að losna við lyfin. Hún hafi sent þau til hans í pokum, en hann hafi ekki haft hugmynd um hvað þeir hefðu að geyma.

Sækjandi spurði Júlíus hvers vegna hann hafi ekki snúið sér til lögreglunnar þegar hann fékk í hendur slíkt magn lyfja. „Ef maður er beðinn um að geyma eitthvað þá fer maður ekki með það til lögreglunnar,“ sagði Júlíus.

Tvær konur hafa borið hjá lögreglu að Júlíus hafi selt þeim lyf. Hvorug þeirra kom fyrir réttinn í gær. Júlíus sagðist þekkja aðra þeirra en hann vissi ekki hvað þeim gengi til með að bera á hann þessar sakir. „Það er kannski bara illkvittni,“ stakk hann upp á.



ALDREI NOKKURN TÍMANN Júlíus segist aldrei hafa átt kókaín. Útlendir múrarar hljóti að hafa skilið það eftir á heimili hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Júlíus er jafnframt ákærður fyrir að selja nef- og munntóbak, en hjá honum fundust rétt tæplega 2.000 dósir af slíku tóbaki. Hann gengst við því. „Maður hugsar ekkert út í það,“ sagði hann, spurður hvort hann hefði gert sér grein fyrir því að það væri ólöglegt.

Sveinn Andri Sveinsson, verjandi Júlíusar, spurði hann hverjir hefðu verið helstu kaupendurnir að slíku tóbaki. „Þjónar ríkisins, fyrst og fremst,“ svaraði Júlíus. Innur eftir því hverjir það væru sagðist hann eiga við lögreglumenn.

Á heimili Júlíusar fannst 21 gramm af kókaíni sem honum er gert að sök að hafa ætlað að selja. „Ég hef aldrei átt kókaín – aldrei

nokkurn tímann,“ staðhæfði Júlíus, og gat sér þess til að erlendir múrarar, sem hefðu dvalist í húsinu um skeið, hlytu að hafa skilið það eftir.

Að síðustu er Júlíus ákærður fyrir peningapvætti. Í fórum hans fannst jafnvirði á elleftu milljónar króna sem ákærvaldið telur ávinning af ólöglegri starfsemi og vill gera upptækt.

Júlíus sagði féð hafa verið geymt í rykfallinni tösku undir rúmi og hefði verið þar árum saman. Það væri afrakstur lögmætrar vinnu hans til áratuga.

Aðalmeðferðinni verður fram haldið þegar næst í nauðsynleg vitni.

stigur@frettabladid.is

Hjálparsevit á Þróskuldum: Festi jeppling á á ófærum vegi

SAMGÖNGUR Vegurinn um Þróskulda sem tengir Steingrímsfjörð við Barðastrandasýslu hefur verið lokaður frá því um miðjan dag á sunnudag.

Hjálparsevitin Dagrenning á Hólmavík hefur haft í ýmsu að snúast af þessum sökum. Í fyrrakvöld óskaði öikumadur jepplings aðstoðar. Hann var þá kominn langleiðina suður yfir heiðina en festi bíl sinn í Gautsdal að sögn Sigurðar Árni Vilhhálmssonar, formanns Dagrenningar.

Fært hefur verið um Ennis-háls og þannig suður Strandir. „Hann sagðist ætla út Strandir en ekki hafa áttað sig og farið inn Arnkötludal,“ segir Sigurður um útskýringar öikumannsins á för sinni á lokaða heiðina. - gar

Staðfestir gæsluvarðhald: Sakaður um að ræna konur

DÓMSMÁL Hæstiréttur Íslands staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir karlmanni sem er sakaður um að hafa rænt eldri konu og aðra á miðjum aldri í síðasta mánuði. Skal hann sitja í gæsluvarðhaldi til 24. nóvember.

Maðurinn á að hafa hrifsað veski af eldri konu í miðborg Reykjavíkur og sama dag ráðist á og rænt sjötuga konu í undirgöngum við Smáralind, og var þá ung kona í för með honum. Nokkrum dögum síðar á parið að hafa hrifsað sundtösku af konu sem var að koma úr Sundhöll Reykjavíkur.

Maðurinn er einnig sakaður um fjársvik, gripdeildir, nytjastuld og umferðarlagabrot. - sv

VIÐ ERUM 50 ÁRA
FAGNAÐU MEÐ OKKUR

50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU

3.–5. NÓVEMBER FRÁ KLUKKAN 8:50–21:50

Gleraughnasanal | Laugarvegi 65 | 551 8780 | gleraughnasanal.is

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir
veður-
fréttamaður

VEÐUR VOTT
Það verður blautt á landinu næstu daga, rigning eða skúrir en þó ætti NA-landið að sleppa við vætu að mestu. Vindur gengur niður víðast hvar í dag en svo bætir aftur í vind á laugardag. Hita- stigið er það sem gleður þessa daga, mildir dagar fram undan.

Á MORGUN
Fremur hægur vindur víða um land.

HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	13°
Berlín	11°
Billund	11°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	25°
London	17°
Mallorca	24°
New York	14°
Orlando	26°
Ósló	10°
París	16°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

20 TIL 70%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM Á KONUKVÖLDI

HIÐ EINA SANNA

KÓSÍ KONUKVÖLD Í GARÐHEIMUM

FIMMTUDAGINN 3. NÓVEMBER
FRÁ 19.00 TIL 22.00

FRÍTT INN!



KYNNIR KVÖLDSINS
SIGGI HLÖ

LUKKUPOTTUR



Gisting og kvöldverður fyrir tvo



Gjafabréf frá Feminin Fashion

krínólín

Fatnaður frá Krínólín



Vinkonupakki á Spírunni bistro



Amerískt jólatré frá Garðheimum

GEORG JENSEN

Jólaóróinn 2011 frá Georg Jensen

auk annarra óvæntra vinninga frá Garðheimum og samstarfsaðilum

DAGSKRÁ KVÖLDSINS

Tískusýning á glænýrri vetrarlínu frá *Feminin Fashion*

Ásgeir Sandholt
Norðurlandameistari í súkkulaðigerð sýnir listaverk úr súkkulaði

Sifka gallerí kynnir
skart og töskur úr skinni og roði

Sóley Elíasdóttir
gefur ráð og kynnir lífræn húðkrem úr íslenskum lækningajurtum

Allar konur fá gjafapoka með hinu einstaka Epsom salti

Nýjungar í skartgripagerð
sýnikennsla í föndurhorninu

Íslensk hönnun
Tískusýning frá Krínólín

Blómaskreytar Garðheima
sýna nýjar útfærslur og litasamsetningar fyrir jólin 2011

Hinni kokkur á Spírunni
gerir Smörrebröd og gefur smakk

Léttar veitingar, smakk og tilboð

Nýtt í Garðheimum
gjafavara frá Georg Jensen, Rosentahl, Noonfactory, Merkilegt, Svartfugl, Raven design ofl

Vertu velkomin – við tökum vel á móti þér!



Spíran bistro er opin frá kl. 18:00.
Girnileg salöt, kjúklingasúpan fræga með chili & engifer, svalandi Lindemans ofl.



SAMSTARFSADILAR KONUKVÖLDSINS ERU:





Eru kynþáttafordómar landlægir á Íslandi?

JÁ	64,1%
NEI	35,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með Meistaradeild Evrópu í fótbolta?

Segðu þína skoðun inni á vísir **vísir**

Héraðsdómur fellst á að rifta skuli niðurfellingu persónulegrar ábyrgðar og flutningi skuldar í hlutfélag: Ingvari gert að greiða Kaupþingi 2,6 milljarða

DÓMSMÁL Ingvar Vilhjálmsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Kaupþingi, þarf að greiða þrotabúi bankans 2,6 milljarða króna sem hann fékk að láni til hlutabréfakaupa fyrir hrun.

Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur, sem hefur staðfest tvær riftunar-ákvæðanir slitastjórnar bankans.

Slitastjórn ákvað í vor að rifta þeirri ákvörðun stjórnar gamla bankans að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna af lánnum til hlutabréfakaupa. Sú ákvörðun var tekin rétt fyrir hrun til að skera starfsfólkið úr snörinni vegna yfirvofandi þrots bankans. Alls fengu 80 starfsmenn Kaupþings



INGVAR VILHJÁLMSOHN

Í niðurstöðu dómsins segir að svo virðist sem engar þær eignir hafi verið til í félaginu sem hefðu getað staðið undir greiðslu af

samtals 32 milljarða króna að láni hjá bankanum fyrir hlutabréfakaupum í bankanum sjálfum.

Daginn eftir setningu neyðarlaganna, 7. október 2008, flutti Ingvar skuldina í einkahlutfélag á eigin nafni. Kaupþing rifti einnig þeim gjörningi og fellst héraðsdómur á þá ákvörðun.

láninu. „Af því verður ekki annað ráðið en að skuldaraskiptin hafi verið til málamynda eingöngu gerð í þeim tilgangi að losa stefnda undan persónulegri ábyrgð á lánsamningnum.“

Alls fengu ríflega sextíu starfsmenn Kaupþings lán til hlutabréfakaupa. Eftir ákvörðunina um að rifta niðurfellingu ábyrgðarinnar hefur slitastjórnin samið við ríflega helming þeirra um endurgreiðslur á hluta skuldanna, með fyrirvara um að dómur falli slitastjórninni í hag.

Dómar hafa til þessa verið misvísandi. Mörg stærstu málin hafa hins vegar ratað fyrir dómstóla.

- sh

Svipuð tíðni smits milli ára: Lekandi hjá 23 einstaklingum

HEILBRIGÐISMÁL Á fyrstu níu mánuðum ársins greindust 23 ný tilfelli af lekanda, samkvæmt upplýsingum frá sýklafræðideild Landspítala. Þar af eru sextán karlar og sjö konur frá tvítugu til 66 ára.

Þetta er svipaður fjöldi og árið 2010, en þá greindust átján manns með lekanda.

Fólkið sem greindist var ýmist af íslenskum eða erlendum uppruna.

Einkenni lekanda eru misaleng eftir kyni, um helmingur smitaðra kvenna fær engin einkenni sýkingarinnar, en flestir karlar sem smitast fá einkenni. Lekandi getur valdið ófrjósemi og bakterían getur einnig farið út í blóðið og valdið sýkingum víðar í líkamanum.

- shá

DÓMSTÓLAR

Ákærður fyrir líflátshótanir

Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega þrítugan Hafnfirðing fyrir lífláts- og ofbeldishótanir í garð lögglumanna og fjölskyldna þeirra. Maðurinn ók Toyota-bíl olvaður og undir áhrifum kannabiseftna um bílplan við Hátún í september í fyrra og brást ókvæða við þegar tveir lögglumenn höfðu af honum afskipti.

ALPINGI

Spyr um fé til vísinda

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt fram fyrirspurn á Alþingi um fjárveitingar til vísindarannsókna og nýsköpunar. Vill hún meðal annars upplýsingar frá forsætisráðherra um hversu miklu fé opinberir aðilar verji til málaflökkanna og hvernig fjármunirnir skiptist milli stofnana. Þá vill hún vita hversu háu hlutfalli er úthlutað með samkeppnisferli. Þorgerður spyr einnig um eftirlit með árangri af fjárveitingunum.



PRÓUNARSKÝRSLAN KYNNT Í KAUPMANNAHÖFN Helen Clark, yfirmaður Próunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, Helle Thorning-Schmidt, sem er nýtekin við forsætisráðherraembætti Danmerkur, og Jeni Klugman, aðalhöfundur skýrslunnar í ár. NORDICPHOTOS/AFP

Umhverfishættur ógna lífsskjarapróun

Ísland er í fjórtánda sæti á lífsskjaralista Sameinuðu þjóðanna þetta árið. Í skýrslunni er að þessu sinni horft fram á veginn og tengsl sjálfbærni og lífsskjara skoðuð. Loftslagsbreytingar sagðar geta hamlað frekari framförum.

KAUPMANNAHÖFN „Sjálfbærni er ekki eingöngu og ekki einu sinni aðallega umhverfismál,“ sagði Helen Clark, yfirmaður Próunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, þegar hún kynnti nýjustu próunarskýrslu stofnunarinnar í Kaupmannahöfn í gær.

Þetta árið beindu höfundar skýrslunnar sjónum sínum að sjálfbærni lífsskjara okkar og skoðuðu hvernig ágangni mannkyns gagnvart náttúrunni getur bæði dregið úr möguleikanum á bættum lífsskjörum í framtíðinni og aukið ójafnvæði.

Um sjálfbærni sagði Clark: „Hún snýst í aðalatriðum um það hvernig við kjósum að lifa lífi okkar, í fullri vitund um að allt sem við gerum hefur afleiðingar fyrir þá sjö milljarða manna sem búa hér nú, og enn fremur fyrir þá milljarða sem koma á eftir okkur næstu aldirnar.“

Þróunarskýrslur Sameinuðu þjóðanna hafa nú verið gefnar út árlega í meira en tvo áratugi. Í þeim er ekki eingöngu lagður efnahagslegur mælikvarði á lífsskjör jarðarbúa, heldur eru lífslíkur og menntun tekin með í reikninginn í von um að endurspegla með því betur raunveruleg lífsskjör fólks í löndum jarðar.

Skýrslur þessar sýna að undanfarna fjóra áratugi hafa lífsskjör þeirra ríkja, sem eru í neðsta fjórðungi listans, batnað um heil 82 prósent. Þetta er tvisvar sinnum meiri bati en meðaltal allra ríkja listans.

„Ef hraði framfaranna síðustu 40 ár heldur áfram næstu 40 árin, þá mun yfirgnæfandi meirihluti allra landanna hafa náð því lífsskjarastigi árið 2050 sem jafnast á við eða er betra en þau ríki ein njóta, sem nú eru í efsta fjórðungi lífsskjaralistans,“ segir í skýrslunni.

Þetta verður að teljast ótrúlegur árangur, en í skýrslunni er bent á að umhverfishættur geta hægt verulega á þessari þróun.

Einkum eru það fátækari löndin sem verða fyrir mestu tjóni af völdum þurrka, flóða, loft- og vatnsmengunar og annarra hörmunga sem loftslagsbreytingar geta valdið.

Ísland er í fjórtánda sæti á listanum þetta árið, var í sautjándu sæti í fyrra en hafði árum saman verið í hópi allra efstu ríkjanna á listanum. Ísland er engu að síður enn í hópi þeirra landa sem bestu lífsskjaranna njóta.

Noregur, Ástralía og Holland eru í þremur efstu sætum listans, en nokkru fyrir neðan Ísland eru til dæmis Danmörk, Austurríki, Frakkland og Finnland. Öll tíu neðstu sætin skipa Afríkulönd sunnan Sahara-eyðimerkurinnar.

gudsteinn@frettabladid.is

Tenerife

22. nóvember

Ótrúlegt sértíloð! *****

Frá kr. 139.900 - með „öllu inniföldu“ -

11 eða 28 náttu ferð - síðustu sæti!

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætum til Tenerife þann 22. nóvember. Í boði eru sértíloð m.a. á Villa Adeje Beach íbúðahótelinu með „öllu inniföldu“ auk fleiri valkosta. Í 28 náttu ferðinni er beint flug báðar leiðir en í 11 náttu ferðinni er heimflug í gegnum London Gatwick þar sem gíst er síðustu nóttina. Innifalið er flug báðar leiðir, skattar og gisting. *Athugið að mjög takmörkuð gisting er í boði!*

Frá kr. 139.900. Hotel Villa Adeje *** með „öllu inniföldu“
 Netverð á mann m.v. tvo fullorðna í 11 nætur. Verð í 28 náttu ferðina í tvíþýli kr. 259.900 á mann. Sértíloð 22. nóvember.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
 Akureyri • sími 461 1099
 www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskila sér rétt til leiðréttinga á silku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

20% afsláttur

SKIPHOLTS APÓTEK

Skipholti 50b • 105 Reykjavík

Rannsóknarnefnd kaþólsku kirkjunnar hefur lokið gagnaöflun: Tekur við öllum ábendingum

SAMFÉLAGSMÁL Rannsóknarnefnd sem skoðar viðbrögð og starfshætti kaþólsku kirkjunnar eftir að ásakanir um kynferðisbrot innan hennar komu fram, hefur nú lokið gagnaöflun og er tilbúin til að taka við ábendingum og ræða við alla þá sem telja sig eiga erindi við hana. Þetta kemur fram í tilkynningu frá nefndinni.

Hinn 29. ágúst síðastliðinn skipaði forseti lagadeildar Háskóla Íslands, að beiðni biskups kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, þriggja manna rannsóknarnefnd í tilefni af ásökunum sem upp hafa komið um að vígðir þjónar og aðrir starfsmenn kaþólsku

kirkjunnar hefðu framið kynferðisbrot eða önnur ofbeldisbrot. Hlutverk nefndarinnar er eins og áður sagði að rannsaka viðbrögð og starfshætti kaþólsku kirkjunnar á Íslandi vegna slíkra ásakana og leggja mat á hvort mistök, vanræksla eða visvitandi þöggun eða tilraun til þöggunar hafi átt sér stað eftir að ábendingar um brot komu fram og hver beri ábyrgð á því. Rannsóknin tekur einnig til Landkotsskóla til ársins 2005.

Hægt er að hafa samband við nefndina gegnum netfangið rannsoknkk@gmail.com eða senda bréf til rannsóknarnefndar kaþólsku kirkjunnar í pósthólf nr.



LANDKOTSSKÓLI Nefndin rannsakar starfshætti kaþólsku kirkjunnar og Landkotsskóla til 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

5, 121 Reykjavík, fyrir 1. desember 2011. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

- sv

JÓLABÆKURNAR

KOMNAR Í HAGKAUP

VINSÆLAR BÆKUR Á TILBOÐI

<p>2.790 KR. -3.999 KR.</p>	<p>4.190 KR. -5.999 KR.</p>	<p>4.190 KR. -5.990 KR.</p>	<p>3.999 KR. -5.999 KR.</p>	
<p>2.590 KR. -3.999 KR.</p>	<p>3.840 KR. -5.499 KR.</p>	<p>5.190 KR. -7.999 KR.</p>	<p>4.190 KR. -5.999 KR.</p>	<p>3.350 KR. -4.790 KR.</p>
<p>2.070 KR. -3.199 KR.</p>	<p>2.440 KR. -3.490 KR.</p>	<p>4.190 KR. -5.999 KR.</p>	<p>3.240 KR. -4.990 KR.</p>	<p>2.260 KR. -3.499 KR.</p>

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 6. nóvember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



- 1 Í hverju felst nýjasta sparnaðar- aðgerð Vegagerðarinnar?
- 2 Hvað heitir flugfélag Skúla Mogensen athafnamanns?
- 3 Hvað heitir umboðsmaður Justins Bieber?

SVÖR
Braum.

1. Slökva á öðrum hverjum lífasstaur við Reykjanesbrautina. 2. wow air. 3. Scooter



SORPBRENNSLAN FUNI Spjó díoxíni og öðrum mengandi efnum yfir Skutulsfjörð í mörg ár. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSÁ

Heilsufarsrannsókn jákvæð: Bly mælist ekki yfir mörkum

MENGUN Niðurstöður blýmælinga í hári og nöglum íbúa á Ísafirði, í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri, vegna mengunar frá sorpbrennslum liggja fyrir og voru allar innan þeirra marka sem eðlileg geta talist.

Meginniðurstaða þessarar könnunar er að starfsmenn við brennsluofna eru með vísbendingu um vægt aukid mengunar-álag sem þó er vel innan þeirra marka sem ætla má að valdi heilsutjóni. Engu að síður hvetur söttvarnalæknir til þess að allir sem starfa við brennsluofna noti hlífðarbúnað og öndunargrímur við störf sín.

Bruni á Tálknafirði:

Slapp ómeiddur úr logandi húsi

BRUNI Húsráðandi slapp út ómeiddur, þegar eldur kviknaði í íbúðarhúsi á Tálknafirði í gærkvöldi.

Þegar slökkviliðið kom á vettvang logaði eldur í millivegg í húsinu og var það orðið fullt af reyk.

Slökkvistarf gekk greiðlega en töluvert tjón varð af völdum elds og reyks. Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá rafmagnsofni.

Forstjóri Granda spyr hvort einhverjir hafi hag af ósætti um málefni sjávarútvegs:

Breytingar á skjön við markmið

SJÁVARÚTVEGUR Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda, sagði á aðalfundi LIÚ á dögunum að fyrirleggjandi hugmyndir um breytingar á fiskveiðistjórn séu í hrópandi andstöðu við markmið ríkisstjórnarinnar um að skapa greininni sem best rekstrarskilvirkni. Hann sagði að margt af því sem þegar hefur verið gert leiddi síst af öllu til satta. „Strandveiðar eru eitthvað það alvitlausasta í þessum hugmyndum sem kynntar hafa verið og er þó af nægu að taka,“ sagði Eggert.



EGGERT B. GUÐMUNDSSON

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að skapa skuli greininni bestu rekstrarskilvirkni sem völ er á og treysta þannig rekstrar- grundvöllinn til langs tíma, en jafnframt verði leitað satta um stjórn fiskveiða.

Í erindinu bar Eggert saman meginmarkmið núverandi stjórn-

kerfis fiskveiða við þau markmið sem stjórnvöld hafa sett fram um fiskveiðistjórn. Niðurstaða hans var sú að grunnmarkmið um að vernda fiskistofna, stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda, treysta atvinnu, efla byggð og að skapa sátt á meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar væru samrýmanleg en þar með skildu leiðir.

Eggert velti því upp í erindinu hvort einhverjir hefðu beinlínis hag af því að viðhalda ósætti um málefni sjávarútvegsins.

Aflamet í Bolungarvík:

1.719 tonn af óslægðum fiski

SJÁVARÚTVEGSMÁL Aflamet var slegið í Bolungarvík í nýliðnum mánuði er 1.719 tonnum af óslægðum bolfiski var landað í Bolungarvíkurhöfn, að því er fram kemur á Víkari.is.

Um er að ræða 50 tonnum meiri afla en í september sem einnig var metmánuður.

Línubáturinn Þorlákur ÍS var aflahæstur bolvísku bátanna með 229 tonn í sjö veiðiferðum. Næstaflahæstur var dragnótarbáturinn Stormur SH með 201 tonn í 17 veiðiferðum.

Prestar vilja láta endurskoða starfsemi þjóðkirkjunnar

75 prósent starfandi presta telja þörf á að endurskipuleggja skipulag á starfsemi þjóðkirkjunnar. Helmingur telur upplýsingagjöf um fjármál kirkjunnar ábótavant. Þetta kemur fram í könnun Ríkisendurskoðunar.

ÞJÓÐKIRKJAN Þrír af hverjum fjórum prestum í landinu telja þörf á að einfalda skipulag þjóðkirkjunnar. Fram hafa komið álit um að lög og starfsreglur kirkjunnar séu ógagnsæ, stjórnsýsla ekki viðunandi og endurskoða þurfi allt stjórnkerfi hennar og skipulag. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um Biskupsstofu.



STEINUNN ARNÞRÚÐUR BJÖRNSDÓTTIR

Ríkisendurskoðun gerði rafræna könnun meðal þjónandi presta um viðhorf þeirra til starfsemi Biskupsstofu og fleiri málefna í apríl síðastliðnum. Alls var 134 prestum send könnunin og af þeim svörðu 115 eða 85,8 prósent. Könnunin innihélt 18 spurningar, þar af ein opna þar sem fólki var gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri. Meðal þess sem þar kom fram var að þær ákvarðanir hjá þjóðkirkjunni væru handahófskenndar og að samþykktum kirkjubings væri ekki fylgt eftir.

Jafnframt kom fram sú skoðun að leysa þyrfti biskup undan daglegum rekstri svo hann gæti sinnt betur trúarlegum viðfangsefnum, en meirihluti presta taldi handleiðslu biskups ábótavant. Leiða má líkum að því að umfangsmikil störf biskups á sviði rekstrar komi í veg fyrir nægileg samskipti við presta, segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir hjá Biskupsstofu segir fag-



PRESTAR ÞJÓÐKIRKJUNNAR Um helmingur presta telur upplýsingagjöf um fjármál kirkjunnar ábótavant. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

47% presta segjast ekki hafa greiðan aðgang að upplýsingum um fjármál þjóðkirkjunnar

handleiðslu fyrir presta vera í boði á vegum fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

Tæpur helmingur presta, eða 47 prósent, var mjög eða frekar ósammála þeirri fullyrðingu að

hafa greiðan aðgang að upplýsingum um fjármál þjóðkirkjunnar. Var 31 prósent svarenda mjög eða frekar sammála fullyrðingunni.

Steinunn Arnþrúður segir öll fjármál fara til endurskoðunar hjá ríkinu og úthlutanir úr sjóðum koma alltaf fram á vefnum. „Yfirlit yfir fjármál er líka lagt fram fyrir kirkjubing, en það er sjálfsagt að skoða þetta,“ segir hún.

Enn fremur voru prestarnir beðnir að taka afstöðu til eftir-

farandi fullyrðingar: „Ég fæ þær upplýsingar frá biskupi og starfsmönnum á Biskupsstofu sem ég þarf á að halda til að geta sinnt starfi mínu vel.“ Voru 42 prósent svarenda mjög eða frekar sammála fullyrðingunni en 37 prósent mjög eða frekar ósammála. Í opnu spurningunni kom fram gagnrýni á að formlegum, skriflegum erindum væri ekki svarað frá Biskupsstofu eða þeim svarað seint og um síðir og athugasemdum úr héraði væri ekki sinnt.

sunna@frettabladid.is

www.heilaheill.is

Laugardagsfundur HEILAHEILLA verður á Litla sviðinu í Borgarleikhúsinu 5. nóvember n.k. kl. 11:00-13:00.

Sérstakir gestir verða Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi borgarstjóri og utanríkisráðherra og Guðrún Karlsdóttir, endurhæfingarlæknir á Grensásdeild.



Ingibjörg Sólrún

Dagskrá:

- Þórir Steingrímsson formaður gefur skýrslu um starfið og á dagskrá verður flutt:
- Edda Þórarinsdóttir, leikkona,
- Hjalti Már Þórisson, röntgenlæknir á Landspítala
- Hjalti Rögnvaldsson, leikari,
- Þórunn Lárusdóttir, leikkona og söngkona
- Snorri Petersen, viðskiptafræðingur/gítarleikari
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi borgarstjóri og utanríkisráðherra
- Guðrún Karlsdóttir, endurhæfingarlæknir á Grensásdeild
- Önnur mál – Fólkið fær sér kaffi og ræðir saman



Tyrkneskur seljandi hnetufarms stefnir danska landbúnaðarráðuneytinu:

Málaferli vegna dauðrar rottu

DANMÖRK Þegar danska matvælaeftirlitið fékk tilkynningu frá fyrirtækinu Flex Pack, sem selur Nupo megrunarduftið, í apríl síðastliðnum um að fundist hefði dauð rottu í gámi með heslihnetafrá Tyrklandi ákvað eftirlitið að farminum, 24 tonnum, yrði eytt. Litið var svo á að hneturnar væru mengaðar af úrgangi frá rottum og þess vegna gætu þær verið heilsuspillandi. Þær væru ekki hæfar til neyslu.

Talsmenn fyrirtækisins Flex Pack kváðust ekki vera eigendur farmsins, sem var metinn á jafngildi rúmlega 17 milljóna íslenskra króna, þar sem gámurinn væri enn í friðhöfninni í Kaupmannahöfn. Um væri að ræða eins konar einskis manns land. Lögmaður fyrirtækisins taldi fyrirtækið hafa rétt til þess að skila hnetunum.

Seljandinn í Tyrklandi vildi fá hneturnar endursendar og krafðist bóta af Flex Pack léti það eyða þeim. Hann hefur höfðað mál gegn danska landbúnaðar- og matvælaráðuneytinu, að því er segir á vef 24 stunda í Danmörku. Þar er þess getið að Yildirim Yilmaz, forstjóri tyrkneska hnetufyrirtækisins Poyraz Poyraz, sé æfur. Hann vill fá hneturnar sínar aftur og kveðst vilja láta tyrkneska



ÓVELKOMINN GESTUR Dauða rottan fannst í matvælagámi.

matvælaeftirlitið rannsaka farminn. Því er jafnframt lofað að hneturnar verði ekki aftur sendar til Evrópusambandsríkis.

- ibs



AF HVERJU AÐ BÍÐA?

Langar þig ekki innst inni að klára jólastússið í nóvember? Langaði þig það ekki líka í fyrra?

Byrjaðu bara strax í dag og slappaðu af í desember með þeim sem þér þykir vænt um.



Ný ríkisstjórn Danmerkur skipar nefnd vegna stuðnings við stjórnmalaflokka:

Skóða peningastreymi til flokka

DANMÖRK Danir eiga nú að fá að vita meira um hvaðan féð til stjórnmalaflokkanna kemur. Ríkisstjórn Helle Thorning-Schmidt ætlar að skipa nefnd sérfræðinga sem eiga að skoða vel og vandlega reglurnar um fjárstuðning við stjórnmalaflokka.

Dönsku reglurnar verða bornar saman við reglur sem gilda í þeim löndum sem Danir eru vanir að bera sig saman við.

Sérfræðingarnir eiga að koma með bein tilmæli um hvernig tryggja megi gegnsæið.

Jyllands-Posten greindi í fyrra



HELLE THORNING-SCHMIDT

frá því hvernig stjórnmalaflokkarnir afla fjár, hversu auðvelt er að sniðganga gildandi reglur og hversu algengt er að það sé gert.

Á vef Jyllands-Posten er greint frá því að flokkarnir stofni svokölluð styrktarfélög til þess að sniðganga regluna um að gefa upp nöfn þeirra

sem veita hærri styrki en 20 þúsund danskar krónur. Ekki er gerð krafa um að gefið sé upp hverjir styrkja flokkana um upphæðir undir 20 þúsund krónum.

Með stofnun félaganna er hægt að fela nöfn upphaflegu gefendanna. Einnig er greint frá því að margir stjórnmalamenn taki við stórum styrkjum í kosningasjóði í kjördæmunum sem almenningur hefur almennt ekki aðgang að.

Evrópuráðið hefur ítrekað hvatt Dani til þess að auka gegnsæið varðandi styrkveitingar til stjórnmalaflokkanna.

- ibs

Betra væri að lækka gjöld: BSRB varar við neyslusköttum

SAMFÉLAGSMÁL Betra væri að lækka gjöld á hollari mat en að hækka gjöld á óhollan mat. Þetta segir Hilmar Ögmundsson, hagfræðingur BSRB.

Rætt hefur verið um að setja svokallaða sykur- eða neysluskatta til að stýra vali neytenda.

Í frétt á heimasíðu bandalagsins segir Hilmar að slíkir skattar muni alltaf hafa áhrif á vísitöluna, sem muni á endanum leiða til hækunar verðlags. BSRB varir því við innleiðslu hvers kyns neysluskatta.

- þeb



MINNAST SEINNI HEIMSTYRJALDAR Rússneskir hermenn, klæddir í búninga frá dögum seinni heimsstyrjaldarinnar, æfa sig á Rauða torginu í Moskvu fyrir hátíðahöld um helgina. NORDICPHOTOS/AFP



Á LOÐNU Enginn friður er til loðnuveiða sökum brælu og haffiss. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Haffis á Grænlandssundi: Bræla hamlar loðnuveiðum

SIÁVARÚTVEGUR Loðnuveiðar hafa legið niðri undanfarna daga vegna mjög erfiðs tíðarfars og haffiss á Grænlandssundi, segir á heimasíðu HB Granda. Svo virðist sem stóra loðnan haldi sig á þessum slóðum en lítið hefur orðið vart við annað en smáloðnu á hafsvæðinu úti fyrir Norðurlandi.

Að sögn Vilhjálmssonar Vilhjálmssonar, deildarstjóra uppsjávarsviðs HB Granda, hefur verið svo til látlaus norðan- og norðaustanbræla í Grænlandssundi.

- shá

LÖGREGLUMÁL

Ofsaakstur á bifhjólum

Karlamður á Þritugsaldri var staðinn að hraðakstri á Reykjanesbraut í Garðabæ snemma í gærmorgun. Maðurinn ók bifhjól sem mældist á tæplega 150 km hraða. Fyrir brotið á hann yfir höfði sér tveggja mánaða ökuleyfissviptingu og sekt upp á 140 þúsund krónur.

Seðlabankinn hækkar vexti

Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur ákveðið að hækka vexti bankans um 0,25 prósentustig. Aðilar vinnumarkaðarins harma hækkunina. Þá er ný hagspá bankans talsvert jákvæðari en sú síðasta.

EFNAHAGSMÁL Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti í gær að hún hefði ákveðið að hækka vexti bankans um 0,25 prósentustig. Stýrivextir bankans eru eftir hækkunina 4,75 prósent.

Í yfirlýsingu nefndarinnar segir að sé horft lengra fram á veginn en til nokkurra mánaða komi í ljós að nauðsynlegt sé að draga úr núverandi slaka peningastefnunnar eftir því sem efnahagsbatanum vindur fram. Að hve miklu leyti sú aðlögun eigi sér stað með hærri nafnvöxtum fari hins vegar eftir framvindu verðbólgunnar og sé nokkurri óvissu háð.

Seðlabankinn kynnti einnig nýja hagspá í gær. Telur bankinn að verðbólguhorfur hafi batnað nokkuð frá spá sinni í ágúst. Verðbólga á þriðja ársfjórðungi reyndist vera 5,3 prósent en í ágúst spáði bankinn 5,6 prósent verðbólgu á tímabilinu. Telur hann að rekja megi hagstæðari þróun til meiri lækkana á verði hrávöru og bensíni en spár gerðu ráð fyrir og þess að gengi krónunnar hafi verið sterkara en búist var við.

Seðlabankinn gerir þó áfram ráð fyrir aukinni verðbólgu og telur að hún verði um 6 prósent á fyrsta ársfjórðungi næsta árs en fari svo að lækka. Spáir hann að verðbólga verði komin í um 3 prósent á seinni hluta næsta árs og að 2,5 prósent verðbólgu markmið bankans náist árið 2013.

Hagvaxtarspá Seðlabankans hefur einnig breyst frá því í ágúst. Spáir bankinn nú nokkuð þróttmeiri hagvexti en áður. Gerir hann ráð fyrir því að íslenska hagkerfið vaxi um 3,1 prósent á þessu ári en spáði 2,8 prósent hagvexti í ágúst. Þá spáir bankinn 2,3 prósent hagvexti á næsta ári í stað 1,6 prósent vaxtar áður. Telur bankinn að helstu aflvakar hagvaxtar á næstu árum verði einkaneysla og fjárfestingar.

magnusl@frettabladid.is



PÓRARINN G. PÉTURSSON AÐALHAGFRÆÐINGUR OG **MÁR GUÐMUNDSSON** SEÐLABANKASTJÓRI Seðlabankinn er nokkuð bjartsýnni á horfur í hagkerfinu í nýrri hagspá en í hagspá sinni frá því í ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vextir á leið upp en getu hafa stöðvast

Við vaxtaákvörðun sína í júní boðaði peningastefnunefnd Seðlabankans fyrst að vaxtahækkunir gætu verið í vændum. Hún kaus þó að halda vöxtum óbreyttum eins og hún hafði þá gert frá því í febrúar þegar vaxtahækkunarhrinu lauk. Í ágúst reið nefndin svo á vaðið og hækkaði vexti um 0,25 prósentustig. Þá gaf hún sterkega til kynna að frekari hækkana væri að vænta. Hún kom því mörgum á óvart með því að halda vöxtum óbreyttum í september og bjuggust

greiningardeildir Arion banka og Íslandsbanka við áframhaldandi óbreyttum vöxtum í gær.

Í yfirlýsingu nefndarinnar kemur fram að óbreytt vaxtastig kunni að vera við hæfi næstu mánuði sé horft til efnahagshorfna, áframhaldandi styrkingar gengis krónunnar og hugsanlega óhagstæðrar alþjóðlegrar efnahagsþróunar. Fram kom í Morgunkorni greiningardeilda Íslandsbanka í gær að deildin telur þetta benda til þess að vöxtum verði haldið óbreyttum við næstu vaxtaákvörðunir.

Hádegisfundur: Föstudaginn 4. nóvember frá kl. 12 til 13 í Norræna húsinu

Þróunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna 2011

Sustainability & Equity: A better future for all

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, í samvinnu við utanríkisráðuneytið og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, kynnrir Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna 2011.

Khalid Malik, framkvæmdastjóri þróunarskýrslusviðs Sameinuðu þjóðanna, kynnrir skýrsluna.

Þróunarskýrslur síðustu ára sýna að hægt og bitandi hafa lífskjör farið batnandi nær allsstaðar í heiminum. Í skýrslu ársins 2011 kemur fram að fáir núverandi þróun í umhverfismálum og félagslegur ójöfnuður að viðgangast eru miklar líkur á að þessum árangri verði teft í tvísýnu.

Á fundinum verður enskri samantekt skýrslunnar dreift ókeypis – Allir velkomnir.



ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRIKI



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



GYLFI ARNBJÖRNSSON



FINNUR ODDSSON

Mikil vonbrigði

Aðilar vinnumarkaðarins og talsmenn atvinnulífsins brugðust illa við vaxtahækkuninni í gær. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði ákvörðun peningastefnunefndarinnar óskiljanlega og furðaði sig á því að hún teldi sig þurfa að slá á þenslu lágmarki og hagspár sýni óveðursský hrannast upp. Þá sagði Gylfi vaxtahækkunina vinna gegn efnahagsbata hagkerfisins.

Samtök atvinnulífsins lýstu yfir vonbrigðum með ákvörðunina. Í tilkynningu sagði að hún væri til þess fallin að draga úr og seinka þeim efnahagsbata sem nauðsynlegur sé til að minnka atvinnuleysi.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, segir að svo virðist sem vaxtahækkun við núverandi aðstæður sé fyrst og fremst táknræn, til að minna á að Seðlabankinn hafi ekki gleymt því hlutverki sínu að sporna við verðbólgu. Bankinn taki trúverðugleika peningastefnunnar fram yfir nauðsyn þess að koma til móts við mótdrægt umhverfi heimila og atvinnulífs.

netto

Kræsingar & kostakjör

BLÁSKEL FRÁ HRÍSEY

40%
afsláttur

779 kr/kg

áður 1.298 kr/kg

SEIÐANDI KRÆKLINGASÚPA

HANGIFRAMPARTUR
SAGAÐUR

30%
afsláttur

1.749 kr/kg

áður 2.498 kr/kg

KEA

LAMBAHAMBORGAR-
HRYGGUR

40%
afsláttur

1.199 kr/kg

áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

KALKÚNASTEIK
REYKT FULLELDUÐ

30%
afsláttur

1.889 kr/kg

áður 2.698 kr/kg

BYGGJ

SMÁRÉTTA BLINIS
16 STK. 135 G

40%
afsláttur

239 kr/pk.

áður 397 kr/pk.

Ópalsvarting

REYKTUR LAX
½ FLAK

40%
afsláttur

1.799 kr/kg

áður 2.998 kr/kg

Ópalsvarting

GRAFLAX
½ FLAK

40%
afsláttur

1.799 kr/kg

áður 2.998 kr/kg

Ópalsvarting

HUMAR
1 KG SKELBROT

1.998 kr/stk.

Tilboðsverð!

HUMAR
1 KG SKELFLETTUR

40%
afsláttur

2.998 kr/kg

áður 4.980 kr/kg

BAQUETTE
BÁKAÐ Á STAÐNUM
440 G

50%
afsláttur

199 kr/stk.

áður 398 kr/stk

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda 3. - 6. nóv.

eða meðan birgðir endast

Samningar tókust milli sveitarfélaga á Suðurlandi og Sólheima í Grímsnesi eftir tíu mánaða viðræður:

Framkvæmdastjórinn sáttur við samninginn

SAMFÉLAGSMÁL Tíu mánaða löngum viðræðum milli Sólheima í Grímsnesi og sveitarfélaganna á Suðurlandi lauk í fyrradag með undirritun þjónustusamnings til þriggja ára.

Samningurinn var undirritaður í húsakynnum ríkissáttasemjara. Sólheimar, sem sinna fólki með þroskahömlun, hafa verið án samnings frá því um síðustu áramót, allt frá því að sveitarfélögin tóku við málefnum fatlaðra.

Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 að ferlið hefði verið langt. „Þannig að það er þess meiri léttir að það sé búið að skrifa undir samning. Reyndar á bæði fulltrúaráð Sólheima eftir að fá samninginn til umfjöllunar og bakland Árborgar.“

Spurður hvað hafi orðið til þess að samningar náðust nú segir Guðmundur Ármann að forsvarsmenn Árborgar hafi sýnt mikil heilindi og málið hafi verið leitt vel af hendi ríkissáttasemjara. „Svo hefur líka tekið drjúgan tíma að fá gögn sem voru málinu nauðsynleg þannig að hægt væri að klára

þetta. Þetta hefur jafnt og þétt verið að færast nær endamarkinu og menn náðu að setja stafina sína undir í fyrradag og það var góð tilfinning.“

Guðmundur vill ekki greina frá efni samningsins fyrr en hann fer fyrir fulltrúaráð Sólheima og stjórn þjónustusvæðis um málefni fatlaðra á Suðurlandi.

„Ég vona auðvitað að hann verði staðfestur og það verði hægt að horfa meira til framtíðar en fortíðar.“ Spurður hvort hann sé ánægður með samninginn segir Guðmundur Ármann: „Já, já. Við



SÓLHEIMAR Í GRÍMSNESI Ekki verður strax greint frá efni samningsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

hefðum ekki gert þetta öðruvísi en að við værum ógurlega sáttir. Ég held að þetta sé ásætlanlegt fyrir báða aðila.“

- hh



PÍLAGRÍMARNIR Í MEKKA Pílagrímaferðir ársins eru að ná hámarki. Hundruð þúsunda eru komin til hinnar helgu borgar Mekka í Sádi-Arabíu.

NORDICPHOTOS/AFP



LISTAMENNIRNIR Eggert Pétursson og Þórarinn Eldjárn eru listamennirnir bak við jólakort Barnaheilla – Save the Children í ár.

MYND/BARNAHEILL

Listamenn hjálpa Barnaheill:

Gefa vinnu sína við jólakortin

SAMFÉLAGSMÁL Eggert Pétursson listmálari og Þórarinn Eldjárn, ljóðskáld og rithöfundur, gengu til liðs við Barnaheill – Save the Children á Íslandi við gerð jólakorts samtakanna í ár.

Á kortinu verður mynd af málverkinu Án titils, sem Eggert málaði sérstaklega fyrir samtökin og í kortinu verður prentað ljóð Þórarins Eldjárns, Skamm skamm skammdegi, sem hann samdi sérstaklega við málverkið.

Báðir listamennirnir gefa vinnu sína en ágóði af sölu kortanna rennur til starfs Barnaheilla. Í tilkynningu frá samtökunum segir að sala jólakorta sé mjög mikilvæg fjáröflunarleið fyrir samtökin.

- sv

Talsvert um svarta atvinnu

Um 12 prósent starfsmanna hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum eru í svartri vinnu. Þetta er niðurstaða stórrar rannsóknar sem ASÍ, SA og Ríkisskattstjóri stóðu fyrir í sumar. Ástandið verra en búist var við.

VINNUMARKAÐUR Svört atvinnustarfsemi er umtalsvert hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi. Um 12 prósent starfsmanna hjá slíkum fyrirtækjum eru í svartri vinnu og benda útreikningar til þess að glötuð verðmæti vegna undanskota nemi tæpum 14 milljörðum króna á ári.

Þetta er meðal niðurstaða í samstarfsverkefni Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Ríkisskattstjóra gegn svartri atvinnustarfsemi. Sem liður í verkefninu voru rúmlega 2.000 fyrirtæki heimsótt í sumar og staða starfsmanna þeirra yfirfarin. Opinber gjöld rúmlega 400 fyrirtækja verða endurákvörðuð í kjölfar verkefnisins.

„Það verður að segjast að þetta er töluvert verra en við töldum. Það eru mikil vonbrigði að þurfa að horfast í augu við þá staðreynd að það sé jafn hátt hlutfall á duldu launum og raun ber vitni,“ sagði Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri á blaðamannafundi í gær.

Einhvers konar brotalamir fundust hjá 55 prósentum þeirra fyrirtækja sem heimsótt voru. Í flestum tilfellum var í kjölfarið leiðbeinandi tilmælum beint til fyrirtækjanna en í 417 tilvikum var lagst í rannsókn.

Glötuð verðmæti vegna undanskota hjá fyrirtækjunum eru metin 13,8 milljarðar og munar þar mestu um vangreidda skatta og lífeyrissjóðsiðgjöld sem skila sér ekki.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir þetta umfang jafngilda tveimur prósentustigum af tekjuskatti. Landsmenn allir séu því af þessum sökum að bera þyngri byrðar en ella þar sem skattprósentunni sé haldið hærrí sem þessu nemur. Þá benti Gylfi á að líklegt hefðu komið upp þar sem einstaklingar í svartri vinnu væru á sama tíma á atvinnuleysisbótum.

Í skýrslu sem gefin hefur verið út um niðurstöður verkefnisins kemur fram að það hafi meðal annars haft þau áhrif að fjöldi starfsmanna sem áður voru á duldu launum sé núna kominn á skrá. Eins og áður sagði voru um 12 prósent starfsmanna hjá heimsóttum fyrirtækjum í svartri vinnu. Hlutfallið var hæst á Vestfjörðum, eða 18,5 prósent, en lægst á Norðausturlandi eða 8,2 prósent. Á höfuðborgarsvæðinu var hlutfallið 11,1 prósent.

Niðurstöður verkefnisins voru hins vegar ekki sundurliðaðar eftir geirum en aðspurður sagði



VINNUMARKAÐUR Svört atvinnustarfsemi er talin vera mest í geirum á borð við mannvirkjagerð, veitingaþjónustu og veitingu ýmiss konar persónulegrar þjónusta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skúli Eggert að aðrar rannsóknir hafi bent til þess að svört atvinnustarfsemi sé mest í geirum á borð

við veitingastarfsemi, mannvirkjagerð og veitingu persónulegrar þjónustu. magnusl@frettabladid.is



► Dæmi um frábær kaup

Kia cee'd 2008
Verð 1.790.000 kr.
Útborgun 537.000 kr.

25.990 kr.
m.v. 60 mán.

6 ára ábyrgð eftir frá framleiðanda

KJARADAGAR

Notaðir bílar á góðu verði.

Sérstök kjör á völdum bílum og frábærir lánamöguleikar.

► Dæmi um kjarabíla

Tegund	Gerð	Árgerð	Mán.	Tilboðsverð	Afborgun pr. mánuð*
Hyundai	Getz	06/08	60	1.090.000	► 15.890 kr.
Toyota	Corolla	05/08	72	1.790.000	► 22.490 kr.
VW	Touran	04/04	24	990.000	► 32.490 kr.
Honda	Accord	05/08	72	2.590.000	► 32.590 kr.
Nissan	Navara	03/06	60	2.290.000	► 33.290 kr.
Subaru	Legacy	06/04	36	1.590.000	► 35.890 kr.
VW	Passat	03/07	72	3.490.000	► 44.590 kr.
Toyota	Avenis	09/06	48	2.590.000	► 45.790 kr.

*Afborgun miðast við 30% útborgun og óverðtryggðan bílasamning á 8,95% fóstum vöxtum fyrstu 36 mánuðina. Nánari upplýsingar á www.landsbankinn.is.

HVITA HÖBDEISA - 10.08.11

SENSAI

FULLKOMIN FLAUELSÁFERÐ, RÍKULEGUR RAKAGJAFI

Nýi farðinn frá SENSAI, FLUID FINISH LASTING VELVET, bætir dyggilega rakabúskap húðarinnar á sama augnabliki og hann sveipar hana hálfmattri flauelsáferð.

Á einstakan hátt hefur SENSAI tekist að blanda saman einstökum innihaldsefnum, rakagefandi, möttu púðri og kristalstæru vatni úr uppsprettum sem er að finna við rætur *fjallsins Fuji*. Þessi efni eru aðaluppistaðan í nýja fljótandi farðanum frá SENSAI sem er afar auðveldur í notkun og helst lengi fallegur á húðinni. Fullkomin, hálfmött flauelsáferð og einstaklega rakagefandi efni laða fram frísklegt og fallegt útlit og veita sannkallaða vellíðan.



Kanebo
INTERNATIONAL

KANEBO DAGAR Í HAGKAUP
3. - 9. NÓVEMBER.


Sérfræðingar veita faglega ráðgjöf og kynna það nýjasta frá Sensai.
Falleg gjöf fylgir þegar keypt er fyrir 6.900 kr. eða meira*

*Gildir á meðan birgðir endast.



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Leiðandi í



Sumar 2012

» Flogið til 16 áfangastaða í Evrópu og Bandaríkjunum

FRONZ USA



Samkeppni

- » Við erum stolt yfir því að flytja tæplega 600 þúsund farþega á þessu ári
- » Iceland Express skapar hundruð starfa og öðrum fyrirtækjum um 10 milljarða í gjaldeyristekjur á ári
- » Sannkölluð stóriðja í íslensku atvinnulífi
- » Leiðandi í samkeppni um hagstætt verð, allt árið um kring

Iceland Express hefur frá upphafi verið leiðandi í samkeppni í flugi til og frá landinu allt árið um kring. Reynslan sýnir að félagið býður oftast hagstæðasta verðið hvort sem um er að ræða áfangastaði í Evrópu eða Bandaríkjunum. Enda hefur Iceland Express aldrei flutt fleiri farþega en á þessu ári og má reikna með að þeir verði tæplega sex hundruð þúsund.

Næsta sumar mun félagið einbeita sér að flugi til fjögurra áfangastaða á Norðurlöndunum og ellefu annarra staða í Evrópu og eins og undanfarin ár verður suma daga flogið tvisvar á dag til London og Kaupmannahafnar. Undanfarin tvö ár hefur Iceland Express stækkað mjög hratt og flaug meðal annars til fjögurra áfangastaða í Norður-Ameríku á þessu ári. En næsta sumar verður vinsælasti áfangastaðurinn, New York, eini áfangastaðurinn í Norður-Ameríku. Þetta einfaldar leiðakerfi félagsins og styrkir þjónustuna við hundruð þúsunda viðskiptavina þess.

Iceland Express mun áfram tryggja hagstæðustu kjörin í flugi á Íslandi og stuðla að frelsi fólks til að ferðast alla mánuði ársins.

Iceland Express



Monsúnrigningar í Taílandi



MEÐ ÞURR FÖT Í PLASTÞOKUM Fjölskylda í Bangkok þurfti að vaða vatnið upp í mitti og rúmlega það.

NORDICPHOTOS/AFP



UMFERÐARGATA Í BANGKOK Lögregluþur í Bangkok reynir að leiðbeina öikumönnum, sem aka um götur þaktar vatni.

Monsúnflóðin brátt í rénun

Íbúar Taílands reyna sitt besta til að halda áfram daglegu lífi á flóðasvæðunum, sem nú þekja stóran hluta landsins. Flóðin hafa kostað meira en fjögur hundruð manns lífið. Guðsteinn Bjarnason tók saman nokkrar ljósmyndir.

Monsúnrigningarnar í Suðaustur-Asíu hafa bitnað verst á Tailendingum þetta árið. Úrkoman hefur verið linnulítil síðan í júlí og tjónið talið í hundruðum milljóna króna.

Um síðustu helgi slapp miðborg höfuðborgarinnar Bangkok naumlega við að verða flóðunum að bráð, þegar stíflur og skurðir virtust ekki ætla að duga til að verja miðborgina. Ytri hverfi norðan til í borginni sluppu hins vegar ekki, og íbúar þar eru fyrir bragðið reiðir stjórnmöldum.

Flóðatímabilinu fer að ljúka á næstu vikum, en vandinn verður ekki síst fólgin í því að flóðavatnið hefur safnast fyrir og á ekki alls staðar greiða leið til sjávar – meðal annars vegna flóðavarna sem verja höfuðborgina.



SÓPAR BURT VATNINU Ekki er alveg ljóst hvaða gagn er að þessari aðferð, sem íbúi einn í Bangkok beitti á flóðavatnið.

— CAFÉ MESKÍ —

Höfum opnað notalegt kaffihús Fákafeni 9



Verið velkomin

Þú velur þann bílasamning sem hentar þér

Viðskiptavinir eiga að hafa val. Landsbankinn býður nú nýja óverðtryggða bílasamninga með föstum vöxtum og betri kjör á verðtryggðum og óverðtryggðum bílasamningum með breytilegum vöxtum.

Óverðtryggður, fastir vextir

8,95%

- » Fastir 8,95% vextir til 36 mánaða*
- » Hámarkslánstími er 7 ár, að frádregnum aldri ökutækis
- » Lánshlutfall allt að 70%
- » Hraðari eignamyndun í flestum tilfellum
- » Hærrí greiðslubyrði
- » Einnig er í boði óverðtryggður bílasamningur með **breytilegum vöxtum**, á vildarkjörum, nú 8,55%.**

Verðtryggður, breytilegir vextir

7,80%

- » Breytilegir vextir á vildarkjörum, nú 7,80%**
- » Hámarkslánstími er 7 ár, að frádregnum aldri ökutækis
- » Lánshlutfall allt að 70%
- » Hægari eignamyndun í flestum tilfellum
- » Lægri greiðslubyrði

Skilmála og nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar, landsbankinn.is, eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.

* Fyrir lok fastvaxtatímabils er hægt að festa vexti aftur á þeim kjörum sem í boði verða eða skipta yfir í óverðtryggðan bílasamning með breytilegum vöxtum. Ef ekkert er valið færast samningurinn yfir á breytilega óverðtryggða vexti.

** Vildarkjör til Vörðufélaga og núverandi viðskiptavina Bíla- og tækjafjármögnunar.



2.051 KRÓNUR var meðalverðið á kíló af laxi í ágúst síðastliðnum samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Verðið hafði hækkað um 164 prósent frá því í ágúst 2001. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 77 prósent.

GÓÐ HÚSRÁÐ - brjóstsviði

Matarsóði er ódýr lausn

Gamalt og gott húsráð við brjóstsviða er að hræra matarsóða út í vatn og drekka. Í matarsóða er natríumbíkarbónat en það er efni sem binst sýru. Ekki er þó ráðlagt að nota þetta daglega heldur eingöngu þegar brjóstsviði gerir vart við sig. Þetta ráð hentar því helst þeim sem fá annað slagíð brjóstsviða en þurfa ekki að vera á lyfjum vegna kvillans.



Heilbrigðismál

Löngun í sætt bakkelsi jafnstærk löngun í kókaín

Löngun í sætindi og feitmeti hvort í sínu lagi getur verið svo mikil að hún jafnast á við fikn. Löngunin í meiri blöndu af sætu og feitu, sem er til dæmis að finna í vínarbrauðum og súkkulaði, getur orðið svo mikil að hún jafnast á við fikn í kókaín, heróín og áfengi. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar prófessorsins Söru Ward við Temple háskólann í Philadelphiu í Bandaríkjunum en hún er í fararbroddi í rannsóknum á fikn.



Ward komst að framangreindum niðurstöðum við rannsóknir á fikn sem gerðar voru á músum. Mýsnar voru næstum jafnspenntar fyrir feittum og sætum mat og kókaíni.

Reykaskynjarar þurfa að vera réttar gerðar

Til þess að reykaskynjarar geti bjargað mannlífum þurfa þeir að vera réttar gerðar, á réttum stað og í lagi. Til eru tvær megingerðir af reykaskynjum, optískir og jónískir. Jafnframt eru til skynjarar með eiginleikum beggja. Nýjar kannanir sýna að margar tegundir reykaskynjara veita falskt öryggi þar sem þeir fara ekki að væla fyrr en reykurinn er orðinn alltof þéttur.

Kannanir dönsku neytendasamtakanna í samvinnu við ICRT, International Consumer Research & Testing, á 24 tegundum reykaskynjara leiddu í ljós að ný þeirra brugðust of seint við. Á vefsíðu dönsku neytendasamtakanna segir að þeir sem hafi reynt verst hafi ekki farið að væla fyrr en reykurinn hafi verið orðinn alltof þéttur. Nýu tegundir voru úrskurðaðar lélegar, fimm þokkalegar en tíu góðar.

Ráðið er frá kaupum á Seko Optísk mini rögalarm, JO-EL Smoke Alarm Mini Solo og Snapalarm Rögalarm.

Bestu einkunnina fékk tegundin Jacob Jensen Rögalarm Ioniserende. Í öðru sæti var JO-EL Rögalarm Classic Solo. Greint verður frá niðurstöðum könnunarinnar í næsta tölublaði Neytendablaðsins, samkvæmt upplýsingum frá Neytendasamtökunum.

Jónískir reykaskynjarar skynja vel reyk frá opnum eldi, til dæmis í pappírskörfu, sjónvarpi og fitubruna í eldhúsi. Optískir reykaskynjarar nema vel upphaf glóðarbruna, eins og til dæmis af völdum sigarettina í sófa eða vegna raf-lagna sem ofhitna. Vegna þessara mismunandi eiginleika er æskilegt að hafa báðar tegundir á heimilinu og er mælt með því í flestum löndum. Á vefsíðu Jyllands-Posten er greint frá því að í Noregi og Svíþjóð sé skylda að hafa reykaskynjara á heimilum.



NAUÐSYNLEG ELDVÖRN Reykaskynjarinn þarf að vera á réttum stað og í lagi.

Á vef Brunamálastofnunar segir að setja eigi optískan reykaskynjara á ganga eða opin svæði og nálægt rafmagnstöflu. Reykaskynjara á að festa í loft, ekki nær vegg en 50 cm. Æskilegt þykir að setja reykaskynjara í öll svefnherbergi. Sé húsið fleiri en ein hæð á að setja reykaskynjara á allar hæðir.

Skipta á um rafhlöðu í reykaskynjaranum árlega. Prófa á reyk-

skynjarann mánaðarlega með því að ýta á prófunarhnappinn.

Auk reykaskynjara er æskilegt að hafa slökkvitæki á heimilum og eldvarnateppi. Duftslökkvitæki eru ætluð á alla elda en léttvatnstæki, sem eru með froðublöndu, er hægt að nota á eld í föstum efnum og á eld í olíu og feiti. Á vef Brunamálastofnunar er varað við að nota léttvatnstæki á rafmagnstæki sem eru í sambandi. - ibs

AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.



AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Benedikt Freyr Jónsson
S: 5125411, gsm 8235055, benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 5125429, gsm 6154349, ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344, sigridurdagny@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



NEYTANDINN: GUÐRÚN ÖGMUNSDÓTTIR, FORMAÐUR FAGRÁÐS INNANRÍKISRÁÐUNEYTIS

Ónotuð skópör í pokavís


„Þegar ég hugsa til baka um verstu og bestu kaup, þá sé ég hvernig það hefur rjást af mér að kaupa tóma vitleysu, eins og maður gerði oft hér á árum áður,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir, fyrrum þingkona og formaður fagráðs innanríkisráðuneytisins. Guðrún segist hafa keypt ógrynnin öll af skóm á tilboði sem aldrei voru notaðir, græjur sem aldrei hafa nýst eins og safapressur og skrælara. „Ég á heilu pokana fulla af ónotuðum skóm sem er agalegt. Auðvitað á að koma þessu í verð, það væri nú aldeilis neytendavænt,“ útskýrir Guðrún, sem segist í dag líta öðruvísi á hvað skipti máli og hvað ekki.



„Kannski minnkar hjá manni þessi þörf að vilja eiga allt og langa í allt í stað þess að njóta þess sem maður hefur fyrir framan sig. Þess vegna segi ég stundum að bestu kaupin mín hafa verið í myndlist.“ Þau verk sem hafa veitt Guðrúnu ómælda ánægju eru til dæmis verk eftir Jón Laxdal og Hönnu Hallgríms. „Það eru listamenn sem mér finnst algerlega frábærir og ég stefni á meiri kaup í myndlist, ekki spurning,“ segir Guðrún. En þar sem hún segist vera haldin óforbetranlegri búkonuárattu og þurfi að eiga allt í haginn, vill hún að lokum nefna frystikistuna sína sem önnur frábær kaup.

Maryland
NÝR OG
STÆRRI PAKKI
Sama góða bragðið





Gerið hreinlega *frábær kaup* á eðal heimilistækjum!

<p>Þvottavél LAVAMAT 62840</p> <p>1200 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 119.900,- Þú sparar: 20.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 99.900,-</p>	<p>Þvottavél LAVAMAT 64840</p> <p>1400 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 129.900,- Þú sparar: 20.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 109.900,-</p>	<p>Uppþvottavél FAVORIT 55030-W/M</p> <p>Tekur 12 manna stell 5 þvottakerfi Turbo-þurrkun Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW) Orkunýtni: A Þvottahæfni: A Þurrkhæfni: A</p> <p>Listaverð: HVÍT 134.900,- STÁL 155.900,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 107.920,- HVÍT 124.720,- STÁL</p>	
<p>Þvottavél LAVAMAT 74850</p> <p>1400 snúninga Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótór Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 169.900,- Þú sparar: 25.485,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 144.415,-</p>	<p>Þvottavél LAVAMAT 76850</p> <p>1600 snúninga Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótór Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 179.900,- Þú sparar: 26.985,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 152.915,-</p>	<p>Þurrkari LAVATHERM T56740</p> <p>Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 7 kg Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 139.900,- Þú sparar: 20.985,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 118.915,-</p>	
<p>Þurrkari LAVATHERM T55460</p> <p>Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 6 kg Íslensk notendahandbók</p> <p>Listaverð: 119.900,- Þú sparar: 30.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 99.900,-</p>	<p>Þvottavél ZWH6125</p> <p>1200 snúninga vél Tekur 7 kg af þvotti Öll hugsanleg þvottakerfi Þvottahæfni: A Þeytivinduafköst: B Orkuflökkur: A+ Íslenskar leiðbeiningar</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 89.900,-</p>	<p>Þurrkari ZTA140</p> <p>Barkapurrkari Taumagn: 6 kg Tímarofi Krumpuvörn Riðfrí tromla Snýr tromlu í báðar áttir</p> <p>TILBOÐSVERÐ – 64.900,-</p>	
<p>Þvottavél & þurrkari <i>PAR 1</i></p> <p>LAVAMAT 62840 & LAVATHERM T55460</p> <p>ÞVOTTAVÉL 1200 snúninga Taumagn 6 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Listaverð: 119.900,-</p> <p>ÞURRKARI Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 6 kg Listaverð: 119.900,-</p> <p>Listaverð á PARINU: 239.800,- Þú sparar: 40.000,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – <i>PARIÐ</i> 199.800,-</p>		<p>Þvottavél & þurrkari <i>PAR 2</i></p> <p>LAVAMAT 74850 & LAVATHERM T58840</p> <p>ÞVOTTAVÉL 1400 snúninga · Taumagn 7 kg Öll hugsanleg þvottakerfi Kolalaus mótór Íslensk notendahandbók Listaverð: 169.900,-</p> <p>ÞURRKARI Barkalaus með rakaskynjara Taumagn: 7 kg Stafrænn framvinduskjár Íslensk notendahandbók Listaverð: 149.900,-</p> <p>Listaverð á PARINU: 319.800,- Þú sparar: 55.465,-</p> <p>TILBOÐSVERÐ – <i>PARIÐ</i> 264.335,-</p> <p>ÞURRKGRIND FYRIR SKÓ OG VIÐKVÆMAN FATNAÐ</p>	

Umboðsmenn um land allt



LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

VAXTALAUSAR
RAÐGREIÐSLUR
Í TÓLF MÁNUÐI

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

Rekstrartekjur minnkað um rúman helming frá hrúni:

Brimborg fékk fjóra milljarða afskrifaða

VIÐSKIPTI Eigendur Brimborgar ehf. fengu 4 milljarða króna af lánnum sínum niðurfellda í byrjun þessa árs gegn vilýrði um að leggja 200 milljónir króna inn í félagið. Við þessa gjörð lækkuðu skuldir Brimborgar í um 3,2 milljarða króna. Þetta kemur fram í ársreikningi Brimborgar. Stærstu eigendur félagsins eru Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, og fjölskylda hans.

Í ársreikningnum segir að 27. janúar 2011 hafi Brimborg og

stærstu kröfuhafar félagsins undirritað samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu sem fól í sér niðurfellingu skuldanna gegn því að núverandi hluthafar myndu lofa að afla féluginu nýs hlutfjár að fjárhæð 200 milljónir króna fyrir árslok 2011. Um er að ræða sjö kröfuhafa. Á meðal þeirra er Landsbankinn og Lýsing.

Rekstrartekjur Brimborgar hafa dregist gríðarlega mikið saman frá bankahrúni. Í árslok 2007 voru þær 11,1 milljarður króna en voru tæplega helmingur þeirra upphæðar í fyrra, eða 5,2 milljarðar króna.

- þsj

HELDUR BRIMBORG Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, og fjölskylda hans eru stærstu eigendur Brimborgar.



NÝJAR VÉLAR Stefnt er að því að nýr floti Iceland Express verði kominn í gagnið 1. apríl næstkomandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Iceland Express ætlar að kaupa flugflota

Flugfélagið Iceland Express hefur sótt um flugrekstrarleyfi og ætlar að kaupa eigin flugvélar. Félagið hefur hingað til leigt vélar af Astraesus. Flugfélagið mun draga úr sætaframboði á næsta ári til að mæta aukinni samkeppni.

VIÐSKIPTI Iceland Express (IE) hefur sótt um flugrekstrarleyfi til Flugmálastjórnar Íslands og hyggst kaupa nýjan flota af flugvélum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Talið er að veiting flugrekstrarleyfis gæti tekið allt að fjórum mánuðum. Stefnt er að því að nýi flotinn verði kominn í gagnið 1. apríl á næsta ári. IE notar í dag vélar sem eru í eigu breska félagsins Astraesus í áætlunarflug sín. Gangi áætlanir IE eftir mun verða slitið á þau tengsl að mestu og IE fljúga til sinna áfangastaða á eigin vélum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins samþykkti stjórn IE þetta í október og sótt var um flugrekstrarleyfið skriflega í byrjun þessarar viku.

IE og Astraesus eru bæði í eigu Fungs, eignarhaldsfélags Pálma Haraldssonar. Astraesus leigir einnig mörgum öðrum flugfélögum vélar undir sín áætlunarflug. Á meðal viðskiptavina félagsins eru félög á borð við British Airways og stærsta flugfélag Evrópu, Easy Jet. Með því að IE hefji eigin flugrekstur verður að mestu skorið á tengsl félagsins við Astraesus.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Fungur hefði veitt IE rúmlega milljarðs króna hluthafa-

Mun draga úr sætaframboði

Alls flugu sextán flugfélög til Íslands í sumar að meðtöldum Iceland Express og Icelandair. Danska flugfélagið Primera Air hefur þegar tilkynnt að það ætli að fljúga til Íslands næsta sumar og fjölmiðlar hafa einnig sagt að Easy Jet ætli sér einnig í þá baráttu. Celine Prenez, fjölmiðlafulltrúi hjá Easy Jet, vildi þó ekki staðfesta þær fréttir. Það er þó ljóst að samkeppnin á flugmarkaðinum mun harðna til muna á næsta ári, sérstaklega með tilkomu Wow Air. Heimildir Fréttablaðsins herma að IE muni draga úr sætaframboði til að mæta þeirri samkeppni og aðlaga sig þannig að nýju samkeppnisumhverfi.

lán á undanförunum vikum. Innspýtingin var til að bæta lausafjárstöðu félagsins. Hana þurfti að styrkja bæði til að IE hefði getu til að ráðast í kaup á flugvélum og til að mæta um 800 milljóna króna tapi sem nýjustu fjárhagsáætlanir gera ráð fyrir að félagið muni skila á þessu ári. Fjárhagsáætlanir sem gerðar voru í byrjun árs höfðu gert ráð fyrir um 600 milljóna króna hagnaði.

IE skuldar ekki fé til lánastofnana heldur eru skuldir félagsins nánast einvörðungu skammtíamviðskiptaskuldir, fyrirframinnheimtar tekjur og lán sem hluthafinn, Pálmi Haraldsson, hefur veitt því. Fjárhagsstaða félagsins er því góð þrátt fyrir taprekstur.

Í síðustu viku var tilkynnt um að nýtt íslenskt flugfélag, Wow Air, muni hefja starfsemi næsta vor.

Félagið er í meirihlutaeigu Títan fjárfestingarfélags. Eigandi þess er Skúli Mogensen. Aðrir hluthafar eru Baldur Oddur Baldursson, framkvæmdastjóri Títan og Wow Air, og Matthías Imsland, fyrrum forstjóri IE. Þegar hefur verið greint frá því að Wow Air ætli sér að fljúga frá Íslandi til Evrópu og að samningur við stóran kanadískan flugrekanda um langtímaleigu á flugvélum séu á lokastigi. Félagið auglýsti eftir starfsfólki nýverið og sóttu um 600 manns um fjórar stjórnunarstöður og ótilgreindan fjölda af sumarstörfum flugliða. Til stendur að halda blaðamannafund í lok þessarar viku þar sem starfsemi Wow Air verður kynnt nánar og sagt frá því til hvaða áfangastaða félagið ætlar að fljúga.

thordur@frettabladid.is

Nú mánaða uppgjör Icelandair:

Hagnaður Icelandair eykst milli ára

VIÐSKIPTI Icelandair hagnaðist um 5,4 milljarða króna eftir skatta á þriðja ársfjórðungi ársins 2011. Heildarhagnaður félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins var 4,7 milljarðar króna, sem er töluverð aukning frá sama tímabili árið á undan þegar það hagnaðist um 3,2 milljarða króna.

EBITDA (hagnaður fyrir fjármagnskostnað og afskriftir) var 8,7 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi og samtals 10,5 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2011. Velta Icelandair var 76,9 milljarðar króna frá byrjun janúar og út septembermánuð og eigið fé félagsins var 33,3 milljarðar króna í lok þess tímabils. Þetta kemur fram í níu mánaða uppgjöri Icelandair sem birt var í gær.

Í tilkynningu vegna þess er haft eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandair: „Sterkur innri vöxtur hélt áfram á þriðja ársfjórðungi. Framboð félagsins í millilandaflugi jókst um 20% og farþegaaukning á milli ára á



INNRI VÖXTUR Stærsta flugfélag landsins velti 77 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins.

sama tímabili var 17%. Áframhaldandi vöxtur er áætlaður á árinu 2012 þegar flugáætlun Icelandair mun verða sú stærsta í sögu félagsins og um 14% umfangsmeiri en á þessu ári.“

- þsj

www.optima.is

RICOH

Aficio MP C300 með skáp.
A4 litljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvítt. Matari og duplex. Takmarkað magn

Sértilboð
kr. 499.900.-

STOFNAD 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Aukabúnaður á mynd: 3 skúffueiningar
Optima er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa


Um fimm prósent allra íbúða á Suðurnesjum eru í eigu lánastofnana:

Tæplega 2.500 íbúðir í höndum Íbúðalánasjóðs og banka

EFNAHAGSMÁL Í lok september síðastliðins áttu Íbúðalánasjóður (ÍLS), bankar og eignarhaldsfélög í þeirra eigu 2.482 íbúðir á landinu öllu. Flestar íbúðirnar sem þeir hafa leyst til sín, 1.026 talsins, eru á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru 462 íbúðir á Suðurnesjunum, eða 18,6% af öllum íbúðum í eigu þeirra. Alls eru 4,7% allra íbúða á svæðinu í eigu lánafyrirtækja. Á Suðurnesjum búa 6,6% landsmanna. Þetta kemur fram í Peningamálum Seðlabanka Íslands sem birt voru í gær.

Um 40% íbúða í eigu ÍLS og bankanna eru í útleigu, 22% þeirra eru í byggingu og um 38%, alls 948 íbúðir, eru fullbúnar en ekki í útleigu. Í Pen-

ingamálum segir að erfitt sé að meta hvaða áhrif það myndi hafa á verðþróun ef lánastofnanirnar ákvæðu að selja íbúðasafn sitt. Þar kemur þó fram að Seðlabankinn telur að „íbúðaeign Íbúðalánasjóðs og bankanna er nokkuð mikil miðað við veltu á íbúðamarkaðnum. Eign þeirra er hins vegar ekki mikil miðað við heildarfjölda íbúða. Þótt sjálf-sagt megi ætla að það hefði nokkur áhrif á húsnæðisverð ef þessir aðilar losuðu sig við íbúðir sínar á skömmum tíma er ekki líklegt að þeir myndu gera það. Líklegt er að þeir haldi þessum eignum á meðan þeir telja sig geta selt þær á hærra verði en fæst fyrir þær nú.“



FASTEIGNIR 38% þeirra fasteigna sem eru í eigu lánastofnana eru fullbúnar íbúðir sem eru ekki í útleigu.

- þsj

Neyðarkall til þín



Dagana 3.-6. nóvember fer fram fjáröflunar-
átakið Neyðarkall björgunarsveitanna.

Líkt og áður er um að ræða sölu á litlum
neyðarkalli á lyklakippu en sjálfboðaliðar
björgunarsveitanna bjóða hann til sölu um
allt land á 1.500 krónur. Við hvetjum alla til
þess að taka vel á móti okkar fólki.

Aukin verkefni björgunarsveitanna kalla á
meira fé til starfseminnar og er þetta okkar
leið til að bregðast við því. Almennigur er
því hvattur til þess að stuðla að eigin öryggi
með því að styðja þetta átak.

Þetta er Neyðarkall til þín!



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Heil öld af Chev



1910

Classic Six

1920

B Touring



Bel Air
Nomad

1950



1960

Corvette Stingray



Captiva

2010



Corvette Coupe

1990



Cruze



Gæðin eiga afmæli í dag - Chevrolet er 100 ára

Chevrolet hefur fagnað tímamótunum með margvíslegum hætti allt árið, m.a. með veglegum framlögum til samfélags- og góðgerðarmála víða um heim.

100 afmælisbílar til SOS Barnaþorpa

Í dag afhendir Chevrolet SOS Barnaþorpum síðasta bílinn af þeim 100 sem gefnir hafa verið til þessara sjálfstæðu barnahjálpar samtaka á árinu.

Rafmagnsbíllinn VOLT til sölu í Evrópu

Í dag hefst sala á fyrsta langdræga rafmagnsbílnum í heiminum, Chevrolet Volt, til neytenda í Evrópu. Rafmagnaður Volt mun koma til Ísland á næsta ári.

Bílabúð Benna styður SOS Barnaþorp á Íslandi

Bílabúð Benna, umboðsaðili Chevrolet, er stuðningsaðili SOS Barnaþorpa á Íslandi og lætur ákveðna upphæð af andvirði hvers selds bíls, á afmælisárinu, renna til þeirra.

Í heila öld hefur Chevrolet verið frumkvöðull í umferðarmenningu heimsins.

Framundan er ný öld þar sem Chevrolet mun leiða græna byltingu í þróun bílsins - öldin okkar.

Næsta laugardag fögnum við tímamótunum með tilboðspökkum, frumsýningum og afmæliscaffi.

vrolet gæðum!

Að baki sérhverjum nýjum Chevrolet liggur 100 ára sköpunarsaga



Fleetline

1930



Master
Deluxe
Coupe

1940

1970



Chevelle SS Coupe

Camaro Z28

1980



Rafmagnsbíllinn Volt
Frumnýndur 2012

2011



CRUZE 5 dyra - FRUMSÝNING

2012



AVEO - FRUMSÝNING

ORLANDO - FRUMSÝNING



Þrjár nýir Chevrolet frumsýndir í Chevrolet salnum laugardaginn, 5.nóvember



SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS



benni.is

Bilabúð Benna - Chevrolet - Tangarhöfða 8-12 - 590 2000
Bilabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636



Sérfræðingar í bílum

skoðun

greinar@frettabladid.is

Skráning Haga á hlutabréfamarkað er mikilvægt skref í endurreisn efnahagslífsins.

Peningar í vinnu

Skráning smásölufyrirtækisins Haga í Kauphöllina – og fleiri fyrirtækja sem stefna á að sigla í kjölfarið eins og sagt var frá í fréttum Fréttablaðsins í gær – er mikilvægt skref í endurreisn íslensks efnahagslífs.

Virkur hlutabréfamarkaður er nauðsynlegur í sérhverju þróðu hagkerfi. Þannig geta fyrirtæki sótt sér áhættufé með minni tilkostnaði en með því að taka lán og stórir og smáir fjárfestar fá tækifæri til að ávaxta fé sitt. Með því að efla hlutabréfamarkaðinn er hægt að koma tugum milljarða króna, sem nú liggja í ríkisskuldabréfum og á bankareikningum, í vinnu fyrir atvinnulífið.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Ekki verður annað sagt en að markaðurinn hafi verið virkur hér á landi fyrir hrún, en hann var ekki að sama skapi þróaður eða heilbrigður. Verðið hækkaði meira en í nokkru öðru þróðu ríki áratuginn fyrir hrún og tók síðan dýpri dýfu en annars staðar þekktist. Undir lokin voru gömlu

bankarnir allsráðandi á markaðnum; bæði voru bréf þeirra 80% af heildarverðmætinu og eins réðu þeir verðmynduninni, að hluta til með óvönduðum meðulum. Eftir þessa rússíbanareid hefur hlutabréfamarkaðurinn notið lítils trausts.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir í gær í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins, að breytingar á lögum um fjármálaefyrirtæki eigi að koma í veg fyrir að markaðsmisnotkun bankanna endurtaki sig. Fjárfestar séu betur á varðbergi en áður, Fjármálaeftirlitið hafi verið stóreflt og markaðurinn njóti meira aðhalds fjölmiðla en hann gerði fyrir hrún. Umhverfið hafi því breytt til hins betra.

Meira þarf þó að koma til ef almenningur á að bera traust til hlutabréfamarkaðarins. Fyrirtæki sem skrá sig í Kauphöllina þurfa til dæmis að sýna fram á að þau fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti og virði rétt smærri hluthafa, sem var oft fótum troðinn með opinskáum og óforskömduðum hætti í skráðum fyrirtækjum fyrir hrún.

Þeir sem eiga einhverja peninga til að fjárfesta hljóta nú líka að gera það með raunhæfari væntingar en meðan á útrásarbolunni stóð. Enginn þarf að gera ráð fyrir tuga prósentu ávöxtun á ári heldur verður að líta á hlutabréfakaup sem langtímafjárfestingu.

Það er mikilvægt að í Hagaútboðinu er gert ráð fyrir að einstaklingar geti skráð sig fyrir hlut, að lágmarki 100 þúsund krónur. Það stuðlar að því að almenningur geti aftur fíkrað sig inn á hlutabréfamarkaðinn og öðlazzt hlutdeild í ávinningi efnahagsbatans sem vonandi kemur. Einn ávinningur virks hlutabréfamarkaðar er að tengja saman hagsmunum stórra og mikilvægra fyrirtækja og almennings. Það er allra hagur.

Þegar hlutabréfamarkaður var að ná sér á strik hér á landi um miðjan níunda áratug síðustu aldar var tímabundið komið á sérstökum skattaafslætti fyrir einstaklinga sem festu fé sitt í fyrirtækjum. Þetta fyrirkomulag var framlengt nokkrum sinnum og var við lýði fram yfir aldamót. Það ýtti verulega undir sparnað í formi hlutabréfaeignar og stuðlaði að eflingu hlutabréfaviðskipta. Vilji stjórnvöld nú styðja við fyrstu skrefin í endurreisn hlutabréfamarkaðarins og greiða fyrir því að peningar séu settir í vinnu mættu þau gjarnan íhuga svipað fyrirkomulag.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

EKKI NOTA HVAD SEM ER...

VIVAG SÁPA KEMUR JAFNVÆGI Á SÝRUSTIG Á KYNFÆRA-SVÆÐINU, MINNKAR ÚTFERÐ DREGUR ÚR LYKT

vivag
FÆST Í APÓTEKUM, FJARÐARKAUP OG HAGKAUP

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lítill ályktun

Ályktanir af landsfundi Vinstri grænna voru margar og misjafnar. Ein lætur lítið yfir sér en segir þýsna mikið. Hún er stutt og laggóð, öftust í kaflinum um hagstjórn, og situr raunar alein á heilli blaðsíðu í ályktunar-skjalinu. Hún er svona: „Landsfundurinn fagnar því að formlegu samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sé nú lokið.“ Flokksformaðurinn getur væntanlega tekið undir þetta, þótt hann hafi nokkrum dögum fyrr haldið erindi í Hörpu, lokið þar lofsorði á frammistöðu sjóðsins á Íslandi og þakkað starfsmönnum hans persónulega.

Búinn að fá nóg

Hann er samt líklega ekki jafn-ánægður með ályktunina um sjóðinn og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, sem fagnar henni sérstaklega á heimasíðu sinni. „Var satt að segja búinn að fá nóg af öllu þakklætinu í hans garð í Hörpunni,“ skrifar hann.

Frumhlaup

Glöggir lesendur Fréttablaðsins voru snöggir til að benda á frumhlaup sem varð í stuttri frétt á dögunum þar sem Katrín Júlíusdóttir var sögð sú yngsta frá upphafi sem

sinn hafi skyldum forsætisráðherra í afleysingum. Þó Katrín sé vissulega yngri en þau sem hafa verið skipuð í embættið yfirsást blaðamanni að Halldór Ásgrímsson var fyrsti staðgengill Steingrims Hermannssonar í forsætisráðherrastölinni á sínum tíma. Katrín er 36 ára, en Halldór var ári yngri þegar Steingrímur kom til valda árið 1983 og má því leiða getum að því að hann hafi á fyrsta árinu einhvern tíma leyst Steingrím af. Því er rétt að halda til haga.

stigur@frettabladid.is
thorgils@frettabladid.is



HALLDÓR



Hagkvæmara að gefa

Skattamál



Eygló Harðardóttir
alþingismaður

Fyrir hrún trúðu margir á sýnina um að sífellt væri hægt að stækka kókuna með því að ýta undir græðgi einstaklinganna. Þetta endurspegladist í því að skattaávilnanir stjórnvalda beindust m.a. fyrst og fremst að fyrirtækjum sem voru á markaði í hagnaðarskyni.

Samhliða hallaði sífellt á starfsemi sem rekin var á grundvelli ákveðinna hugsjóna, svo sem frjáls félagsamtök og samvinnufélög. Má þar nefna afnám ákvæða um frádrátt frá skattskyldum tekjum einstaklinga vegna gjafa til góðgerðafélaga árið 1979, ákvörðun um að félagsamtök skyldu greiða fjármagnstekjuskatt árið 1996 og álagningu erfðafjárskatts á gjafir til líknarfélaga vorið 2004.

Frjáls félagsamtök gegna mikilvægu hlutverki í okkar samfélagi. Þau sinna fræðslu almennings, efla menningar- og listalíf, inna af hendi margs konar samfélagsþjónustu og halda á lofti málstað einstakra þjóðfélagsþópa. Hver kannast ekki við Öryrkjabandalag Íslands, Krabbameinsfélag Íslands, Kvenfélagsamband Íslands og Rauða kross Íslands sem daglega starfa í almannaþágu, til heilla fyrir okkur öll?

Íslensk félagsamtök njóta þó ekki

sömu skattaávilnana og algengt er í samanburðarlöndunum, t.d. undanþágu frá greiðslu fjármagnstekjuskatts, erfða-fjárskatts og endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðföngum. Stærsti munurinn felst þó í því að einstaklingur hér á landi er ekki leyfilegt að draga gjafir til góðgerðarfélaga frá skattskyldum tekjum sínum líkt og almennt er heimilt í löndum Evrópu og Norður-Ameríku. Einnig hafa frjáls félagsamtök greitt fullan erfða-fjárskatt af dánargjöfum sem þeim hefur verið ánaðnað.

Það geta ekki verið rétt skilaboð til samfélagsins að hagkvæmara sé að græða sjálfur en að gefa náunganum, að auðdýrkun og fésýsla sé metin meira en vinnan, þekkingin og framtakið og maðurinn sjálfur.

Því hef ég lagt fram frumvarp sem leggur til skattaávilnanir í þágu frjálsra félagsamtaka. Einstaklingur verði heimilt að draga gjafir til félagsamtaka frá skatti. Einnig að slíkum samtökum verði ekki gert að greiða erfðafjárskatt af arfi, gjafaarfi, dánargjöfum og fyrirframgreiddum arfi sem þeim áskotnast.

Nýtt Ísland verður að setja manngildi ofar auðgildi.

Gósentíð og kreppa

Í DAG

Jón Ormur Halldórsson dósent



Hefur á nýlegum tíma verið annar eins jarðvegur fyrir nýjar hugmyndir um efnahagslíf og stjórnsmál? Og það á heimsvísu. Vestan megin á jörðinni ríkir efnahagskreppa vegna bankaheims sem gekk af göflunum og ærði fólk með sér. Henni fylgir djúpt og almennt vantraust á allar aðferðir síðustu ára við efnahagslegan rekstur og pólitíska stjórn þjóðfélaga. Og algert virðingarleysi fyrir kennivaldi þeirra sem sitja í háum söðlum.

Öfugt en líkt

Austan megin í heiminum er hins vegar mesta lífsskjarabylting í sögu mannsins að eiga sér stað. En það gerir hún án mikilla pólitískra umræðna. Þegar kapítalismur er ræddur verður þetta eins og tal svangra manna yfir vínlista á veitingastað. Það er rætt um það sem á listanum er ekki um að fara eitt-hvert annað. Það er auðvitað alls staðar masað en menn geta samt ferðast um alla Asíu og horft á heiminn breytast með undraverðum hraða án þess að heyra svo mikið sem eina frumlega hugmynd um pólitík eða efnahagsmál. Á milli austurs og vesturs er svo arabíska vorið

sem milljónirnar þráðu á löngum vetri. Frelsið er sætt þar sem það fæst. Fátt er þó þarna um frjóanga og meira um gremju, fortíðarlegt þjark og vonleysi. Kapítalismur berst varla í tal frekar en sólin og sandurinn.

Vonin

Leiðtogi indverskra kommúnista var spurður að því fyrir fáum árum á mesta uppgangstíma hnattvædds kapítalismi, hvernig hann gæti haldið áfram að vera kommúnisti. Vegna þess, sagði hann, gamall maðurinn, að ég get ekki fengið mig til að trúá því að kapítalismur sé síðasta orðið um skipan mannlegra samfélaga. Þetta hljómaði víst ekki vel fyrir trúaða kommúnista. En er þetta ekki svipað því sem lesa má úr hnattrænum mótælum gegn kapítalismi þessa dagana? Menn eru á móti honum en eiga þó sjaldnast sannfærandi rök um öðru vísi kerfi. Rökin eru oftast um skárri kapítalismi, helst undir öðru nafni.

Naívismi

Pólitískar hreyfingar sem hafa orðið til í kreppunni minna oft á naívisma. Það er ekki illa meint, naívismi ristir oft dýpra en þekkingarkerfi mannsins. Margar hreyfingar segjast heldur ekki vita að hverju skuli stefnt en að það þurfi hins vegar nýjar aðferðir við að komast að því. Að allt skuli gert fyrir opnum tjöldum er ekki niðurstaða í þjóðmálum en væri hins vegar ný aðferð í pólitík. Sumir segja að allt megi leysa með því að allar upplýsing-

ar séu öllum alltaf aðgengilegar. Þess vegna skipti netið meira máli en allar heimsins kenningar. Hugmyndin heyrir víða. Hún er framlag samtímans og að sínu leyti róttæk en hún rekt þó fljótt á flókin stoðkerfi hagsmuna og kemur heldur ekki í staðinn fyrir kenningar um gott og vont í samfélaginu.

Vandinn

Undan hverju er nú kvartað með kapítalismi? Það virðist einkum þrennt. Eitt er að afurðir fjármálakapítalismi síðari ára reyndust loftkenndar. Trúin á hilligarnar hans leiddi til eyðslu umfram efni og þetta festi fjölskyldur og þjóðir í skuldafjötra. Annað er að ójöfnuður hefur stórlega vaxið í flestum samfélögum þótt hann hafi raunar minnkað á milli landa, á heimsvísu, öfugt við það sem oft er sagt. Svo er það hernaðurinn gegn lífkerfi jarðar í þágu hagvaxtar og neyslu.

Veruleikatenging

Tvennt af þessu er hægt að takast á við í pólitík. Fjármálakapítalismur síðustu ára er aðeins ný mynd kerfis sem á sér hinar ólíkustu birtingar. Menn þurfa ekki annað en að líta á muninn á milli landa eins og Svíþjóðar, Bandaríkjana, Þýskalands, Singapore, Japan eða Bretlands til að sjá mjög ólíkar útgáfur kapítalismans. Fjármálaheimurinn sagði sig alveg frá veruleikanum víða um heim en þó fyrst og fremst í okkar heimshluta. Vesturlönd þurfa að

tengja banka á ný við veruleika og atvinnulíf. Verkefnið er erfitt frekar en að það sé flókið. Kraftan um þetta hlýtur að rísa um öll lönd því stemming dagsins með skritin skuldabréf má ekki halda heiminum í gislingu.

Ójöfnuður

Heimsvæðingunni fylgir aukinn ójöfnuður í ríkari samfélögum. Þetta er vegna þess að þeir sem kunna flókna hluti eignast heiminn að markaði um leið og þeir sem vinna einfaldari störf lenda í samkeppni við láglauna-fólk allra landa. Með sköttum og velferðarkerfi eins og í Norður-Evrópu má jafna muninn. Það er rangt að heimsvæðingin meini þjóðum að hafa háa skatta. Norræn ríki og Þýskaland, löndin sem hvað best standa sig í hnattvæddum heimi, eru með hæstu skattana.

Neysluhyggjan

Það var neysluhyggjan sem sigraði heiminn. Þessi kerfisbundna leit að þrám sem lina má með varningi. Kapítalismur vann af því að hann gerði alla neysluna mögulega. Nú í miðri heimskreppu eru flestar þjóðir ríkari en nokkru sinni. Þær fáu sem eru það ekki eru stutt frá sínu hámarki. Vesturlönd stynja þó undan kreppu. Allt snýst um að auka neyslu á ný en ekki um að endurskoða hana. Neysluhyggjan er alþjóðleg hugmyndafræði okkar tíma. Hún knýr kapítalismi og þarf skoðunar við, ekki síður en hann. Þó ekki væri nema út af plánetunni.

AF NETINU

Lýðræðishalli Evrópusambandsins

Samskipti eru treg, þegar lánveitandi telur sig gera góðverk, en lántakandi telur sig sæta ofsóknum. Himinn og haf eru milli Evrópusambandsins og gríks almenninga á torgum. Grikkir telja Þjóðverja vilja éta sig með húð og hári, en Þjóðverjar telja Grikki vera letingja og svindlara. Nú er málið komið í þann hnút, að björgunarpakki Grikklands verður felldur þar í þjóðaratkvæði. Evrópusambandið og evran hafa af þessu mikil vandræði. Kjarni máls er sá, að kontóristar Evrópu hafa aldrei gert vitræna tilraun til að afla sambandinu fylgis meðal almennings. Það er hinn frægi lýðræðishalli Evrópusambandsins.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Fastir við sinn keip

Nú liggur það fyrir. Ekki er þess að vænta að ríkisstjórnin muni leiðrétta fjárlagatilögunar gagnvart heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni, né raunar annars staðar. Ótilneydd að minnsta kosti. Svörin eru orðin skýr og það sem lagt hefur verið fram í fjárlagafrumvarpi gagnvart heilbrigðisstofnunum á að standa þannig í fjárlögum; fá stjórnarliðar um það ráðið. Þeir hafa meirihluta þingmanna að baki sér. Og því ráða þeir, nema þeir verði knúnir til annarrar niðurstöðu.

ekg.is/blogg

Einar K. Guðfinnsson

Snyrtivörur!

20% afsláttur

af öllum Elisabeth Arden og GOSH vörum

Snyrtivörudagur í dag fimmtudaginn 3. nóvember. Sérfræðingur verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf, allt um húð og förðun.

Elisabeth Arden

GOSH COSMETICS



Elizabeth Arden

Reykjavíkur Apótek

Frægðin að utan

Efnahagsmál

Jón Baldvin Hannibalsson
fv. ráðherra



Hvað getur umheimurinn lært af fordæmi Íslands um það, hvernig á að vinna sig út úr kreppu, án þess að slíta í sundur samfélagsvefinn?

Þetta var „milljóndollaraspurningin“, sem heimsfrægir hagfræðingar voru fengnir til að svara í Hörpunni (var hún ekki annars byggð fyrir Icesave-pýfið mestan part?) um daginn í kveðjuhöfi IMF (AGS). Það vakti athygli mína, að hver og einn hinna heimsfrægu fann það helst til eftirbreytni, sem féll eins og flís við rass inn í fyrirfram mótaða mynd þeirra sjálfra um það, hvað bæri að gera og hvað ætti að forðast.

Martin Wolf hjá Financial Times, klassískur breskur evruvafri (e. eurosceptic), haldi Íslendingum fyrir að halda sig utan ESB og hallmælti þeim, sem vilja sækja um aðild. Hjá Bretum hefur þokan yfir Ermarsundið löngum byrgt sýn. Nóbelsagfræðingurinn Krugman er á móti því, rétt eins og ég, að bjarga bönkum á kostnað skattgreiðenda (grísk-írská leiðin). Hann sagði það til fyrirmyndar, að íslensku bankarnir fóru á hausinn – og enginn fékk gert við því – af því að þeim var ekki viðbjargandi (og að „Þjóðverjar“ sátu uppi með 2/3 af skuldunum).

Krugman virtist líka standa í þeirri trú, að „innri gengisfelling“ (lækkun launa og félagslegra útgjalda með handaflí) á la Eistland/Lettland sé sársaukafyllri en gengisfelling gjaldmiðilsins á

la Ísland, sem sannar það eitt, að jafnvel Nóbelsverðlaunahafar geta haft rangt fyrir sér, ef þá skortir réttar upplýsingar.

Vinurinn – sem til vamma sagði

Willem Buitter (sá sem varaði íslensk stjórnvöld við yfirvofandi hrúni snemma árs 2008 – án þess á hann væri hlustað) var sá eini, sem benti á, hvað læra mætti af mistökum Íslendinga við endurreisn bankakerfisins. Við hefðum átt að vista stökkbreytt og ókræf lán í innheimtustofnun ríkisins (e. bad bank), svo að hinir endurreistu bankar gætu gegnt hlutverki sínu, sem væri að lána fé til framkvæmda.

Buitter sagði, að enn væri tími til að kippa þessu í liðinn með afskriftum á ónýtum lánunum (e. toxic loans). Fyrir færi hagvaxtarvél (sköpun starfa) ekki í gang. Þetta blífur reyndar sem helsta niðurstaða hófsins. Voruð þið að hlusta, Steingrímur og Árni Páll?

En reyndar var það hið syfjulega gáfnaljó, hagfræðiprofessorinn við H.Í., Gylfi Zoëga, sem sló öllum hinum heimsfrægu við á lokaspöttinum. Hann lagði smáðæmi fyrir þá Wolf & Krugman og félagi – sem boðuðu patentlausnir – og viðbrögðin sýndu, að þeir féllu á prófinu.

Hagfræði handa byrjendum

Gylfi sagði: Finnar búa við evru, en Svíar við krónu. Báðar komu þessar þjóðir hlutfallslega vel út

úr kreppunni. Ályktun: Gjaldmiðillinn EINN og SÉR skiptir ekki ÖLLU máli um árangur í hagstjórn. Agi í ríkisfjármálum og fyrirhyggja í fjármálastjórn skiptir líka máli.

Annað dæmi, sem leiðir til sömu niðurstöðu: Eistar búa við evru, en Íslendingar við (verðtryggingar)krónu. Báðar þjóðir fóru illa út úr kreppunni. En hvor er lengra komin á batavegi? Íslendingar (heimili og fyrirtæki) þjást enn af óleystum skuldavanda, veikum hagvexti og óvissu í gjaldmiðilsmálum. Eistar eru lausir við þessa kvilla, erlendrar fjárfestingar streyma inn og hagvöxtur mældist 8,6% á fyrri hluta þessa árs.

Ályktun: Patentlausnir – sjálfstæður gjaldmiðill, sem má gengisfella skv. pöntun sérhagsmunaaðila – dugur ekki einn og sér. Og Krugman má vita það, að gengisfelling gjaldmiðilsins er líka sársaukafullt meðal með miklum aukaverkunum fyrir skuldugt fólk. Jafnvel lífshættulegum.

Það þarf annað og meira en patentlausnir. Það þarf þekkingu, reynslu, aga og fyrirhyggju. Og virðingu fyrir staðreyndum. Það er þetta, sem er af svo skornum skammti með vorri þjóð. Gylfi hafði rétt fyrir sér – og bar af öllum hinum.

(Höf. las hagfræði við skóla Adams Smith fyrir hálfri öld)



Það þarf annað og meira en patentlausnir. Það þarf þekkingu, reynslu, aga og fyrirhyggju. Og virðingu fyrir staðreyndum.

Minningar og meðferð

Minningar

Kristinn Jens Sigurþórsson

sóknarprestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd



Ellefu þjóðkirkjuprestar senda Émér kveðju sína hér í Fréttablaðinu á laugardaginn. Eru þar á ferðinni kærir kollegar. Finnst þeim miður hvernig ég í greininni „Bældar minningar á brauðfótum?“ fjallaði um Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur og bók hennar, „Ekki líta undan.“ Gera þeir þrenns konar athugasemdir við skrif mín og kalla eftir veigamiklum ástæðum og gildum rökum fyrir þeim.

Eftir að hafa vitnað í grein mína segja ellefu-menningarnir, að sérhver sem geri upp minningar af kynferðisafbrotum og sífjaspelli upplifi mikla höfnun og sársauka þegar orð þeirra eru sögð marklaus og þau dregin í efa.

Nú er í sjálfu sér enginn ágreiningur á milli okkar prestanna um þetta, því vitaskuld þarf að mæta sérhverjum skjólstaðingi þar sem hann er staddur hverju sinni, og það verður ekki gert með því að gera lítið úr frásögnum, upplifun eða reynslu. Þá er sérlega mikilvægt á fyrstu stigum allra mála sem snúa að kynferðisofbeldi eða misnotkun, að þau komist í réttan farveg og fái faglega umfjöllun, og þá dugur auðvitað ekki að draga neitt í efa.

Hins vegar háttar þannig til í því tilfelli sem hér um ræðir, að viðkomandi hefur þegið sálfræðimeðferð í a.m.k. átta ár og einn-

sagepub.com/content/4/2/126.full) Þá er einnig afar sjaldgæft, ef ekki með öllu óþekkt, að áralöng misnotkun bælist svona gjörsamlega með þeim hætti sem Guðrún Ebbu lýsir. Hér er því að ýmsu að hyggja, sem dregur verulega úr trúverðuleika minninga hennar.

Dr. Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur hefur fjallað opinberlega um mál Guðrúnar Ebbu og lagt áherslu á, að það sé ábyrgðarlaust að líta framhjá þeirri hættu, að um falskar minningar geti verið að ræða. Eins hefur hún undirstrikað að sérhvert mál þurfi að skoðast sérstaklega. Málflutningur hennar hefur hins vegar einnig verið á þá leið, að sumir hafa álitnið hann vera allt að því staðfestingu á því að Guðrún Ebbu hafi orðið fyrir kynferðismissnotkun í æsku. Væri ekki úr vegi að dr. Berglind talaði skýrar um þetta tiltekna mál og hvort hún telji unnt með öyggiandi hætti að skera úr um gildi umræddra minninga og þá hvernig. Nú eru þessar spurningar og vangaveltur ekki settar fram til að veða að einum eða neinum, heldur til þess að þetta mjög svo margsnúna og erfiða mál megi skoðast betur og gera megi gleggri grein fyrir þeim grundvelli sem niðurstöður hvíla á.

Þá má ekki heldur gleymast, að „minningarnar“ fela í sér alvarlegar ásanir, sem varða mannorðsmísi látins einstaklings, sem ekki getur með nokkru móti borið hönd fyrir höfuð sér en neitaði ávallt sök á meðan hann lifði. Hvernig við tökum á þessu máli er því prófsteinn á vilja okkar til að umgangast þá grundvallar-



Kjarna málsins er samt að finna í ákalli þeirra um nærgætni og fagleg vinnubrögð, og eftir slíkum vinnubrögðum var ég einmitt að kalla í minni grein.

ig trúi ég að sálfræðingur presta hafi mjög komið þar við sögu. Guðrún Ebbu telur sig augljóslega það vel á veg komna í bataferli sínu og uppgjöri að hún kys að koma fram fyrir alþjóð í sjónvarpi auk þess að opinbera einkamáli sínu í ævisögu. Með slíkri framgöngu má segja að málið hafi tekið nýja stefnu. Það er orðið opinbert og því ætti öllum að vera frjálst að fjalla um það á þeim sama vettvangi.

Í annan stað segja ellefu-menningarnir að skrif mín „nálgist atvinnurög“ og í því sambandi nefna þeir sérstaklega til sögunnar sálfræðinginn Ásu Guðmundsdóttur. Um hana segir Guðrún Ebbu í bókinni, að ef hennar hefði ekki notið við væri hún ekki stödd þar sem hún er í dag og telur sig einstaklega lánsama að hafa kynnst sálfræðingi eins og Ásu. Jafnframt segist hún ennþá vera í reglulegum viðtölum hjá henni.

Í ljósi þessara staðhæfinga bókarinnar má gera sér í hugarlund að sálfræðingurinn Ása Guðmundsdóttir beri hér mikla ábyrgð; bæði þeirri meðferð, sem Guðrún Ebbu hefur fengið (og byggir að líkindum á hinni afar umdeildu hugmyndafræði bældu minninganna), sem og þeirri ákvörðun Guðrúnar Ebbu, að opinbera einkalíf sitt með þeim hætti sem hún hefur nú gert.

Hér vakna margar spurningar. Væri vissulega upplýsandi ef Ása Guðmundsdóttir sálfræðingur sæi sér fært að gera grein fyrir því hvað það er varðandi hinar endurheimtu minningar Guðrúnar Ebbu, sem í hennar huga sker úr um áreiðanleika þeirra og sannleiksgildi. Má t.d. nefna, að sérfræðingar telja meiri ástæðu til að efast um áreiðanleika bældra minninga, brjótist þær fram meðan á sálrænni meðferð stendur en þegar þær koma upp á yfirborðið án nokkurra tengsla við slíka meðferð. (http://pps.

reglu réttarríkisins, að sérhver maður skuli teljast saklaus uns sekt er sönnuð.

Þriðja og síðasta athugasemd ellefu-menninganna lýtur svo að Þjóðkirkjunni og minnkandi trausti í hennar garð. Finnst þeim særandi að þjóðkirkjuprestur skuli draga reynslu Guðrúnar Ebbu í efa í blaðgrein þar sem kirkjan þurfi að endurvinna traust með faglegum vinnubrögðum og nærgætni við þolendur kynferðisofbeldis. Ellefu-menningunum finnst sem sagt að kirkjan eigi gagnrýnislaust að trúa Guðrúnu Ebbu svo að kirkjan megi aftur falla í kramið.

Í þessu sambandi er vert að benda á, að traust getur aldrei verið markmið í sjálfu sér, því þá er hættan ávallt sú að lýðskrum verði niðurstaðan, og ekki trúi ég að ellefu-menningar vilji gerast talsmenn þess.

Kjarna málsins er samt að finna í ákalli þeirra um nærgætni og fagleg vinnubrögð, og eftir slíkum vinnubrögðum var ég einmitt að kalla í minni grein.

Guðrún Ebbu leggur mikla áherslu á, að eina leiðin til bata sé að horfast í augu við sannleikann. Og þannig er nafnið á bókinni „Ekki líta undan“ líka tilkomið. Hún vill ekki líta undan né heldur að aðrir geri það. Hún er m.ö.o. að hvetja til hugrekki og vill fá fólk til að horfast í augu við vandamálin. Í samræmi við þetta vonast hún svo til að bókarskrifin eigi eftir að verða til góðs.

Það er engin ástæða til að efast um þau virðingarverðu markmið, sem Guðrún Ebbu hefur sett sér með útgáfu bókarinnar. Aftur á móti þarf að horfast í augu við þau vandamál sem felast í frásögn hennar. Minningar hennar eru ekki venjulegar minningar og einmitt þess vegna er ástæða til að fjalla sérstaklega um þá hættu, að hér geti í raun verið um falskar minningar að ræða.



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

BIST DU EIN BERLINER?

Heimsmeistaramót íslenska hestsins 2013

Heimsmeistaramót íslenska hestsins árið 2013 verður haldið í fyrsta skipti í miðri stórborg.

Mótið verður haldið á fallegum stað í Berlín í Þýskalandi dagana 4. - 11. ágúst.

Búist er við a.m.k. 20.000 gestum frá 19 þjóðlöndum.

Íslandsstofa í samvinnu við skipuleggjendur Heimsmeistaramóts íslenska hestsins í Berlín 2013, bjóða þér á kynningarfund þar sem heimsmeistaramótið 2013 og sýningar- og sölu-svæðið verða sérstaklega kynnt.

Laugardaginn 5. nóvember verður fundur kl. 14, á Hótel Íslandi/Park Inn, Ármúla 9. Kynningin er aðeins ætluð fyrirtækjum sem bjóða upp á hestatengdar vörur og þjónustu.

Mánudaginn 7. nóvember verður fundur kl. 14, að Borgartúni 35, 6. hæð. Kynningin er ætluð öllum öðrum fyrirtækjum og einstaklingum.

Þar sem mótið er nú haldið í miðri Berlín bjóðast þér nýir og spennandi möguleikar.

Á fundunum munu fulltrúar HM í Berlín fara yfir skipulag mótsins og kynna sérstaklega sýningar- og sölusvæðið. Fulltrúar Íslandsstofu munu einnig kynna þá fjölbreyttu möguleika sem í boði eru fyrir íslensk fyrirtæki.

Áhugasamir skrái sig á islandsstofa@islandsstofa.is eða í síma 511 4000 fyrir 4. nóvember.

Upplýsingar um mótið má finna á vefslóðinni www.berlin2013.de

Nánari upplýsingar veita Berglind Steindórsdóttir, berglind@islandsstofa.is og Aðalsteinn Haukur Sverrisson, adalsteinn@islandsstofa.is eða í síma 511 4000.

one world -
five gaits!



Allt fínt fyrir jólin

Jólaílmur í eldhúsinu

**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**

**30 DAGA
SKILARÉTTUR**

Húsasmiðjan býður upp á mikið úrval af heimilistækjum á frábæru verði.

Gæði og gott verð skipta okkur miklu máli. Þess vegna bjóðum við 5 ára ábyrgð og 30 daga skilarétt á öllum stórum heimilistækjum.

Það borgar sig að versla í Húsasmiðjunni.



Orkunýting A

Frábært verð

74.900

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR

Electrolux

Ofn
EOB53100X
Ryðfrittstál, blástursofn,
nú kerfi.
1830111



48.900

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR

**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**
30 DAGA
SKILARÉTTUR

Frystikista
G115. H 84,5cm B 57cm D 55cm,
103 ltr. Orkunýting A+
1805483



16.990

MESTU
GÆÐI

Kaffivél Senseo II
Philips, svört.
1840911



102.900

VID
MÆLUM
MED

Electrolux

**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**
30 DAGA
SKILARÉTTUR

Uppþvottavél
ESF 65050X
Fimm þvottakerfi,
hljóðstyrkur 47 dB.
1805340



58.900

VID
MÆLUM
MED

Electrolux

**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**
30 DAGA
SKILARÉTTUR

Helluborð
ESH60021X.
m/snertirofum
1805514

KAUPLÁN

Nánar á husa.is

0%

VAXTALAUST LÁN

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana



HÚSASMIÐJAN

Dýr sparnaður

Eftirlit lögreglu

Jakob Frímánn Magnússon

framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar



Í opnu bréfi, stíluðu á mig í Reykjavík Grapevine, gerir fv. varapingmaður VG, Paul Nikolov, athugasemd við orð mín í sjónvarpsfréttum RUV 25. október sl. og krefst afsökunarbeiðni vegna ummæla sem líta að nauðsyn þess að efla eftirlit bæði lögreglu í miðborginni og þeirra sem ætlað er að fylgjast með ferðum hugsanlegra glæpagengja í Leifsstöð og víðar. Þetta var m.a. sagt í ljósi þess að um áramót verða breytingar á reglum er varða tvær Evrópuþjóðir.

Mér er bæði ljúft og skylt að biðja Paul Nikolov og aðra forláts sem ég kann að hafa sært með orðalagi mínu. Geri ég það hér með. Okkur ber öllum að varast alhæfingar og ég efa ekki að slíkt hafi hent mig í því stutta sjónvarpsþjalli sem vísað er til.

Í ljósi þess að umræða um þessi mál mun að líkindum fara vaxandi á næstunni, tel ég rétt að halda hér stuttlega til haga megininntaki þeirra sjónarmála er ég tel skipta máli. Þá vil ég undirstrika mikilvægi þess að unnt sé að ræða alþjóðlega glæpastarfsemi án þess að vera sakaður um kynþáttafordóma.

Hvers vegna nefndi ég glæpagengi frá Búlgaríu og Rúmeníu sérstaklega? Jú, sökum breytinga er taka gildi 1. jan nk. og verða þessar þjóðir af einhverjum ástæðum sem hljóta að vera gildar. Það er heldur ekkert launungarmál að af öllum glæpagengjum Evrópuþjóða eru gengi umræddra landa talin hvað

skæðust um þessar mundir. Það er því e.t.v. lán í óláni, svo fátælega sem það kann að hljóma, að glæpagengi annarra Evrópuþjóða hafa þegar sammælt um að skipta íslensku undirheimakökunni milli sín, hvað sem síðar kann að verða.

Flestir ættu að geta sammælt um að vopnað tugmilljóna króna rán í miðborg Reykjavíkur gefi fullt tilefni til vitundarvakningar, umræðna og viðbragða um þróun og eðli glæpastarfsemi á Íslandi. Góðu fréttirnar eru a.m.k. þær að þýfið úr því ráni, sem hér er til umræðu, hefur fundist og eftirlitsmyndavélum á Laugavegi og víðar verður nú fjölgað til muna.

Fjölsóttasta svæði Íslands er miðborg Reykjavíkur. Hagkerfi miðborgarinnar nemur hátt í þrjú hundruð milljörðum króna.

Hér skulu ítrekuð eindregin til-mæli um að a.m.k. tveir fótgangandi lögreglumenn séu ávallt sýnilegir í miðborginni líkt og í öðrum miðborgum, rétt eins og Reykvíkingar áttu að venjast til skamms tíma.

Jafnframt skal hér opinberlega skorað á innanríkisráðuneytið að tryggja hærrí fjárframlög til landamæraeftirlits með hliðsjón af vaxandi tíðni erlendra glæpagengja, hvaðan sem þau koma. Það virðist hafa gleymst við hina umdeildu ákvarðanatöku um Schengen samninginn á sínum tíma að slíkt alþjóðlegt samstarf kallar á umtalsverða fjármuni. Um 700.000 einstaklingar af erlendu þjóðerni sækja Ísland heim árlega sem þýðir að umtalsverð tekjuaukning fyrir ríkissjóð hefur átt sér stað vegna erlendra gesta frá því að Schengen samningurinn var undirritaður. Skyldi aukning gjalda vegna þessa mála-flokks hafa verið í samræmi við þessa miklu aukningu tekna? Hér

gildir einu hvort breytingarnar um næstu áramót tengjast Evrópusambandinu eða Schengen.

Það verður líka að teljast harla undarlegt að við brottför frá landinu starfar stór hópur fólks við að gegnumlýsa mann hátt og lágt, skólausan og fáklæddan, en við komu til landsins eru í besta falli tveir syfjulegir landamæraverðir að gjóa á mann því auganu sem betur er vakandi.

Fyrstu krónu skattgreiðandans skal varið til að verja hann árásum eða innrásum. Sé öryggisstillingu almennings á götum úti ábótavant, ber að endurskoða forgangs-röðun ríkisins.

Allar þjóðir heims þurfa hver með sínum hætti að standa vaktina gegn glæpasamtökum sem fara markvisst á milli þjóðlanda í leit að verðmætum, ógnandi öryggi almennings. Ísland virðist auðveld bráð í augum slíkra hópa – enn sem komið er.

Við skulum einnig gæta þess að gera skýran greinarmun á umræðum um tiltekna þjóðir og umræðum um glæpagengi tiltekinnna þjóða. Þó að mynd Íslands hafi beðið hnekkir eftir fjármálaþrótt nokkurra einstaklinga í útlöndum, dettur fáum heilvita mönnum í hug að fordæma þjóðina sem heild fyrir slíkt. Sama gildir um aðrar þjóðir. Mafíustarfsemi á Ítalíu er til dæmis löngu alræmd en engu að síður sækir fjöldi Íslendinga þessa ágætu þjóð heim á hverju ári og hefur á henni mjög góðan þokka.

Við skulum forðast alhæfingar og gæta háttvísi og tillitssemi í skoðanaskiptum okkar um þessi viðkvæmu mál. Hins vegar verður að ræða þau af hreinskilni og hispursleysi og síst af öllu reyna að þagga þau niður á tímum vaxandi glæpastarfsemi á Íslandi.

Hvers virði ert þú?

Fjármál

Birgir Örn Guðjónsson

eiginmaður og faðir



Hvernig getur það verið fjarlægur draumur fyrir fjögurra manna fjölskylda á Íslandi að eignast hús með garði? Það þarf ekki að vera einbýlishús, heldur bara hús þar sem börnin hafa sitt eigið herbergi og geta farið út í garð að leika sér. Ég á mér þennan draum.

Bankastjórn minn sagðist um daginn sjá ákveðin verðmæti í ákveðnu fyrirtæki og því hefðu þeir lagt fjármuni í fyrirtækið. Ég vænti þess að það sama eigi við um manninn sem fékk tugi milljarða afskrifaða í sama banka en fær samt að vera milljarðamæringur áfram. Fjölskylda sem gerði þau „mistök“ að sýna varkárni í „góð-ærinu“ og hefur staðið við sín prinsipp síðan fær ekki krónu. Er þessi fjölskylda einskis virði.

Hin venjulega fjölskylda er ekki einu sinni að fara fram á mikið, hún er bara að óska eftir smá leiðréttingu. Hún er meira að segja til í að vera það rausnarleg að taka megnið á sig þó að hún eigi það alls ekki skilið.

Við vitum að við fáum aldrei leiðréttingu á öllu því sem við eigum skilið. En það væri jafnvel nóg að fá bara að koma út á núlli, þrátt fyrir að vera búin að borga fleiri milljónir í einhver ár. Er hægt að ætlast til meira af okkur?!

Það eiga að vera eðlileg mannréttindi að geta eignast hús yfir höfuðið. Ef þú tekur lán fyrir íbúð áttu að geta gengið að því visu að þú borgir lánið niður með tímanum en ekki að það hækki við hverja innborgun. Það er ekki eðlilegt að

íbúðarkaup séu eins og fjárhættuspil þar sem „húsið“ fær að velja sér öll spilin.

Ég hef talað mikið við starfsfólkið í bankanum mínum og hef ekkert nema gott um það að segja. Þau eru kurteis og koma fram við mig af hlýju og hluttekningu. En það er ekki nóg. Við báðum ekki um koss á bágtið. Hlý orð eru innantóm án verka.

Ég veit að það eru ótrúlega margir í svipaðri stöðu og ég en samt er þögnin þrúgandi. Við eigum að láta í okkur heyrna þó að við köstum ekki eggjum eða berjum á tinnur. Það má ekki vera eina tjáningarformið sem opnar eyru þeirra sem ráða. Fjölskyldur landsins eiga ekki að gefast upp. Það er of mikið í húfi.

Pað er ekki eðlilegt að íbúðarkaup séu eins og fjárhættuspil þar sem „húsið“ fær að velja sér öll spilin.

Ég á mér draum, en það merkir ekki að ég sé sofandi. Ég er kurteis, en það merkir ekki að ég verji ekki fjölskyldu mína. Ég er jákvæður, en það merkir ekki að ég samþykki óréttlæti.

Ég er orðinn þreyttur á því að það sé talað niður til okkar sem erum ekki sátt og sagt að við séum neikvæð og ímyndunarveik. Ég vil réttlæti einmitt vegna þess að ég elska fjölskyldu mína og lífið sjálft.

Ég neita að trúá því að við þurfum að kenna börnunum okkar ný prinsipp í framtíðinni. Ég trúí því enn að bankarnir og stjórnmöld sjái verðmætin í íslenskum fjölskyldum. Þar liggja hin raunverulegu verðmæti.

AÐEINS ÞESSA HELGI

25%

AFSLATTUR

ELDHÚSÁHALDA

VEGGUR

YFIR 400 VÖRUR

byggto og búid

568 9400 byggto og buid.is | Kringlunni

facebook.com / byggto og buid

- SÍTRÓNUPRESSA
- EPLASKERI • PIZZAHNÍFUR • AUSUHVÍLA
- ANANASSKERI
- GUFUSUÐUSIGTI
- OSTASKERI
- SPAÐAR • AUSUR
- SIGTI • SLEIFAR
- BUFFHAMRAR
- MÆLISKEIÐAR
- BOLLAMÁL • OG
- MARGT MARGT FLEIRA

ALLT FYRIR SKOTVEIÐINA Í ELLINGSEN

Remington. BROWNING. WINCHESTER



REMINGTON 870 26" HAGLABYSSA
Góð byssa fyrir byrjendur
10.833 kr. léttgreiðslur í 6 mán.
65.000 KR.
FULLT VERÐ 76.900 KR.



BROWNING COMPOSITE 28" HAGLABYSSA
Fislétt og með áreiðanlegri gasskiptingu
26.650 kr. léttgreiðslur í 6 mán.
159.900 KR.
FULLT VERÐ 199.900 KR.



WINCHESTER HAGLASKOT 36 g
Super Speed 10 skot í pakka
890 KR.
FULLT VERÐ 1.190 KR.



BETTINSOLI ZEPHYR 26" HAGLABYSSA
Camouflage
27.500 kr. léttgreiðslur í 6 mán.
165.000 KR.
FULLT VERÐ 199.990 KR.



BROWNING PHOENIX 26" HAGLABYSSA
Fislétt og með áreiðanlegri gasskiptingu
26.650 kr. léttgreiðslur í 6 mán.
159.900 KR.
FULLT VERÐ 199.900 KR.



WINCHESTER HAGLASKOT 40 g
Super Speed 10 skot í pakka
1.090 KR.
FULLT VERÐ 1.390 KR.



BETTINSOLI ZEPHYR 26" HAGLABYSSA
Hálfsjálfvirk, svört
25.000 kr. léttgreiðslur í 6 mán.
150.000 KR.
FULLT VERÐ 189.990 KR.

ALLEN RJÚPNAVESTI
5.393 KR.
FULLT VERÐ 7.190 KR.



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörunar sem uppfylla þínar þarfar. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Matur handa öllum

Landbúnaður

Áslaug Helgadóttir

prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands



Framleiða þarf helmingi meiri mat í heiminum á næstu 50 árum en nú er gert. Fólksfjöldun er ör og sífellt fleiri vilja borða jafn vel og Vesturlandabúar hafa tamið sér. Þetta verður að gera án þess að ganga frekar á gæði jarðarinnar. Það þarf að auka framleiðni verulega á sama tíma og margt bendir til þess að skilyrði muni versna á stórum landsvæðum vegna loftslagsbreytinga. Staðan er ekki vonlaus – langt í frá. Nú sem endranær er best að treysta á hugvitið og velja árangursríkustu leiðirnar að settu marki.

Til þess að mæta þessu markmiði þarf að stórauka framlag til landbúnaðarrannsóknna. Það þarf að gera áttak í að losa nýja tækni undan ofurvaldi stórfyrirtækja og einkaleyfa og gera hana aðgengilega fyrir bændur um allan heim. Jafnframt þarf að slaka á óraunhæfum kröfum um heimild til þess að rækta og nýta afurðir erfðatækninnar.

Fólkið streymir úr sveitum á mölina

Það er vert að hafa nokkrar staðreyndir á hreinu. Á síðustu 50 árum hefur framleiðsla á landbúnaðarvörum haldið í við fólksfjöldunina og vel það því nú er framleiddur 30% meiri matur á mann en var 1960, þótt vissulega sé gæðunum misstípt milli jarðarbúa. Á sama tíma hefur einungis um 10% meira land verið brotið til ræktunar, en fólkinu hefur fjölgað um 123%. Fólk hefur streymt úr sveitum og á mölina og nú eru bændur einungis örfá prósent vinnuafslins í flestum löndum heims.

Hvernig má þetta vera? Jú, svarið er einfalt. Búvísindi hafa leikið lykilhlutverk í þessari þróun, einkum tilbúinn áburður, bættar ræktunaraðferðir og framfarir í plöntukynbótum. Græna byltingin, sem hófst á 7. áratugnum, gjörbreytti fæðuöryggi og dró úr næringarskortu hundruða milljóna í þróunarlöndunum fyrir utan Afríku og lagði grunn að velmegun í löndum eins og Kína og Indlandi.

Fórnarkostnaðurinn hefur hins vegar verið mikill. Landbúnaður nýtir um 40% af öllu landi í heiminum og allt besta landið er nú þegar í ræktun. Frá 1960 hefur áveituland tvöfaldast og áburðar-

notkun aukist um 500% enda streyma næringarefnið sífellt af ræktarlandinu með matnum í borgirnar. Vatnsgæði hafa minnkad en orkunotkun og áburðarmengun aukist. Um þriðjung af losun gróðurhúsalofttegunda má rekja til landbúnaðar vegna eyðingar regnskóga, metanlosunar frá búfé og hrísgrjónaræktun og losunar á nituroxíði frá ábornu landi.

Það er hægt að auka framboð á mat

Það er ljóst að við þurfum nýja nálgun í landbúnaði. Í nýrri grein („Solutions for a cultivated planet“, Nature 20. okt. 2011) eru færð rök fyrir því að auka megi framboð á mat í heiminum um 100-180%. Jafnframt sé unnt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tapi á líffjölbreytni, og bæta jarðvegs- og vatnsgæði. Árangursríkustu leiðirnar eru margþættar. Að mati höfunda eru eftirfarandi atriði brýnust:

■ Að takmarka frekari landnot til landbúnaðar, einkum í hitabeltinu þar sem eyðing regnskóga veldur mikilli kolefnislosun. Slíkt land gefur almennt litla uppskeru. Skynsamlegra er að vernda gott ræktunarland annars staðar og auka uppskeru þar.

■ Að beita allri tiltækri þekkingu og tækni til þess að fá hámarks- uppskeru á hverjum stað miðað við getu landsins. Mikilvægt er að velja af kostgæfni tegundir og kynbætt yrki þeirra og nýta áburð og áveituvatn af skynsemi. Frekari kynbætur munu einnig skila ávinningi.

■ Að draga úr ósjálfbærri nýtingu á vatni, næringarefnum og ýmiss konar hjálparefnum. A mörögum svæðum er ofauðgun af völdum næringarefna vandamál, t.d. sums staðar í Kína, Norður-Indlandi, Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Þar þarf að draga úr áburði, bæta nýtingu á lífrænum áburði og finna leiðir til þess að ná næringarefnum inn í hringrás milli sveita og borga. Á öðrum svæðum vantar hins vegar sárlega næringarefni, t.d. víða í þróunarlöndunum og í Austur-Evrópu. Þar gæti verið skynsamlegt að auka áburðargjöf.

■ Að breyta mataræði og nýta uppskeru beint til manneldis í stað þess að gera úr henni fóður eða lífeldsneyti. Það mætti einnig framleiða meira af kjöti sem krefst minni orku. Munum þó að beitarbúskapur, einkum á jaðarsvæðum eins og hér á landi, og búfjárrækt og akuryrkja í bland

geta lagt til hitaæiningar og prótein og bætt þannig efnahag og fæðuöryggi víða um heim.

■ Að draga úr sóun því milli 30-50% af þeim mat sem framleiddur er í heiminum kemst aldrei á leiðarenda. Hann glatast ýmist í framleiðslu og flutningi á markað (þróunarlöndin) eða hjá söluaðilum og neytendum (þróðu löndin). Meindýr og sjúkdómar skemma einnig mikinn mat, og geymsluþol sumra matvæla er takmarkað.

Finnur lausnir sem henta hverju landsvæði

Til þess að þetta gangi eftir er mikilvægt að efla vísindalega þekkingu og að leiðirnar sem valdar verði séu gagnreyndar en byggist ekki á kreddu eða hjávisindum. Finna þarf lausnir sem henta hverju landsvæði og spyrja hvað gefi bestan árangur með minnstum tilkostnaði. Nýjar aðferðir verða að auka þanþol kerfisins og draga úr áhættu, t.d. vegna nýrra sjúkdóma eða efnahagslegra áfalla. Leitinn að nýjum lausnum verður að vera óbundin af fyrir fram ákveðinni skoðun á einhverri tækni eða framleiðsluáferð. Þær aðferðir sem við notum á hverjum tíma þurfa þó að vera í stöðugri endurskoðun.

Nýtt vinstriafli – án allra öfga

Stjórnsmál

Kristján Guðlaugsson
verkefnastjóri



Það mikilvægasta sem maðurinn hefur uppskorið í baráttu sinni fyrir betra lífi á síðustu öldum er borgaralegt þingræði. Öfgafullar stefnur síðustu aldar, kommúnisminn og ofstækisfull hægristefna, hafa hver á sinn hátt grafið undan þingræðinu. Það er kominn tími til að skapa öfluga vinstrihreyfingu sem afneitar ríkistrúnni og byggir á sönnum gildum þingræðis og lýðræðis. Þess vegna fagna ég hugrekki og framsýni Lilju Mósesdóttur.

Kommúnisminn og forræðis- hyggja ríkistrúarmanna, bæði til vinstri og hægri, hrundi endanlega saman á tíunda áratug síðustu aldar. Við tók hömlulaus nýfrjálslyggja hægriafllanna sem kastaði að lokum veröldinni út í dýpstu kreppu hins borgaralega þjóðfélags síðan kreppan mikla 1929-1939 reið yfir.

Að stofna nýtt stjórnsmálafl er ekki neitt áhlaupaverk. Það þarf fyrst og fremst að endurreisa trú fólksins á raunverulegt þingræði.

Landlæg vantrú manna á stjórnsmálum og stjórnsmálamönnum veldur því að óánægja með allt sem þingræðið stendur fyrir hefur svipt almenning trúna á því að miklu leyti. Þar á nýfrjáls- hyggjan, klíkuskapurinn og vildarvinahugsunin afgerandi þátt, en við fall austurblokkarinnar opnuðust nýir, lítt plægðir mark-

aðir, samtímis því sem tölvuöldin gerði mönnum kleift að nýta gamla markaði langtum betur en áður voru dæmi til. Alla þessa möguleika notfærði nýfrjáls- hyggjan sér einvörðungu til þess að auka völd og gróða örfárna manna.

En þessi stefna ól andstöðu sína. Upp er risin alþjóðleg hreyfing sem berst fyrir jöfnuði og gegn einkavæðingu, ofurgróða og valdspillingu. Það er á þessum grundvelli að nýtt vinstriafli stjórnsmálafl verður að rísa, auðvitað með sértæk úrlausnarefni hins íslenska þjóðfélags í huga fyrst og fremst.

Stefnuskráin verður að taka

Forysta slíks stjórnsmálaafli verður að hlusta á vilja almennings sem og gagnrýni og skoðanir venjulegra flokksmanna.

mið af tvennu, baráttu fyrir raunverulegu þingræði og gegn óréttlátum kjörum og aðstæðum almennings. Hana verður líka að móta með þátttöku fólksins og án tilrauna til þess að skapa elítu eða forystuafli sem stendur utan við og ofar venjulegum meðlimum.

Forysta slíks stjórnsmálaafli verður að hlusta á vilja almennings sem og gagnrýni og skoðanir venjulegra flokksmanna. Flokkurinn verður að taka mið af

hagsmunum almennings, réttlæti í fjármálum og skattamálum, sem og jafnréttismálum, standa vörð um þjóðareign, fiskveiðistjórnun, orkumál og jafnvægi í möguleikum allra til að hafa áhrif á líf sitt og framtíð barna sinna.

Í fjármálum þarf að endurskoða skattakerfið. Ofurveldi bankanna þarf að stöðva. Tillit til vogunarsjóða og fjárfesta verður að víkja fyrir hagsmunum hins vinnandi fólks.

Í utanríkismálum þarf að taka skýra afstöðu gegn aðild að Efnahagsbandalaginu. Ísland á að ganga úr NATO og vera óhrætt við að taka sjálfstæða afstöðu á alþjóðavettvangi.

Í heilbrigðismálum á að tryggja almenningi bestu þjónustu sem völ er á. Nefna má ókeypis tannlækningar fyrir unglínga, betri kjör fyrir eldri borgara og styrkari fjárhagslegan grundvöll fyrir þá sem sjúkdómar eða örorka hafa hrakið út af almennum vinnumarkaði.

Afstaðan til verkalyðshreyfingarinnar og lífeyrissjóðanna skiptir hér einnig máli. Það verður að leggja mikla áherslu á að vinna aftur verkalyðshreyfinguna og ná stjórn á lífeyrissjóðunum í þágu réttsýni og jafnræðis.

Fleiri mál má nefna, en stefnumótunin sjálf og úrvinnsla hennar verður að fara fram á jafnréttis- og lýðræðisgrundvelli með þátttöku sem flestra.

Tökum blaðið frá muninum og sameinungum um stofnun nýs stjórnsmálaafli til vinstri, en án allra öfga. Við erum fólkið og við getum lyft grettistaki á vettvangi þingræðisins.

Áskoranir höfuðborgarsvæðisins næstu 20 árin

Skipulagsmál

Gunnar Alexander Ólafsson
hagfræðingur



Árið 1991 voru Íslendingar 255 þúsund talsins og þar af bjuggu um 149 þúsund á höfuðborgarsvæðinu (í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Álftanesi) eða um 58% íbúa landsins. Tuttugu árum síðar, eða í ársbyrjun 2011, bjuggu um 318 þúsund íbúar á Íslandi og þar af bjuggu um 201 þúsund íbúar á höfuðborgarsvæðinu eða um 63%. Landsmönnum fjölgaði um 24% á þessum tuttugu árum. Íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgaði um 52 þúsund á þessum tuttugu árum en íbúum annars staðar á landinu fjölgaði um 10 þúsund.

snýr að búsetuáráttum fyrir allan þennan íbúafjölda. Sem betur fer er nóg til af löðum og ein nálgun sem ég tel vera góða er að byggja þéttar, þ.e. byggja á svæðum sem nú eru óbyggð. Í því sambandi mætti íhuga að tengja Suðurgötu við Kársnes og síðar lengra í Álftanes. Með þessari þéttingu byggðar yrðu til tengsl milli byggðasvæða sem nú eru ekki til staðar.

Önnur áskoranin lýtur að umferðarmálum og þróun þeirra. Ljóst er að tengja þarf betur ólík svæði höfuðborgarsvæðisins og ofangreind tillaga um þverun Skerjafjarðar er ein tillaga af mörgum sem þarf að grípa til með það fyrir augum að bæta umferð vegna fyrirsjáanlegrar íbúafjölgunar á svæðinu.

Þriðja áskoranin tengist almenningssamgöngum og þróun þeirra. Ef þessi þróun í íbúafjölgun gengur eftir þarf að stórefla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og auka

Sveitarfélögin þurfa að vera í öflugra samstarfi við skipulagningu höfuðborgarsvæðisins og nálgast það sem eina heild til að mæta þeirri íbúafjölgun sem fyrirsjáanleg er.

Gefum okkur að sama fjölgun muni eiga sér stað næstu tuttugu árin og undanfarin tuttugu ár. Þá verða landsmenn orðnir 380 þúsund sem er aðeins meira en miðspá Hagstofu Íslands segir til um. Íbúafjöldinn á höfuðborgarsvæðinu yrði þá um 250 þúsund og íbúafjöldi annars staðar á landinu um 130 þúsund. Ljóst er að ef íbúum á höfuðborgarsvæðinu kemur til með að fjölga um 50 þúsund næstu tuttugu árin standa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu frammi fyrir mikilli áskoran.

Hvernig á að bregðast við í búsetumálum til að mynda? Fjölgun um 50 þúsund næstu tuttugu árin kallar enn fremur á nýja sýn í þróun umferðarmála á höfuðborgarsvæðinu sem og í þróun almenningssamgangna.

Ég sé fyrir mér fjórar megin-áskoranir. Fyrsta áskoranin

vægi þeirra í allri stefnumótun varðandi þróun íbúðahverfa og tengingu þeirra við miðbæjar- kjarna.

Fjórða áskoranin fjallar um innri uppbyggingu þjónustustofnana og ber þá helst að nefna skóla, heilsugæslu og þjónustumiðstöðvar.

Mín ósk í þessum efnum er sú að nú gefst tækifæri til að tengja betur sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hvað skipulagsmál varðar. Sveitarfélögin þurfa að vera í öflugra samstarfi við skipulagningu höfuðborgarsvæðisins og nálgast það sem eina heild til að mæta þeirri íbúafjölgun sem fyrirsjáanleg er. Það væri óskandi að þau bæru gæfu til þess samstarfs þannig að vegalengdir milli staða á höfuðborgarsvæðinu lengduð ekki, heldur yrði reynt að byggja á svæðum sem eru óbyggð.



LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is



Fyrir þig í Lyfju

Styrkur fyrir ónæmiskerfið

© 2011 Lyfja hf. All rights reserved.



Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælaust með bestu rúma-kaupunum í dag. Dýnan býður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt. Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færir mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur. Passion rúmin eru fánleg í mörgum litum og með margar mismunandi gerðir af rúmfótum.

Þægindin í fyrirúmi

MEÐ GÆÐAHÚSGÖGNUM FRÁ LÚR



Hvíldarstólar og sófar

Við bjóðum upp á mikið úrval af hvíldarstólum og hvíldarsófum, með eða án tungu. Þú finnur þitt útlit, þinn lit og þína áferð í tui eða leðri hjá okkur.



Í LÚR - Betri hvíld færðu hágæða Serta dýnur, framleiddar í verksmiðjum Serta í Ameríku. Serta ber ekki ábyrgð á dýnum sem framleiddar eru í öðrum löndum undir þeirra merki. Verslaðu ósvikna hágæða vöru með viðurkenndri ábyrgð frá framleiðanda í LÚR - betri hvíld.



Kíktu í heimsókn, skoðuðu úrvalið og uppfylltu drauma þína um betri hvíld.

LÚR
BETRI HVÍLD



HENRI MATISSE myndlistarmaður (1869-1954) lést þennan dag.
„Sköpunarkraftur krefst hugrekks.“

AFMÆLI

DOLPH LUNDGREN leikari er 54 ára.



PAPRIKA STEEN leikkona er 47 ára.



ÞETTA GERÐIST 3. NÓVEMBER 1978

Drög að sjálfsmorði í MH

Megas heldur fræga tónleika í Menntaskólanum við Hamrahlíð undir heitinu Drög að sjálfsmorði. Hljóðritun af tónleikunum var gefin út árið 1979.

Hljóðfæraleikarar á plötunni fyrir utan Megas eru Björgvin Gíslason, Guðmundur Ingólfsson, Lárus Grímsson, Pálmi Gunnarsson og Sigurður Karlsson. Hljóðblöndun í sal annaðist Magnús Kjartansson.

Eftir að platan kom út fór á kreik sá kvittur að Megas hefði stýtt sér aldur. Svo var ekki en tónlistarmaðurinn kúplaði sig frá tónlistarheiminum um tíma og starfaði meðal annars sem hafnarverkamaður. Hann hljóðritaði ekki



lag á ný fyrir en 1983 þegar hann söng Fatlafól með Bubba.

Árið 1993 kom út tuttugu laga safnútgáfa, Paradísarfuglinn, með úrvali laga frá ferlinum með nýrri hljóðritun lagsins Ef þú smælur framan í heiminn, þar sem Björn Jörundur Friðbjörnsson söng dúett með Megasí.

Þar með hófst samstarf Megasar og hljómsveitarinnar Nýdanskra, sem kristallaðist í hljómsveitum sem haldnir voru í hátíðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð 1993. Tónleikarnir voru hljóðritaðir og þóttu takast það vel að afraksturinn var gefinn út á plötunni Drög að upprisu árið 1994.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Hrefna Þorvarðardóttir

sem andaðist fimmtudaginn 27. október, verður jarðsöngin frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 5. nóvember kl. 14.

Hannes K. Gunnarsson

Sigurborg Kristín Hannesdóttir Ingi Hans Jónsson
Gunnar Hannesson Guðrún Hjartardóttir
Lárus Ástmar Hannesson María Alma
Valdimarsdóttir
Freyja, Hrefna Rós, Arna Ösp, Halldóra Kristín, Anna Soffía og Valdimar Hannes

Vanda Lunkevic

Útför hennar fer fram frá Landakotskirkju fimmtudaginn 3. nóvember kl. 14.30.



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Stefán Ingi Vagnsson

bóndi,
Minni-Ökrum, Skagafirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks fimmtudaginn 27. október. Útför hans fer fram frá Miklabæjarkirkju laugardaginn 12. nóvember kl. 14. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks og Krabbameinsfélag Skagafjarðar.

Sigurlaug Jónsdóttir

Sigurbjörg Th. Stefánsdóttir Magnús Hlíðdal Guðjónsson
Vagn Þormar Stefánsson Guðrún Elva Ármannsdóttir
Jón Hjörtur Stefánsson Þorbjörg Harðardóttir
Guttormur Hrafn Stefánsson Kristín Halla Bergsdóttir og barnabörn



Ástkær faðir okkar, sonur, afi og sambýlismaður,

Ingvar Örn Hafsteinsson

húsasmiður,

lést á heimilinu sínu fimmtudaginn 27. október. Verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju mánudaginn 7. nóvember kl. 13.00.

Katrín Ingvarsdóttir Ingveldur Anna Ingvarsdóttir
Þórunn Linda Ingvarsdóttir Sigrún Ellen Einarisdóttir
Eiður Örn Ingvarsson Eldur Aron Eidsson
Ingi Rúnar Ingvarsson

TILBOÐSDAGAR

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á legsteinum sem pantaðir eru í nóvember

MOSAÍK Hamarshöfða 4 110 Rvk sími 587 1960 www.mosaik.is



FORRITARI Baldur Gíslason hefur starfað sem forritari í mörg ár en skellti sér í tölvunarfræðinám í HR fyrir tveimur árum og líkar vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BALDUR GÍSLASON: VANN HAKKARAKEPPNI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Öryggi fæst ekki í kassa

Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík stóð fyrir hakkarakæppni á meðal nemenda skólans og almennings á dögnum. Tilgangurinn var að kenna næstu kynslóð forritara og yfirmanna tölvufyrirtækja að fyrirbyggja árásir tölvuþrjóta. Talið er að með því að þekkja hvernig andstæðingurinn hugsar megi koma í veg fyrir að hann fái sínu framgengt.

Keppnin snerist um að brjóta sérsmíðaðan hugbúnað, sem innihélt í það minnsta fjórar ólíkar tegundir algengra öryggisgalla, í því skyni að komast inn á tölvu.

Sigurvegari keppinnar var Baldur Gíslason, nemandi á öðru ári í rafmagnstæknifræði við Háskólann í Reykjavík.

„Verkefnin voru fjögur og voru stíghækkandi í erfiðleika,“ segir Baldur, en það tók hann um átta tíma að leysa hvert verkefni. „Þetta voru forrit sem

skrifuð voru fyrir keppnina og voru í raun líkön af hefðbundnum netþjónum. Þau innihéldu nokkur algeng mistök sem forritarar gera án þess að gera sér endilega grein fyrir því. Það sem verkefnin fólust í var að notfæra sér þau mistök og breyta gangi forritanna og láta þau gera eitthvað annað en höfundurinn reiknaði með,“ útskýrir Baldur, sem hafði sáralitla reynslu af hakki fyrir keppnina. „Ég vissi svona nokkurn veginn út á hvað það gekk en ekki annað.“

Baldur segir að vissulega hafi verið spennandi að taka þátt í keppninni en hann hafi þó ekki freistast til að hugleiða hakkið sem framtíðarstarf. En hvað þarf góður hakkari að hafa til að bera? „Bæði kunnáttu og heilmikla þolinmæði,“ svarar Baldur.

Inntur eftir því hvernig tölvuöryggi íslenskra fyrirtækja sé statt segist Baldur ekki hafa kannað það sér-

staklega en að sérfræðingar meti það í meðallagi slakt. Hann segir algengustu mistök höfunda hugbúnaðar að sannreyna ekki gögnin sem komi inn frá utanaðkomandi aðilum. Algengustu mistök notenda tölvukerfa séu hins vegar að halda að þeir séu öruggir með lausnir á borð við vírusvarnir sem þeir kaupi úti í búð. „Slíkar lausnir hjálpa til en það er aldrei hægt að kaupa sér algert öryggi í kassa.“

Baldur hefur starfað sem forritari í mörg ár en ákvað fyrir tveimur árum að skrá sig í tölvunarfræði við HR. „Mig langaði að bæta við mig meiri stærðfræðigrunni og kynnast nýju fólki,“ útskýrir hann og segist líka námið vel. „Ég er að læra mun meira en ég bjóst við,“ segir hann og hvetur fleiri til að nýta sér námið, enda sé alltaf næg eftirspurn eftir tölvunarfræðingum á vinnumarkaðnum.

solveig@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Erlendur Björnsson

prentari,
Hjallaseli 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 1. nóvember.

Aðalheiður Jónsdóttir

Laufey Erlendsdóttir Björn Vilhelmsson
Björn Erlendsson og afabörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Þorlákssdóttur

frá Hofi í Vestmannaeyjum,

er lést hinn 13. október sl. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

Eiríkur P. Einarsson Anna Gísladóttir
Óskar S. Einarsson Krístrún Hjaltadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



RAFVÖRU MARKAÐURINN

LJÓSAKRÓNUR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK



4.995
HANGANDI LJÓS



18.495
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



12.495
LJÓSAKRÓNA, 6 ARMA, GYLTT OG STÁL



9.995
5 LJÓSA
7.990
3 LJÓSA



14.995
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL




19.995
5 LJÓSA
12.995
3 LJÓSA




19.995
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA



11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



7.495
5 LJÓSA
5.995
3 LJÓSA



5.995
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST



7.495
5 LJÓSA
4.995
3 LJÓSA



9.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



11.995
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



5.995
3 LJÓSA



14.995
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

Tónlistarmenn styðja Kattholt



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur blýbug, vináttu og stuðning við andlát og útför sambýlismanns míns, föður okkar og sonar,

**Jóns Ægis
Ingimundarsonar**
Grýtu, Djúpavogi.

Claudia Gomez Vides
Hafrún Alexía Ægisdóttir
Emilio Sær Ægisson
Unnur Jónsdóttir
Ingimundur Steingrímsson



Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og blýbug við andlát og útför okkar ástkæra

Jógvans Hansen
(Joen Edvard Jacob Hansen),
Breiðabliksvegi 3, Vestmannaeyjum.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Haukur Andrésón
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 21. október sl. Útförin fór fram í kyrrþey.

Elín Kristinsdóttir
Sigurbjörg Hrönn Hauksdóttir
Halla Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn. Guðni Guðnason



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar B. Pálsson
verkfræðingur og prófessor,
Ægisíðu 44, Reykjavík,

sem lést 28. október, verður jarðsönginn frá Neskirkju föstudaginn 4. nóvember kl. 15.

Sigríður Einarisdóttir
Páll Einarsson
Baldvin Einarsson
Árni Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn. Gunnar Sigurðsson
Ingibjörg Briem
Sigrún Steingrímisdóttir
Unnur Þóra Jökulsdóttir



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og blýbug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu,

**Kristbjargar
Hermannsdóttur**
Höfðagötu 17, Stykkishólmi.

Hermann Guðmundsson
Bæring Jón Guðmundsson
Sigurþór Guðmundsson
Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson
Ólöf Guðrún Guðmundsdóttir
Ágústina I. Guðmundsdóttir og fjölskyldur
Sigurlína
Sigurbjörnsdóttir
Jóna Gréta
Magnúsdóttir
Sigrún Hrönn
Porvarðardóttir
Elisabet Kristjánsdóttir
Jón H. Gunnarsson
Gunnar Gunnarsson

Björgvin Halldórsson, Bubbi Morthens og Ragnheiður Gröndal eru meðal þeirra tónlistarmanna sem koma fram á tónleikum í Fríkirkjunni í kvöld. Tónleikarnir eru haldnir til styrktar Kattholti, athvarfi fyrir óskilaketti.

„Þeir sem koma fram eru allir kattaeyndur eða kattavinir. Það gefa allir vinnu sína og komust færri að en vildu til að skemmta á tónleikunum,“ segir Anna Kristine Magnúsdóttir, formaður Kattavinafélags Íslands. Allur ágóði tónleikanna rennur óskertur til Kattholts. „Þetta er dýr rekstur en samkvæmt dýraverndunarlögum á að vera athvarf fyrir óskilaketti. Í dag eru Reykjavík, Sel-tjarnarnes og Mosfellsbær einu sveitarfélögin sem greiða Kattholti fyrir óskilaketti frá sér,“ segir Anna Kristine, en yfir 600 óskilakettir hafa komið í Kattholt á þessu ári. 234 fengu heimili en öðrum þurfti að lóga.

„Við verðum vör við aukið dýraníð og ætlum okkur að taka það föstum tökum. Mér hlýnaði því um hjartaræturnar yfir því hvað allir hafa verið boðnir og búnir að leggja okkur



TÓNLEIKAR Anna Kristine Magnúsdóttir, formaður Kattavinafélags Íslands, stendur fyrir styrktartónleikum í Fríkirkjunni í kvöld fyrir Kattholt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

lið og þakka Björgvini Halldórssyni sérstaklega fyrir ómælda aðstoð við undir-

búning tónleikanna.“ Miðsala hefst klukkan 17 í Fríkirkjunni og tónleikarnir

sjálfir klukkan 20. Miðaverð er 2.500 krónur.

- rat

Sérvizka Kjarvals á Kjarvalsstöðum

Boðið verður upp á lifandi viðburð með leikrænum tilburðum í tengslum við sögu-smiðjuna Sérvizka Kjarvals á Kjarvalsstöðum á laugar-daginn klukkan 15.

Huginn Þór Arason myndlistarmaður leiðir sögu-smiðjuna með aðstoð Klöru Þórhallsdóttur, fulltrúa fræðsludeildar. Huginn kemur fram með hluti,

myndefni og sögur tengdar smiðjunni og veltir fyrir sér á lifandi og myndrænan hátt hvort uppátæki og hversdagslegar athafnir Jóhannesar Kjarvals hafi í raun verið gjörningar.

Í Sögusmiðjunni er unnið upp úr þekktum og birtum heimildum, safneign og skjalasafni Kjarvalsstaða en einnig rannsókn Hannes-

ar Lárussonar á upphafi gjörningalistar á Íslandi frá árinu 1980, sem Gjörningaarkíf Nýlistasafnsins varðveitir.

Viðburðurinn er öllum opin og fer fram á íslensku.

- fsb

KJARVAL Listamaðurinn var þekktur fyrir uppátæki sín en voru þau kannski gjörningalist?



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigþór Sigurjónsson
veitingamaður,
Brúnalandi 21, Reykjavík,

sem lést á krabbameinlækningadeild 11E á Landspítalanum að morgni 26. október sl., verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 10. nóvember kl. 15. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarsjóði Landspítalans.

Kristín Auður Sophusdóttir
Sophus Auðun Sigþórsson Hjördís S. Björgvinsdóttir
Kristín Auður, Sophus Ingi, Dagur Auðun
Kristín María Sigþórsdóttir Ben Moody
Iris Æsa María



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Aðalsteinn Kristjánsson

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð aðfaranótt 28. október. Útförin fer fram í dag, fimmtudaginn 3. nóvember, kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

Anna Hjartardóttir
Óskar Jónsson
Hjörtur Aðalsteinsson Óskar Jacobsen
Kristján Aðalsteinsson Þóra Leósdóttir
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir Þorsteinn Hallgrímsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, systir, móðir, tengdamóðir og amma,

Hrafnhildur Óskarsdóttir
leikskólakennari,

lést 20. október sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þorvaldur Baldurs
Dagfríður Óskarsdóttir
Steinunn Ása Þorvaldsdóttir
Óskar Hrafn Þorvaldsson
Laufey Kristjánsdóttir
Magnea Óskarsdóttir
Orri Steinn Óskarsson
Emelía Óskarsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Páll Þorvaldsson
húsasmiður og fyrrv. húsvörður,
Njálsgötu 27b, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi hinn 30. október sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapelli mánudaginn 7. nóvember kl. 13.00.

Þorgeir Pálsson
Þorvaldur Sævar Pálsson
Stefán Pétur Pálsson
Gerða Theodóra Pálsdóttir
afabörn og langafabarn.
Sif Gunnlaugsdóttir Nielsen
Runólfur Þórhallsson

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

4BLS
BÆKLINGUR

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**0%
VEXTIR**
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI

Nú fást allar
vörur með vaxtalausum
raðgreiðslum til allt
að 12 mánaða með 3%
lántökugjald og 325kr
greiðslugjald af hverjum
gjalddegi.

**AÐEINS
330g**

**SPILAR
HD 720p
H.264, MPEG4,
MKV og fleira**

PlayTab2

Glæsileg multimedia 7" spjaldtölva
Golden Cup 96b, 2009 módel og lítið notuð. Verð aðeins 110.000 kr. Ívar Örn Sími 615 4349

Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Lítsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun

7 rósir 990 kr.

Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

DOMTI

Smáratorgi 1

Það er dyggð að spara!
Úrval af nýjum vörum!



HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is

Rannveig s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Snyrting

NUDD - DEKUR - ÍPRÓTTANUDD

Ípróttanudd, Gigtarnudd (krepptir finger), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

Til sölu



Hættir að brenna peningum!

Fjöldi Íslendinga hefur að undanfögnu metan breytt bílum sínum með BRC metan búnaði frá islandus.com. Höfum m.a. breytt Ford Explorer, Escape, Expedition, Toyota Landcruiser og Tacoma, VW, Skoda, Jeep, Daihatsu, Hyundai, Dodge og Lincoln. Getum breytt flestum bensín bílum með vandaðasta metan búnaði sem völ er á í dag.

Hljóðlátara kerfi

Þú heyrir ekkert í BRC búnaðinum. Ganghljóð bílsins er nánast óbreytt.

Fullkonnara metan kerfi sem virkar betur

BRC er mjög háþróað kerfi með fullkonnari stillingum en flest önnur metan kerfi til að tryggja réttan vélargang og afl við allar aðstæður og undir álagi t.d. frammúrakstur, kerrudrátt, upp brekkur, í snjó o.s.frv.

Startar fyrr á metan

BRC fer fyrr í gang en flest önnur metan kerfi, við aðeins 20 gráðu hita þannig þú notar bensín nánast ekkert.

Fer betur með vél bílsins

Ólíkt öðrum metan kerfum tryggir BRC betri endingu vélar bílsins í langkeyrslu og smyr ventla með bensíndropa innspýtingu öðru hverju.

Áratuga reynsla:

BRC er risastór alþjóðleg samsteypa sem þróar metan búnað fyrir alla helstu bílaframleiðendur. BRC á Íslandi www.brc.is flytur inn búnaðinn.

Milljóna sparnaður:

Flestir spara kr. 30.000 eða meira á mánuði eftir afborgun af metan búnaði. Sparaðu 400.000 á ári, tvær milljónir eða meira á 5 árum! Engin útborgun greiðist með léttgreiðslum úr sparnaði og þú getur sótt um allt að kr. 100.000 endurgreitt frá Tollstjóra ef þú pantar núna!


Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is




Bjarki Aðalsteinsson á nýjum metanbreyttum Jeep Liberty Sport. Nú heimsækir fjölskyldan tengdó í útlöndum fyrir sparnaðinn.



Frábær vinnubrögð. Kútarir hurfu undir blínn og sjást varla. Anægður Durango eigandi bendir á tvo 60lítra kúta undir bílnum.



Lesendur okkar eru á öllum aldri



með ólíka sýn á lífið



– og við þjónum þeim öllum



islandus.com

Ódýrari bílar frá öllum helstu framleiðendum. www.islandus.is — Sími 552 2000

FRÉTTABLAÐIÐ 10

Allt sem þú þarft



TANTRA NUDD
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímarpöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla
Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Dýrahald
ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu, tví og þrjú. S. 896 9478 Gunnar.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK
Gott verð, dags-, viku- og mánaðarleiga.
www.hotel105.com
GISTIÞÚSÍÐ VÍKINGUR
sími 896 4661

Gistiheimili - Guesthouse
www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb. og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Íbúð til leigu
5 herbergja íbúð til leigu í Norðlingaholtinu. Leigist á 190 þúsund. Laus 1. desember. Upplýsingar í síma 777 6409

ÞJÓNUSTA

Leiguumsjón láttu okkur sjá um fasteignina þína.
Gerð leigusamninga. Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala. Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu. Umsjón og eftirlit með fasteigninni. Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar. Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440

Til leigu, 3herb íbúð í smáíbúða hverfinu í rvk v.120þ á mán S.846 5237

Til leigu 4 herb. ný uppg. Björt íbúð á annari hæð í iðnarh. vðækóp 140þ á mán. Langtímal. Laus strax fyrirsp. Sendist á, a1124@simnet.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Fasteignir

Leiguskoðun við leigubyrjun og við leigulok er góð vörn fyrir leigutaka og -sala. skodunarstofan.is S. 5877120 og 821 4620

Atvinnuhúsnæði

Óska eftir iðnaðarhúsnæði / lager / geymslu. Frá 80 - 150 fm. S. 777 6729 eða 897 1784

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, motorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Geymi tjaldvagna, fellihýsi og búslóðir.
Ímynd gæða. Fjögurra stjómu. 14 ára reynsla. Í símaskrá ja.is undir: geymsla asgeirs eirikssonar ehf. Uppl. 897 1731 klettat@heimsnet.is

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík S. 555 3464-

Gisting



Dekurhelgi í Stykkishólmi!
Lúxusgisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmeilvörð. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibudir.is

Costa Brava, Playa de aro, laust í vetur, 100.000 mánuðurinn. www.starplus.is & www.starplus.info

ATVINNA

Atvinna í boði

Tískuvörverslun fyrir konur í Smáralind
óskar eftir jákvæðu starfsfólki með ríka þjónustulund í 75% starf, inni því er unnið aðra hverja helgi, einnig vantar okkur helgarstarfsfólk, aðeins konur yfir þrítugt koma til greina.
Umsóknir sendist á kristjanfreyr@hotmail.com

Leitum að starfsmanni í fullt starf í tískuvörverslun. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund. Reykleysi skilyrði. Aldur +25ára. Reynsla af sölustörfum er kostur. Umsóknir með mynd sendist á tiskuvrslun@gmail.com fyrir 5.nóv

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Fundarlaun !!!
Tapaður giftingarhringur úr hvítgulli, hringur með isl. rúnum framaná. Fundarlaun í boði. Uppl. s. 867 9736

Einkamál

Spjalldómur 908 5500
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

MyPurpleRabbit.com
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)

Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

Spjalldómur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Fasteignir

IOI REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Laugavegur 46 • IOI Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3109 • www.ioi.is • IOI@IOI.is
Löggiltur fasteignasali Leifur Aðalsteinsson
OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18:00 – 18:30

Malarás 15 - 110 Rvk.



Stórglæsilegt 344 fm einbýli á tveimur hæðum. Tvær auka íbúðir. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni lóð af Stalislaw. Tvöfaldur bílskur með gryfju. Á neðri hæð eru tvær sér íbúðir önnur studeo og hin 2ja herbergja. Við húsið er afgirtur timburpallur með heitum potti. Húsið stendur neðan við götu innst í botnlanga.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

Fasteignir

LANDMARK FASTEIGNASALA

✓ **Við erum þjónustufyrirtæki!**

LANDMARK FASTEIGNASALA

✓ **Við ástundum vandað vinnuferli!**

LANDMARK FASTEIGNASALA

✓ **Við sendum enga bakreikninga!**

LANDMARK FASTEIGNASALA

✓ **100% Árangur!**

Sími 512 4900
www.landmark.is

Bolholt 4, Reykjavík

Landmark leiðir þig heim!

Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali



Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa tæplega 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera liflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

18-49 ára	Höfuðsv.	Landið allt	12-80 ára	Höfuðsv.	Landið allt
Fréttablaðið	69,9%	57,7%	Fréttablaðið	73,1%	60,1%
Morgunblaðið	26,3%	24,4%	Morgunblaðið	33,4%	31,5%
DV	9,5%	9,4%	DV	11,4%	10,9%
Fréttatíminn	44,4%	32,3%	Fréttatíminn	50,7%	36,9%
Finnur.is	25,3%	19,6%	Finnur.is	33,8%	26,1%
Monitor	24,5%	22,4%	Monitor	24,4%	23,5%
Viðskiptablaðið	7,1%	6,8%	Viðskiptablaðið	9,8%	8,7%

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Júlí til september 2011, meðallestur á tölublað.



Allt sem þú þarft...

INGUR



4.990

Satzuma

2.990

3.990

MEÐAN
BIRGDIR
ENDAST



HD6870

SILENT CELL SKJÁKORT

- 1GB GDDR5 4.5GHz 256-bit minni
- DirectX11 og HD3D í nýjustu leikina
- 1120 Stream P.U., 56T.U. fyrir leikina
- EyeSpeed HD, H.264 og Blu-Ray 3D
- Með Eyefinity spilar þú leiki í 3 skjám
- HDMI 1.4a, 2xDVI, 2x DisplayPort ofl.
- Mjög hljóðlát Windforce 3X tækni

34.900

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

OFUR
HLJÓBLÁT
23CM
VIFTA

INNBYGGÐ
DUAL BAY
HARÐDISK
DOKKA



Thermaltake
SOUND YOUR LIFE

V9 BlackX

THERMALTAKA LEIKJATURN

- Dual Bay harðdisk Dock'a á toppi
- Mjög þróaður kaplaskipuleggjari
- 3x 5.25", 7x 3.5", 2x 2.5" & 2x 3.5" Dock
- 230mm Silent 800rpm Top-vifta
- 2.stk 120mm fram og bak viftur
- 10x hraðara USB 3.0 tengi að framan
- Innbyggðar ryksiur (hægt að þvo)

24.900

SÁ FLOTTASTI Í DAG



640GB

SILICON POWER FLAKKARI

- Silicon Power Diamond flakkari
- 10x meiri hraði með USB 3.0
- Örsmár í lófa og aðeins 205gr.
- Virkar með PC og MAC tölvum
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0
- Glæsileg Diamond skreytt hýsing
- Vönduð taska fylgir með

16.900

FÆST Í BLÁU OG BLEIKU



BenQ

24" VA LED

BENQ FULL HD VA-LED SKJÁR

Alveg ný og glæsileg hönnun ásamt nýjustu og bestu VA-LED tækni sem vöi er á með 178° True to Life og nýrri Deep Black tækni sem er bylting í myndgæðum og skerpu

- 24" VA LED FULL HD 1080p 16:9
- 20.000.000:1 DCR og Senseye3 tækni
- 8ms GtG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- 2x HDMI HDCP, DVI-D, VGA, 4xUSB
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með Deep Black

49.900

27" EW2730 SKJÁR 79.990

EW2430



8GB MP3 COBY MP707

- 1.8" LCD hágæða litaskjár
- Stílhreint notendavænt viðmót
- Spilar MP3, WMA og aðra tónlist
- Spilar kvikmyndir og ljósmyndir
- Hleðslurafflaða með 12 tíma spilun
- FM útvarp, heymartöl og USB kapall

6.990

MP3 OG VIDEO SPILARI

STÓR-
EKKUN
ÖLLUM MP3
SPILURUM



720p HD VEFMYNDAVÉL

- 720p TRUE HD video myndflaga
- Örsmá og örþunn vefmyndavél
- 16:9 WideScreen format
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir videospjall
- TrueColor tryggir myndgæðin

4.990

MICROSOFT LIFECAM HD3000

720p TRUE
HD
MYNDFLAGA



24" LCD FULL HD SKJÁR

- 24" LCD FULL HD 1080p 16:9
- 40.000:1 DCR og Senseye tækni
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin

29.900

BenQ FULL HD LCD SKJÁR

G2420HDB

NR.1
MEST SELDI
SKJÁRINN
OKKAR

VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



7" MYNDARAMMI

- 7" Coby DP700WD myndarammi
- Widescreen 480x234 upplausn
- Birtir JPG, JPEG og BMP myndir
- Dagatal og klukka innbyggð
- Les minniskort og minnislykla
- Borðstandur og veggfesting

11.900

COBY DP700WD MYNDARAMMI



HD 720p 3D SKJÁVARPI

- 720p HD upplausn 1280x720 16:9
- DLP og nVIDIA 3D Vision Ready
- 120Hz 3D Gamers og 3D Movie Ready
- Birtustig 2200 lumens, 10000:1 skerpu
- Sérstakur sparnaðar 6000 klst lampi
- 2xHDMI, VGA, S-Video, Video RCA ofl

169.900

BenQ W700 3D GAMERS&MOVIE

NYTT
LENDIR 10. NÖV
FYRSTIR PANTA
FYRSTIR FÁ

720p TRUE
HD
ALLT AÐ 300"
MYNDFLOTUR

4BLS
BÆKLINGUR



TS11

SB004

NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 4ra kjarna örgjörva og nýjasta og einn öflugasta skjákjarna í heimi

- AMD A6-3400M Quad Core 2.3GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD6520G DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

119.900

FÆST Í 2 LITUM



BZ035

LK11

- AMD Vision Dual Core E-350 1.6GHz
- 6GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD LED SLIM Diamond 1600x900
- 512MB ATI HD6310 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

99.900

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!



2710



Q15R

- Intel Core i3-2310M 2.1GHz 3MB
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5200RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED TrueLife 1366x768
- 512MB ATI HD6470 DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 2.1, USB 3.0
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

99.900

DELL FARTÖLVUR Á BETRA VERÐI



TS11

HR560

SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

Ný kynslóð fartölva með Sandy Bridge og því nýjasta og einu öflugasta sem í boði er ásamt 2GB ofur öflugu leikjaskjákorti

- Intel Core i5-2410M 2.9GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 1000GB SATA 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT540M DX11 skjákort
- nVIDIA Optimus orkusparandi tækni
- 300Mbps þráðlaust net og USB3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

144.900

EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG



785



DOT.S3

- Atom Dual Core N570 1.66GHz 4xHT
- 1GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1" LED DiamondView 1024x600
- 256MB Intel GMA 3150 skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Glæný raflöðutækni allt að 8 tímar
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Starter stýrikerfi

59.900

FÆST Í 2 LITUM



A01



305U1A

- AMD Vision Dual Core E-350 1.6GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 11.6" HD LED 1366x768 skjár
- 512MB ATI HD6310 DX11 skjákjarni
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 3.0
- Glæný raflöðutækni allt að 8 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

89.900

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS!



P7510



10.1" TAB

- nVidia Tegra2 250 Dual Core A9 1.06GHz
- 16GB FLASH SSD geymsludiskur
- 10.1" HD LCD fjölsnertiskjár 1280x800
- GeForce 8 kjarna leikjaskjástýring
- 300Mbps Dual WiFi og Bluetooth 3.0
- Tvær vefmyndavélar 3MP og 2MP
- Rafhlaða: 9klst video/ 72klst tónlist
- Android 3.1 Honeycomb stýrikerfi
- Spjaldtölvunni fylgir fjöldi forrita

99.900

SAMSUNG GALAXY TAB 3G 129.900



OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Í NÆRMYND Vigdís Grímsdóttir verður til umfjöllunar á ritþingi á laugardag.

Ævi og störf Vigdísar Gríms

Ritþing helgað rithöfundinum Vigdís Grímsdóttur verður haldið í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi næstkomandi laugardag klukkan 13.30.

Vigdís hefur í gegnum tíðina sent frá sér skáldsögur, ljóðabækur og smásagnasögn og hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir. Bækur hennar hafa verið þýddar á fjölda tungumála og tvö leikrit og kvikmynd, Kaldaljós, hafa verið unnin upp úr verkum hennar.

Á ritþinginu verður leitast við að veita persónulega innsýn í líf og feril Vigdísar, sem steig fyrst fram á ritvöllinn árið 1983. Af því tilefni mun Vigdís lesa upp úr verkum sínum og Ellen Kristjánsdóttir syngja. Stjórnandi er Jörunn Sigurðardóttir. Spylar eru Hrafn Jökulsson og Þóra Sigríður Ingólfssdóttir.

Ritþingið hefst sem áður sagði klukkan 13.30 og stendur til klukkan 16. Þess má geta að sýning á myndum Vigdísar stendur nú yfir í kaffihúsi Gerðubergs.



LISTAMANNSSPJALL Davíð Örn, Ragnar og Guðmundur munu ræða sýningu Ragnars, Rætur, á sunnudag.

Á stefnumót gegnum Skype

Heldur óvenjulegt listamannsspjall fer fram í Gallerí Ágúst næstkomandi sunnudag klukkan 15. Listamaðurinn Ragnar Jónsson ræðir þá sýningu sína Rætur sem stendur yfir í galleríinu, en Ragnar er búsettur í Glasgow og mun því spjalla við gesti með aðstoð Skype.

Þá munu listamennirnir Davíð Örn Halldórsson og Guðmundur Thoroddsen jafnframt taka virkan þátt í umræðunni um sýningu Ragnars á staðnum.

Ragnar útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2004 og lauk MFA-gráðu frá Glasgow School of Art árið 2008. Hann hefur vakið athygli fyrir óvenjulega tækni og litanotkun í verkum sínum. Sýning hans Rætur hefur hlotið góða dóma, en hún stendur til 20. nóvember.

Nánari upplýsingar um sýninguna og spjallið er að finna á Facebook og á heimasíðu Gallerí Ágúst, slóðin er www.galleriagust.is.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

Hönd í hönd

Kvennakór Kópavogs stendur fyrir árlegum tónleikum til styrktar Mæðrastyrksnefnd Kópavogs, í samstarfi við Digraneskirkju, næstkomandi sunnudag. Yfirskrift tónleikanna er Hönd í hönd og vísar nafnið til mikilvægis þess að rétta þeim sem eiga erfitt hjálparhönd.

Eins og endranær fær kvennakórinn til liðs við sig fjölda frábærra listamanna. Þannig koma einnig fram Gissur Páll Gissurason, Sigríður Thorlacius og Guðmundur Óskar Guðmundsson úr Hjaltalín, Sigurður Guðmundsson úr Hjálmmum, Sönghópurinn Spectrum og Ingveldur Ýr, Ólöf

Jara Skagfjörð, félagar úr Skólahljómsveit Kópavogs, Vallargerðisbræður, Drengjakór Hafnarfjarðar og Hulda María Halldórsdóttir, sem syngur á táknmáli. Ræðumaður verður Gunnar Sigurjónsson, prestur í Digraneskirkju.

Allir sem koma að tónleikunum gefa vinnu sína og rennur miðaverð óskipt til Mæðrastyrksnefndar Kópavogs. Gestir eru hvattir til að mæta, njóta góðrar skemmtunar og rétta hjálparhönd í leiðinni.

Tónleikarnir í Digraneskirkju hefjast klukkan 16. Panta má miða á netfanginu hondkk@gmail.com. Miðar verða líka seldir við innganginn á meðan húsrúm leyfir.



GAJAFMILDUR Gissur Páll Gissurason óperusöngvari er einn fjölmargra listamanna sem gefa vinnu sína á tónleikunum í Digraneskirkju á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

CLINIQUE BONUS

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafrítt.

Clinique dagar í Debenhams 3. -9. nóvember.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 kr eða meira.*

- Moisture Surge Rakakrem 15 ml
- All About Eyes Serum 5 ml
- Stay-Matt Sheer Pressed Powder 2.2 g
- High Impact Mascara 3.5 ml
- Long Last Glosswear 2.3 ml
- Bursti með spegli

*meðan birgðir endast

Nýtt

Við vitum vel hvernig hægt er að fegra fólk á ljósmyndum með dálitilli tölvukunnáttu. Sama hugmyndin býr að baki nýja Repairwear Laser Focus farðanum. Þessi farði er sérhannaður til að mýkja línur og milda misfellur, sest ekki í hrukkur né skerpir drætti. Áhrifin eru þau að með tímanum verður húðin sléttari, mýkri og yngri ásýndum.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. feikn, 6. hvort, 8. þrá, 9. blóm, 11. drykkur, 12. herbergi, 14. yfirstétt, 16. snæddi, 17. sigti, 18. flan, 20. skóli, 21. tafl.

LÓÐRÉTT

1. erindi, 3. kusk, 4. ástir, 5. atvikast, 7. skóhljóð, 10. soðningur, 13. viðmót, 15. gera við, 16. tímabils, 19. dreifa.

LAUSN

LAUSN
Laga, 16. árs, 19. sá.
ske, 7. fotaták, 10. soð, 13. fas, 15.
LÓÐRÉTT: 1. vers, 3. ló, 4. ástallf, 5. sía, 18. ras, 20. fg, 21. skák.
LÁRÉTT: 2. glás, 6. ef, 8. ósk, 9. rós, 11. te, 12. stófa, 14. aðall, 16. át, 17.

Ég drep þig eftir þrjá daga

BAKPANKAR
Sigríðar
Víðis
Jónsdóttur

Hvernig gerist það að maður er á flótta og fer á milli landa á fölsuðum skilríkjum? Til dæmis svona: Það geisar stríð, ringulreiðin er algjör, hættur allt í kring. Hér getið hvorki þið né börnin ykkar verið. En úps, skilríkin ykkar hafa glatast í öllu saman. Varasamt getur líka verið að segja rétt nafn, auk þess sem þjóðerni ykkar gæti orðið til þess að þið yrðuð stoppuð samstundis á landamærum.



PETTA getur einnig gerst svona, líkt og í tilfalli nokkurra þeirra kvenna sem komu á Akranes sem flóttamenn: Ítrekaðar morðhótanir hafa borist heim til ykkar. Hótanir þar sem ykkur er tilkynnt að þið verðið drepin að þremur dögum liðnum ef þið snautið ekki í burtu og úr landi. Þið eruð hins vegar ríkisfangslaus. Eigið þar af leiðandi ekki vegabréf. Hvernig komist þið burt?

FÖLSUÐ skilríki verða líflínin. En um leið verða þau glæpurinn. Því auðvitað á alls ekki að fara á milli landa á fölsuðum pappírnum. Allir kostirnir í stöðunni eru slæmir – veldu núna. Ætlarðu að vera eða reyna að flýja?

VETRARKVÖLD í Reykjavík, ískuldi úti við. Umræða um hælisleitendur og flóttamenn stendur yfir. „Og svo ferðast fólkíð oft um á fölsku nafni.“ Þungbúinn þingmaður er í pontu í litlum sal. Búið er að gera nokkra nýja hælisleitendur tortryggilega, meðal annars því þeir hafi komið til Íslands á sviknum pappírnum. Einhver spyr hvort það þýði að mennirnir hafi nauðsynlega óhreint mjól í pokahorninu. „Af hverju ættu menn að fara um á fölsku nafni?“ heyrir úr pontunni.


KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR, vor, sumar, vetur, haust. Fólk kemur til landsins með pappíra sem virðast vera falsaðir, það segist vera á flótta, hafa sætt ofsóknum og sækir um vernd. Hvað skal gert? Í samningi um réttarstöðu flóttamanna frá 1951 er kveðið á um að aðildarríki skuli ekki beita refsingum gagnvart flóttamönnum út af ólöglegri komu þeirra frá landi þar sem lífi þeirra var ógnað. Gefi þeir sig samstundis fram við stjórnvöld, það er, og tilgreini gildar ástæður fyrir öllu saman.

Á ÍSLANDI hefur fólk engu að síður verið ákært og dæmt. Dæmi er um fólk sem það um hæli hér á landi og fékk alþjóðlega vernd – viðurkenningu á stöðu sinni – en þurfti að byrja nýtt líf með dóm á bakinu. Ó, þú indæla land.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Haraldur Ari Stefánsson er stuðpinninn í hljómsveitinni Retró Stefson.



FÖSTUDAGUR

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

ÚTILÍF

THE NORTH FACE

NYJAR VÖRUR, MIKIÐ ÚRVAL
20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM SKÓM OG FATNAÐI



RITHÖFUNDURINN SJÓN ræðir tilurð skáldsögunnar Rökkurbýsnir í dag á milli 12 og 13, í stofu 102 á Háskólatorgi. Uppákomnan er liður í fyrirlestraröðinni Hvernig verður bók til? sem er nú að hefja göngu sína á ný og er skipulögð af ritlist við Íslensku- og menningardeild HÍ. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

Ungsveitin í Hörpu

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 6. nóvember klukkan 14. Á þessum fyrstu tónleikum Ungsveitarinnar í Hörpu er markið sett hátt því sjálf fimmta sinfónía Mahlers, sem samin er fyrir risavaxna hljómsveit, er á dagskránni.

Undanfarið tvö ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Sinfóníuhljómsveitarinnar og leiðsögn hljóðfæraleikara og stjórnenda.

Hljómsveitarstjórinn er Baldur Brönniman, en hann hefur áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur áralanga reynslu af því að starfa með ungu fólki. Miðasala fer fram í Hörpu og á vefnum Sinfonia.is. Nemendur fá 50 prósentu afslátt af miðaverði.

METSÖLULISTI EYMONDSSON

26.10.11 - 01.11.11

1 Gamlinginn sem skreið út... Kilja - Jonas Jonasson	2 Holl ráð Hugos Hugo Þórisson
3 Húshjálpin - Kilja Kathryn Stockett	4 Einvígið Arnaldur Indriðason
5 Hjarta mannsins Jón Kalman Stefánsson	6 Hausaveiðararnir Jo Nesbø
7 Órólegi maðurinn - Kilja Henning Mankell	8 Ungbarnaudd Heiða og Dilla
9 Konan við 1000° Hallgrímur Helgason	10 Níní Steinunn Fjóra Jónsdóttir

SAMKVÆMT BÓKSÖLU
Í EYMONDSSON UM LAND ALLT

Eymundsson
Bóksali frá 1872



SAMHENGJI HLUTANNA „Sögumaðurinn er Íslendingur sem býr í útlöndum og sér aðstæður því utan frá,“ segir Sigrún Davíðsdóttir um nútíðskona skáldsögu sína.

Gleymdi aldrei sögunni

Listamaður og blaðamaður rekja slóð fjárglæframanna í London og á Íslandi í Samhengi hlutanna, nýrri skáldsögu eftir Sigrúnu Davíðsdóttur. Höfundurinn rekur tilurð sögunnar aftur til ársins 2006, áður en íslenska útrásin varð að efnahagshruni.

„Sagan er skrifuð inn í íslensk- an veruleika á tímabilinu desember 2009 fram á vor 2010 og endurspeglar margt af því sem fólk var að velta fyrir sér á þessum tíma. Sögumaðurinn er Íslendingur sem býr í útlöndum og sér aðstæður því utan frá,“ segir Sigrún Davíðsdóttir um skáldsögu sína Samhengi hlutanna sem er

nýkomin út. Þetta er önnur skáldsaga Sigrúnar fyrir fullorðna lesendur, en hún hlaut Barnabóka- verðlaun Reykjavíkurborgar 1989 fyrir bókina Silfri Egils og sendi frá sér skáldsöguna Feimnismál árið 2006.

Í upphafi Samhengis hlutanna lætur blaðakonan Hulda, sem búsett er í London, lífið í umferðarslysi. Hulda hafði fjallað á gagnrýninn hátt um umsvif íslenskra auðmanna á erlendri grund og var langt komin með bók um bankahrunið. Sambýlismaður Huldu er listamaðurinn Arnar, sögumaður bókarnar, sem fær heimsókn frá blaðamanninum Ragga, gömlum vini Huldu. Saman halda þeir Arnar og Raggi rannsókn- um Huldu áfram og rekja slóð fjárglæframanna í London og á Íslandi. „Undirtitillinn er Skáldsaga um áleitinn raunveruleika og

ég vona að bókin sé einmitt það. Nokkurs konar spennandi ferðasaga um þennan raunveruleika,“ segir höfundurinn.

Sigrún, sem sjálf er búsett í London og er þekkt fyrir gagnrýna pistla sína í Ríkisútvarpinu sem fjalla oftar en ekki um efnahagsmál, rekur tilurð bókarnar aftur til ársins 2006. „Þá fékk ég þá hugmynd að skrifa sögu þar sem íslenska útrásin yrði í bakgrunni. Ég hætti við það og fór að fást við aðra hluti, en gleymdi þó aldrei sögunni og tók hana aftur upp vorið 2009. Þá hafði viðskiptalífið skipt um ham og útrásin orðin að hruni. Þar sem ég bjó erlendis hafði ég kannski aðra sýn á það sem var að gerast á Íslandi. Mér þótti það mjög athyglisvert og upplagt efni í íslenska samtímaskáldsögu,“ segir Sigrún.

kjartan@frettabladid.is

Sögur í rými

Myndlist ★★★★★

Hafnarborg

Samræmi, Hildur Bjarnadóttir og Guðjón Ketilsson

Hildur Bjarnadóttir er þekkt fyrir einstaka og frumlega nálgun sína við íslenska hannyrðahéð. Verk Guðjóns Ketilssonar hafa sömuleiðis hlotið mikla athygli vegna persónulegrar og frumlegrar túlkunar á hefðinni, en Guðjón hefur meðal annars unnið nýstárlega smíðisgripni. Nú hefur Hafnarborg fengið þá afbrigðis hugmynd að leiða þessi tvö saman og útkoman er afar ánægjuleg. Þessir listamenn eru í senn ólíkir og eiga sterka snertifleti.

Hildur er sjaldgæf blanda af frábærri handavinnukonu og sterkum samtímalistamanni. Form og litir eru mikilvægur þáttur á sýningu hennar. Hér vann hún líti úr plöntum á sumarsálandi ömmu sinnar, litaði ullargarn og heklaði misstóra ferninga. Ferningana setur hún síðan fram eins og málverk í mörgum hlutum og virkjar rýmið á stórum endavegg salarinnar á efri hæð í Hafnarborg. Garður er flott verk, litbrigðin fínleg og falleg og sum óvænt, eins og grænn litur lúpínublóma.

Hildur sýnir ömmu sinni virðingu á ýmsan máta. Skondið er verkið sem hún vann upp úr



buxunum hennar ömmu. Form og litir minna á listaverk í anda naumhyggjustefnu en inntakið er saknaðarfullt. Nýjar kynslóðir byggja á reynslu þeirra sem á undan gengu og hið liðna býr yfir ofyrirséðum möguleikum. Þetta er fallegt verk. Sömuleiðis ljósmyndir Hildar af höndum, amman kennir barninu handtökin og síðan snýst leikurinn við, barnið aðstoðar lúnar hendur. Hildur sýnir hér klárlega að hún hefur fundið sína leið innan listarinnar.

Sýningar Guðjóns Ketilssonar hafa vakið mikla athygli á undanförunum árum. Hér sjáum við

höggmyndir úr tré byggðar úr einingum húsgagna, bókaformið kemur líka við sögu. Ef til vill vísar Guðjón til þess að efniviður hans á sér sína sögu, rétt eins og bækur. Aðaláhersla Guðjóns á þessari sýningu er þó form hlutanna, höggmynda, húsgagna, bygginga og bóka. Hann dregur fram sterk og einföld form húsanna í Norðurmýrinni en bætir titlinum, Sunnudagur með dagsetningu, inn á teikningarnar. Hann skapar sögur.

Veggverk með spýtukubbum í laginu eins og bækur, úr fjarlægð eins og bókahilla, er fallegt bæði í formi og lit. Það öðlast bæði húmor og dýpt þegar textinn við hlið þess er lesinn, þar sem fundartími og staðsetning þeirra notuðu spýtna sem fyrir koma í verkinu eru skráð. Mynd af Reykjavík verður til.

Verk þeirra Hildar og Guðjóns mætast á margvíslegan hátt í rýminu, háttvísi og ljúfi grípa þau ekki fram í hvert fyrir öðru heldur leyfa öllum að njóta sín. Báðir listamenn vinna með rými, form, liti og sögur á einstakan máta.

Ragna Sigurðardóttir

Niðurstaða: Óhætt er að mæla með sýningu þeirra Hildar Bjarnadóttur og Guðjóns Ketilssonar. Persónuleg list beggja tengir aldagamlar hefðir og efnivið samtímalistum á frumlegan hátt. Einstaklega falleg og aðgengileg sýning þar sem form, litir, hefðir og saga fá að njóta sín.

LOKADAGUR

RÝMINGARSALA!

Vegna flutnings verslunar okkar úr Nóatúni 17 seljum við öll sýnishornin í búðinni hjá okkur á brjáluðum afslætti í dag miðvikudag og á morgun fimmtudag.

**Fartölvur - Borðtölvur - Skjáir - Prentarar - Skannar
Sjónvarpsflakkarar - Hátalarasett - Tölvukassar**
TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI

10% AFSLÁTTUR
af öllum öðrum vörum í tilefni flutninganna!

OPNUM Á NÝJUM STAÐ
Opnum nýja og þrefalt stærri verslun
að Suðurlandsbraut 26 á laugardaginn.

Verslunin í Nóatúni verður lokuð föstudaginn
4. nóvember vegna flutninganna.
Opnið verður í verslun okkar í Hafnarfirði.

TÖLVULISTINN

Rakarastofan
Klapparstíg

FUDGE IMAGE
FUDGE IMAGE
FUDGE IMAGE

Klapparstíg 29 • Sími 551 3010

Opíð lau kl. 10-14

FUDGE IMAGE Hárgreiðslustofan
FUDGE IMAGE Klapparstíg

BRÚDUHEIMAR BORGARNESI

SÍÐUSTU SÝNINGAR!

★★★★★ FBL, E.B. GRINN

GILTRUTT

BRÚDUHEIMAR
Center for Puppetry Arts
Sími 530 5000 www.bruduheimar.is

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bitíð

Fréttir, fróðleikur og frábær
tónlist alla virka morgna
kl. 6.50 – 9.00

ALLTAF HÆGT AÐ FÁ NÝTT LÁN

Leikhús ★★★★★

Kirsuberjagarðurinn

Eftir Anton Tsjekov

Borgarleikhúsið

Þýðing: Jónas Kristjánsson **Leikarar:** Sigrún Edda Björnsdóttir, Birgitta Birgisdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason, Guðjón Davíð Karlsson, Hallgrímur Ólafsson, Pétur Einarsson, Valur Freyr Einarsson, Theodór Júlíusson, Alexía Björg Jóhannesdóttir **Hljóm-sveit:** Leifur Jónsson, Óttar Sæmundsen, Sigtryggur Baldursson **Leikmynd og búningar:** Halla Gunnarsdóttir **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson **Tónlist:** Leifur, Óttar og Sigtryggur **Hljóðmynd:** Thorbjörn Knudsen **Leikgervi:** Árdís Bjarnþórsdóttir **Leikstjóri:** Hilmir Snær Guðnason

Kirsuberjagarðurinn var frumsýndur í Borgarleikhúsinu á föstudaginn var.

Þvílík leikgleði og þvílíkt listaverk. Kirsuberjagarðurinn er síðasta verk meistara Tsjekovs og var það frumflutt í Listaleikhúsinu í Moskvu árið 1904 rétt fyrir andlát hans.

Stanislavskij mun líklega hafa valið aðra leið en þá sem Hilmir Snær fór hér því alvarleikinn og raunsæið réði þar ríkjum meðan gáskafullur leikstíll þar sem húmorinn kraumar alltaf undir þó alvarleikinn sé á tungubroddinum var aðferðin sem hér var notuð. Reyndar var Tsjekov hundóánægður með uppfærsluna í Moskvu forðum. Kirsuberjagarður Tsjekovs er tragískómédia um tímabil, og samfélagskipan sem er að líða undir lok þar sem angurværðin og dekur kemur í veg fyrir framtíðartrú í nýja skipulaginu. Óðalssetrið og kirsuberjagarður hans er gamla Rússland og þegar axarhljóð heyrast og tré sem falla í lokaatriðinu er greinilegt að nýr tími er tekinn við.

Rússar hafa alltaf elskað París og á skáldið Majakovskij að hafa sagt eitthvað á þessa leið: Ég myndi vilja lifa og deyja í Parísborg ef Moskva væri ekki til!

Hin blanka rússneska yfirstétt elskar París og reynir að tala frönsku, aðalpersónan í Kirsuberja-



KIRSUBERJAGARÐURINN „Þvílík leikgleði og þvílíkt listaverk,” segir í leikdómi um sýningu Borgarleikhússins.

garðinum er engin undantekning.

Ljúba Ranevskaja sem eytt hefur auði sínum og sólundað öllu sem hún erfði snýr heim eftir Parísardvöl. Fósturdóttir hennar Varja hefur lykjavöldin á óðalssetrinu og spennir sig upp í að hafa alltaf alveg óhemju mikið að gera. Ljúba átti peninga þegar hún fór en kemur slypp og snauð til baka. Sömu sögu er að segja um bróður hennar Leonid Andreevitsj sem er billjardspilandi í djúleysingi. Þrátt fyrir að dagurinn þegar greiða á vextina nálgist lifa allir í einhverri áhyggjulausri værukærð eins og hægt væri að stroka tölustafina út af reikningunum. Í stað þess að horfast í augu við sannleikann er bara spjallað um ný lán eða kannski arf. En slíkt hjál eru draumórar einir. Kirsuberjagarðurinn verður eins og tákun um hið fullkomna góða og þægilega líf.

Í þessari uppfærslu er gleðin við völd þó að tárin fái nú líka að renna í stríðum straumum. Sigrún Edda Björnsdóttir í hlutverki hinnar dansandi Ljúbu var hreint frábær með fyrirvararlausar karakterssveiflur sem lýstu vel hennar dyntótta geði. Ljúba er ekki aðeins ábyrgðarlaus heldur hegðar hún sér svona til að drekka sorginni yfir dauða barnsins síns.

Bróður hennar, sem var svo mikill

aðalsmaður að hann gat ekki klætt sig sjálfur, túlkaði Þröstur Leó Gunnarsson af sníld. Hann vælir og hann skælir og salurinn emjar af hlátri. Gamla þjóninn Firs túlkar Pétur Einarsson á eftirminnilegan hátt, er svo gamall og úr sér genginn að hann stendur varla undir sjálfum sér þegar hann er að bera fram veigar sem alltaf virðist vera nóg til af. Lokasenan þegar hann er einn skilinn eftir er með öðrum hætti en vanalega, í stað þess að slökkva öll ljós leggst hann upp í rúm og deyr við undirleik hljóðfæraleikaranna. Dansatriðin í sýningunni voru svo mögnuð að þau komu öllum salnum í sveiflu. Ilmur Kristjánsdóttir sem fer með hlutverk Vörju sem elskar Lopathkin hinn nýríka sem kaupir að lokum Kirsuberjagarðinn, nær að gæða hana lífi sem hlægilega iðinni býflugun þannig að þegar Lopathkin stynur ekki upp bónorðinu í þeirra miklu ástardramasenu liggur við að maður skilji hann þar sem persónan Varja var jú létt óþolandi. Þarna tekur galsaleikurinn aðeins yfir hina viðkvæmu strengi verksins. Rúnar Freyr Gíslason leikur Lopathkin með mikilli festu og er má segja sá eini sem horfist í augu við raunveruleikann og skilar hann því af miklum trúverðugleika og búningar hans undirstrika vel karakter-

inn. Kennslukonuna Charlottu sem Alexía Björg Jóhannesdóttir túlkar á miklum þeytingi var sprenglægleg með sín töfrabrögð baðandi út öllum öngum. Guðjón Davíð Karlsson lék eilífðarstúdentinn og má kannski segja að hann hafi verið gerður full trúðslegur, en sem slíkur var hann góður.

Reyndar var leikarahópurinn allur svo góður að fullt hús stjarna er þeim öllum ætlað. Tónlistarmennirnir þrír, þeir Leifur Jónsson, Óttar Sæmundsen og Sigtryggur Baldursson, áttu ekki síður þátt í að gera leikinn eftirminnilegan þar sem þeir eltu persónurnar uppi og með tónum undirstrikuðu líðan þeirra.

Leikmynd Höllu Gunnarsdóttur var hreint heillandi, möguleikar til að spranga milli hæða og þeytast inn og út um hliðarganga gáfu húsina meiri djúpt og hjálpaði hugmyndafluginu að mála heilmikið stórhýsi. Fyrir svo utan þegar unga parið var allt í einu komið upp í tunglið í rómantískri rólu. Búningarnir, einkum Ljúbu, voru mjög skemmtilegir, áhrifin frá Rússum en engar kórréttar skírskotanir, heldur bara mjög smart.

Elísabet Brekkan

Niðurstaða: Frábærlega unnin sýning fyrir alla fjölskylduna.

Ég man, því er ég

Bækur ★★★★★

Bernskubók

Sigurður Pálsson

JPV-útgáfa

Minnisbók Sigurðar Pálssonar hlaut fádæma góðar viðtökur þegar hún kom út árið 2007. Þar fjallaði hann um Parísarar sín sem ungs manns. Í Bernskubók seilist hann, eins og nafnið bendir til, enn lengra aftur í tíma og rifjar upp bernskuárin á prestsetrinu Skinnastað í Axarfirði.

Frásögnin byrjar þó, eins og vera ber, á fæðingu höfundarins í 30 stiga hita í lok júlí 1948, daginn sem Ólympíuleikarnir voru settir í London. Þessi tenging slær tóninn fyrir frásagnarmáta bókarinnar. Þetta afskekkt prestsetur á hjara veraldar er utan við stórvíðburði heimsins en um leið allur alheimurinn í augum barnsins. Þar er mannmargt og mikill gestagangur og áhrif umheimsins berast víða að og í ýmsu formi. Á köflum finnst manni að verið sé að lýsa stórhöfðingjasetri á níttjándu öld, en nútíminn hefur hafið innreið sína, eða réttara sagt hefur hana um það leyti sem skáldið fæðist.

Öðrum þræði fjallar bókin einmitt um það hvernig skáld fæðist og merkilegt nokk eru það náttúra og manneskjur sem kveikja hina skáldlegu skynjun, ekki orð ann-

arra skálda eða frægar bækur, þótt vissulega sé lestur þeirra snar þáttur í uppeldi prestsbarnanna á Skinnastað. Sigurður lýsir fádæma vel vaknandi skynjun barnsins á umhverfinu, glímunnni við það, sigrum og ósigrum í átökum við veðurfar og aðstæður, fólk og framandi hluti. Það er nefnilega hvorki einfalt né auðvelt að vera barn og sjaldgæft að sjá fullorðinn mann koma skynjun þess eins vel til skila og hér er gert. Öllu er lýst frá sjónarhorni barnsins í gegnum hugsun hins fullorðna manns og sköpun höfundarins og útkoman er ein sú albesta bók sem ég hef lesið um uppvöxtinn og leiðina til þroska.

Stíllinn er tær og rennur eins og bæjarlækur, án nokkurra krúsi-dúlla eða upphafningar. Inn á milli skýtur Sigurður ljóðum sem hann hefur áður birt eftir að hafa greint frá þeim hughrifum eða reynslu sem urðu kveikja þeirra. Þannig verður bókin ekki bara skemmtileg og fróðleg lýsing á bernsku í afskekktari sveit upp úr miðri síðustu öld heldur um leið gluggi inn í þróun skáldskaparins og sjálfstæðrar hugsunar.

Friðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Heillandi lýsing á uppvexti skálds, þar sem skynjun barnsins rennur í gegnum rökhusun hins fullorðna manns og skapar djúpt og víddir sem vandfundnar eru í æviminningum.

HREKKJU SVÍN

SÝNINGUM LÝKUR Í NÓVEMBER!

ATHUGIÐ! AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR Í BODI:

LAUGARDAGINN 5. NÓV. KL. 20:00
SUNNUDAGINN 6. NÓV. KL. 16:00
LAUGARDAGINN 19. NÓV. KL. 16:00
FÖSTUDAGINN 25. NÓV. KL. 19:00 – SÍÐASTA SÝNING!

MÍÐASALA Á GAMLABIO.IS OG MIDI.IS

GAMLA BÍO LEIKHÚS

LEIKSTOFN KLAPPARSTÍG

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Verzlun
Ármúta 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

SNJALL LEIKUR

að koma í Hátækni í kvöld!

Claus Bach, einn öflugasti og skemmtilegasti sérfræðingur í Nokia snjallsímum, heldur kynningu um nýjungar hjá Nokia.

Claus hefur starfað sem Senior Trainer í 11 ár hjá Nokia Academy, sem er fræðslumiðstöð Nokia fyrir þá sem selja farsíma. Meðal þess sem Claus ætlar að ræða á tæknivöldinu er Symbian Belle uppfærslan sem er væntanleg frá Nokia, nýi Nokia N9 snjallsíminn, hvernig NFC virkar í daglega lífinu o.fl. Claus flytur kynningu sína kl. 20:30 og svarar síðan spurningum að því loknu.

Á fimmtudagskvöldið höfum við opið til kl. 22



PIPA VISVA • SÍA • 113003

Áhugafólk um snjallsíma vill ekki missa af þessu!



Nokia N9

Glæsilegur 3,9 tommu skjár. 8 MP myndavél með Carl Zeiss linsu. Nokia Maps. NFC stuðningur. Allt að 64 GB minni. 1 GHz örgjörvi og 1 GB vinnsluminni.

Verð: 129.995

Nokia N8



0020828

Verð: 79.995

12 megapixla myndavél með sjálfvirkum fókusi, Carl Zeiss linsu og Xenon-flassi. HD-myndbandsupptaka. Nokia Maps. HDMI-tengi, o.m.fl.

Nokia C7



0025318 / 00255X4

Verð áður: 79.995

Tilboð: 49.995

Mjög öflugur snertiskjásími. Tekur upp myndbönd í HD, USB on the Go og miklu meira.

Pama, léttur handfrjáls búnaður í bíl að verðmæti 12.900 kr. fylgir öllum snjallsímum til 5. nóvember*

Ný, stærri og betri verzlun – á sama stað!



Sjallaðu við starfsmenn okkar til að fræðast meira um þessi frábæru greiðslukjör.

*Meðan birgðir endast.



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU FIMMTUDAGUR OPNUM KLUKKAN ELLEFU FIMM



598
KR. 4 FL.



COKE-KIPPA 4 X 1.5 LTR.



359
KR. 420G

MYLLUKRYDDKAKA



295
KR. 1 KG.

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 1 KG.
33% MEIRA MAGN SAMA VERÐ



ALLTAF NÝBAKAÐ
BÓNUS
KORNBUBBAR
198
KR. 4 STK.



ALLTAF NÝBAKAÐ
BÓNUS
BAGUETTE
129
KR. STK.



398
KR. 800G

HONEY CRUNCH EPLI
800 GR. PÖKKUÐ



398
KR. KG

FRÁ NÝJA SJÁLANDI PÖKKUÐ
LÍFRÆNT RÆKTUÐ EPLI



398
KR. 1.3 KG

MACHINTOSH EPLI 1.36 KG.



195
KR. KG

APPELSÍNUR Í POKA




139
KR. KG

GUL EPLI

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



1395
KR. KG



1395
KR. KG

FERSKT SÉRSKORIÐ LAMBALAERI - MINNA BEIN MEIRA KJÖT



1998
KR. KG

FERSKT MANGÓKRYDDAÐ ÚRBEINAÐ LAMBALAERI



2598
KR. KG.

KJARNAFAEDI KOFAREYKT ÚRB. HANGILAERI



359
KR. 750G

ALI BJÚGU 4 STK.



898
KR. KG

NAUT - GRÍS - LAMB BLANDAÐ HAKK



998
KR. KG

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



1995
KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



FROSINN 1.6 KG. DANSKUR KJÚKLINGUR

MEIRA KJÖT, MINNA BEIN MATUR FYRIR ALLT AÐ FJÓRA!

1298 KR. STK



598
KR. KG

ALI REYKT MEDISTERPYLSA



695
KR. KG

FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR



LÉTTISALTAÐIR ÞORSK-HNAKKAR 1998 KR. KG

Unglist fagnar tuttugu ára afmæli

Listahátíð ungs fólks, Unglist, hefst á morgun og fagnar tuttugu ára afmæli sínu í ár. Ása Hauksdóttir, deildarstjóri menningarmála hjá Hinu húsinu, hefur fylgt hátíðinni frá upphafi og segir sérlega ánægjulegt hversu vel hafi tekist til með verkefnið, sem hófst fyrir tveimur áratugum.

„Upphafið var þegar Hitt húsið tók til starfa 1992. Þá sýndi sig strax að ungt fólk hafði margt til málanna að leggja. Svo hefur þetta náttúrulega þróast gífurlega í árunna rás en í rauninni er alltaf sami þráðurinn, að þetta er ungt fólk og það er ungt fólk sem heldur utan um hvern dagskrárlið.“

Ása segir að eftirspurnin eftir þátttöku sé jafn mikil á hverju ári. „Unga fólk er byrjað að hringja á vorin til að spyrja hvenær Unglist fari fram. Ég hugsa að þetta hafi lífað svona lengi vegna þess að þennan vettvang hefur vantað, ungt fólk hefur svo fá tækifæri til að sýna hvað það getur og kann og hefur fram að færa.“

Á hátíðinni í ár verður litið yfir farinn veg og nokkrir af eftirminnlegustu atburðum hátíðarinnar endurteknir. Því verður nokkuð um þekkt andlit úr listaheiminum sem tóku sín fyrstu skref á Unglist. „Á þessum tuttugu árum hafa í raun og veru listamenn þjóðarinnar fæðst. Til dæmis mætti nefna Curver Thoroddsen, sem byrjar á Unglist með Sveim í svart/hvítu árið 1995 sem varð síðan fastur atburður á hátíðinni til 2000 og verður endurfluttur núna.“

Hátíðin í ár stendur í tvær vikur og má finna allar upplýsingar á Unglist.is. Ása hvetur fólk til að kynna sér dagskrá hátíðarinnar. „Það sem mér finnst frábært er að allt frá upphafi hefur verið frítt inn á alla viðburði, það er náttúrulega alveg einstakt. Og hátíðin er ekki bara fyrir þennan aldurshóp heldur fyrir alla í samfélaginu sem vilja sjá af hve miklum metnaði og elju ungt fólk vinnur og hvað það hefur margt fram að færa.“



UNGLIST Í 20 ÁR Ása Hauksdóttir segir dagskrána í ár glæsilega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Án parabena
Án tilbúinna ilmeftna
Án litareftna

Náttúruleg útgeislun

Radiance línan inniheldur Royal Jelly sem er talið eitt næringarríkasta efni jarðarinnar, Radiance línan er full af næringu og andoxunarefnum ásamt fjölda náttúrulegra innihaldsefna sem öll hafa þann eiginleika að draga úr finnum línum og laða fram náttúrulegan ljóma húðarinnar.

Fæst í apótekum

BURT'S BEES
náttúran og ég

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 03. nóvember

→ Tónleikar



20.00 Fjöldi þekktra listamanna kemur fram á styrktartónleikum fyrir Kattholt í Frikirkjunni. Fram koma Björgvin Halldórsson, Bubbi Morthens, Guðrún Gunnarsdóttir, **Jóhanna Guðrún Jónsdóttir**, Krummi, Magnús og Jóhann, Daniel Ágúst, Ragnheiður Gröndal, Bjartmar Guðlaugsson, Guðmundur Pétursson, Pétur Tyrtingsson og Skuggamyndir frá Býsans. Miðaverð er 2.500 krónur og eru miðar seldir við innganginn frá klukkan 19.

22.00 Björgvin Gíslason gítarleikari verður gestur Bítladrengjanna blíðu á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, í kvöld. Ókeypiss inn.

21.00 Myrra Rós, Elevator og hin færeyska Guðríð Hansdóttir leika á tónleikum á Gauki á Stöng. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.



21.00 Síðustu tónleikar ársins í röðinni Rafmagns-laust á Norðurpólnum eru í kvöld. Fram koma **Pétur Ben** og Samúel Jón Samúelsson Big Band auk DJ Lucky. Miðaverð er 1500 krónur á miði.is og við innganginn.

Tónleikarnir fara fram í leikhúsinu Norðurpólnum á Seltjarnarnesi.



22.00 Hljómsveitirnar Feldberg og **Náttfari** leiða saman hesta sína á tónleikum á efri hæð Faktorý vegna komandi tónleikaferðalags Feldberg til Japan. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

20.30 Hljómsveitin Sálgaeslan heldur tónleika í Salnum í Kópavogi. Hljómsveitin sendi nýverið frá sér geisladiskinn Dauði og djöfull sem hefur fengið frábæra dóma. Á disknum syngja stór-söngvararnir Andrea Gylfadóttir og Stefán Hilmarsson lög saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar við texta sem ýmist eru eftir hann eða Aðalstein Ásberg Siguðrsson. Aðrir hljóðfæraleikarar eru Hammond-orgelleikarinn Þórir Baldursson og trommuleikarinn Einar Scheving. Miðaverð er kr. 2.900. Miðasala á salurinn.is og miði.is.

21.00 Felix Bergsson heldur útgáfutónleika á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð er 2.500 krónur.

→ Opnanir

17.00 Sýning með nýrri hönnun Péturs B. Lútherssonar, húsgagnahönnuðar og innanhússarkitekts, verður opnuð á efri hæð Kraums, Aðalstræti 10, í dag. Til sýnis verða meðal annars hillur, borðstofuborð, sófi og ljós. Opnunin er kl 17 og sýningin stendur til 14. nóvember. Allir velkomnir.

Tilnefnd til dönsku tónlistarverðlaunanna

„Þetta er ótrúlega skemmtilegt og mikil viðurkenning,“ segir Anna María Björnsdóttir, meðlimur norrænu spunahljómsveitarinnar IKI sem tilnefnd er til dönsku tónlistarverðlaunanna í flokki danskra djassraddlistamanna. Verðlaunin verða afhent í Kaupmannahöfn á laugardaginn við hátíðlega athöfn.

IKI samanstendur af níu söngkonum frá fjórum norrænu landanna. Þær hafa hlotið mikla athygli fyrir nýstárlega nálgun sína á tónlistarsköpun og fengið lofsamlega dóma fyrir fyrstu plötu sína, sem kom út í júní. „Það eru engar reglur, það er aldrei neitt fyrir fram ákveðið þegar við byrjum að syngja. Allt verður til á staðnum og við vitum aldrei hvernig lögin verða. Það gerir þetta mjög spenn-

andi og skemmtilegt.“

„Hljómsveitin var stofnuð fyrir tveimur árum hérna í Kaupmannahöfn. Þá vorum við allar í námi og höfðum sömu þrá eftir að gera eitthvað öðruvísi og prófa eitthvað nýtt með röddunum. Fljótlega varð til hljómsveit sem vildi halda áfram með þetta. Við spinnum alltaf af alla tónlist. Platan varð til þannig, við vorum þrjá daga í hljóðveri og tókum upp sjö klukkustundir af tónlist. Svo völdum við tólf lög sem voru í upphaldi hjá okkur.“

Gestirnir sem mættu á útgáfutónleika hljómsveitarinnar hafa ef til vill orðið hissa þegar stúlkurnar fluttu ekki eitt einasta lag af plötunni sjálfri. „Við sungum heila tónleika en lögin af plötunni

voru ekkert flutt, við flytjum hvert lag náttúrulega bara einu sinni. Svo var platan bara spiluð eftir tónleikana.“

Anna segir lögin verða misgóð, enda þurfi að vera rými fyrir mistök í spuna-tónlist. „Það er bara þannig sem þessi tónlist virkar að hún er eins og hún er í dag og verður öðruvísi á morgun, hún breytist sífellt. Við erum með eitt leyninglag á plötunni sem sýnir að við höfum húmor fyrir því þegar við gerum eitthvað sem tekst ekki alveg – við verðum að hafa það.“

- bb

TILNEFND TIL VERÐLAUNA Anna María Björnsdóttir hefur í nógu að snúast og hyggst taka upp plötu á Íslandi í byrjun næsta árs.



→ Fundir

13.30 Félagar í bókmenntaklúbbi Félags kennara á eftirlaunum funda í Kennarahúsinu.

→ Sýningar

12.00 Fimmti og síðasti hluti sýningaráðar Leifs Þorsteinssonar verður opnaður á Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag. Í þessum hluta er sjónum beint að mannlífsmyndum sem teknar voru í Evrópu á árunum 1958-1980. Myndirnar tók Leifur á námsárum sínum í Kaupmannahöfn og á ferðalögum um Evrópu. Sýningarstjóri er Guðmundur Ingólfsson ljósmyndari.

15.00 Sýningin Handverk og hönnun verður opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sýningin stendur til mánudags, en þetta er í sjötta sinn sem hún er haldin. Í dag verða Skúlaverðlaunin 2011 veitt. Nánar á handverkoghonnun.is.

→ Hátíðir

17.00 Hinir árlegu Dagar myrkurs hefjast á Austurlandi í dag. Friðarljós verða tendruð um Fjarðabyggð klukkan 17 og síðan verða fjölbreyttir viðburðir um allt Austurland, til dæmis rökkur-ratleikur, tónleikar með Mugison, kvöldgöngur og kertafleytingar, graskersútskurður og hryllingsbíó, sögustundir og markaðir og ótal listasýningar. Næstu tíu dagana rekur svo hver viðburðurinn annan í hverju bæjarfélagi og ættu háir sem lágr að finna eitthvað við sitt hæfi í dagskránni. Ítarlega dagskrá Daga myrkurs má finna á vefnum East.is.

→ Kvikmyndir

17.00 Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildarmyndina Grænmetisgarður heimsins í stofu 101 í Odda í Háskóla Íslands. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis. Sýningartími er 52 mínútur.

→ Uppákomur



20.00 Vinkonur hinnar 36 ára Evu, sem berst við erfiðan sjúkdóm í höfði, halda styrktarkvöld fyrir hana á Faktóry. Að sögn aðstandenda er sjúkdómur Evu ólæknandi en honum sé haldið í skefjum með lyfjum. Markmið

kvöldsins sé að safna fé til að aðstoða hana við greiðslu lyfjakostnaðar. Fram koma grínistarnir Ari Eldjárn, Þórhallur Þórhallsson og Óskar P, tónlistarmennirnir Böddi úr Dalton, Hlynur Ben og **Haffi Haff** sem verður plötusnúður kvöldsins. 20 ára aldurstakmark er inn og miðaverð er 1.500 krónur en einnig er tekið á móti frjálsum framlegum.

→ Tónlist



21.00 Rokksveitin **Reykjavík!** treður upp á Krepukvöldi á Bar 11. Aðgangur er ókeypis og veigar eru á vinalegu verði. Orri á X-inu spilar tónlist fyrir og eftir tónleikana.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.



Íslenska landsliðið gegn Úrvalsliði HSÍ

Viltu vinna miða á leikinn?

Taktu þátt í leik á arionbanki.is og þú gætir unnið miða fyrir tvo!

Mætum í Laugardalshöllina á föstudaginn kl. 20:00 og keyrum upp íslenska handbolta-stemningu eins og hún gerist best.



Arion banki er aðalbakhjarl HSÍ

arionbanki.is — 444 7000

 Arion banki



SÓLSTAFIR



DANÍEL BJARNASON

> Í SPILARANUM

Sólstafir - Svartir sandar
The Beach Boys - The SMiLE Sessions
Noel Gallagher - High Flying Birds
Low Roar - Low Roar
Ben Frost & Daníel Bjarnason - Sólaris

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Blur-menn á leynifundum

Breska poppsveitin Blur er ekki dauð úr öllum æðum. Söngvarinn Damon Albarn greinir frá því í viðtali við NME að meðlimir sveitarinnar hafi hist undanfarið og tekið upp efni.

Albarn segir að Blur-liðar hafi tekið upp lag með ljóðskáldinu Michael Horvitz fyrr á þessu ári. Um var að ræða lag sem var tileinkað Notting Hill-karnivalinu sem átti að aflýsa. Þegar hátíðin var síðan haldin var ákveðið að stinga laginu ofan í skúffu.

Ekki fæst uppgefið hvort Blur-liðar hafi tekið upp „hefðbundnara“ efni eða hvort þeir hyggi á plötuútgáfu. Damon segir það eitt að það sé „ótrúleg tilfinning“ að spila með Blur og gefur í skyn að frekara tón-



NÝTT EFNI Á LEIÐINI? Blur-menn hafa verið að laumupúkast í hljóðveri. Frá vinstri eru Graham Coxon, Alex James, Damon Albarn og Dave Rowntree.

NORDICPHOTOS/GETTY

leikahald sé í bígerð á næsta ári. Hann segist jafnframt eiga erfitt með að finna tíma fyrir Blur í dagskrá sinni.



> PLATA VIKUNNAR

Sykur - Mesópótamía
★★★★

„Flairi fin popplög og klúbbasmellir frá Sykri.“ - tj



TÓNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

Hataðasta platan

Nú í vikunni kom út samstarfsplata Lou Reed og Metallica, Lulu. Platan er merkileg, þó ekki væri nema fyrir þær sakir að netheimar hafa logað af hatri og svívirðingum í garð hennar allt frá því að henni var lekið á netið fyrir nokkrum vikum. Það er alls ekki algengt að popplötur veki svo sterk viðbrögð.



SAGAN AF LULU Samstarfi Lou Reed og Metallica hefur verið illa tekið víða.

veríð. Svo var tekið upp á tíu dögum og útkoman er tvöföld plata. Bæði Lou Reed og Lars Ulrich segjast vera í skýjunum með útkomuna í nýlegu viðtali við breska blaðið Guardian.

Það er ekkert nýtt að Lou Reed eða Metallica veki reiði. Það varð allt vitlaust þegar Lou Reed sendi frá sér plötuna Metal Machine Music árið 1975. Tónlistin á henni var samfelld „feedback“. Metallica varð síðan hataðasta hljómsveit heims þegar hún ákvað að lögsækja aðdáendur sína til þess að klekkja á Napster-tónlistarsíðunni upp úr síðustu aldamótum.

Það verður hver að dæma fyrir sig um Lulu-plötuna, en æskilegt væri samt að sem flestir hlustuðu áður en þeir úttala sig. Persónulega finnst mér þetta ágætis plata. Ég hef alltaf tíma fyrir Lou Reed og á köflum kemur undirspil Metallica á Lulu mjög vel út. Lulu er ekki meistaraverk en ég fullyrði að bæði Lou Reed og Metallica hafa gert verri plötur!

Gagnrýnendur telja plötuna margir (en ekki allir) algjört drasl en eins og við var að búast ganga menn skrefi lengra í athugasemdafærslum. Tónlistarvefir eru t.d. hundskammaðir fyrir það eitt að eyða plássu í að tala um plötuna, eins og pláss væri vandamál á netinu ...

En hvað er það nákvæmlega sem kallar á svona hörð viðbrögð? Það er ekki gott að segja. Þetta er þemaplata sem fjallar um kvenpersónuna Lulu og samskipti hennar við karlmenn. Textarnir eru eftir Lou Reed. Hann les þá eiginlega upp, frekar en að syngja þá, og Metallica hamast undir. Upphaflega stóð til að þetta yrði tókulagaplata, en Lou breytti því á síðustu stundu og mætti með lagabunka í hljóð-

ÞRJÓSKAST VIÐ AÐ ÞRÓAST

Hinn léttgeggjaði Dave Mustaine er kominn á kreik á ný með þrettánda breiðskífu Megadeth. Ýmislegt kom upp á við gerð plötunnar, sem var þó tekin upp á metttíma.

Þungarokksveitin Megadeth sendi frá sér þrettánda breiðskífu sína 1. nóvember. Platan heitir TH1RT3EN og hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda, sem keppast við að birta um hana jákvæða dóma.

Vinna við plötuna hófst í janúar á þessu ári og í júní mætti Dave Mustaine, forspraki Megadeth, í viðtali á tónlistarsíðunni Puregrainaudio.com og sagði að platan væri allt öðruvísi en síðasta platan Endgame, sem fékk einnig góðar viðtökur hjá gagnrýnendum. „Platan er hundrað prósent öðruvísi,“ sagði Mustaine. „Hún er ólík öllu öðru sem við höfum

“ Hún er ólík öllu öðru sem við höfum gert vegna þess að gítarinn hljómar öðruvísi, hann hljómar ofur-nútímalega.

DAVE MUSTAINE
FORSPRAKKI MEGADETH

gert vegna þess að gítarinn hljómar öðruvísi, hann hljómar ofur-nútímalega.“ Þá lýsti Mustaine hljómunum sem upprunalegu Black Sabbath blönduðu við nútímalegra rokk á borð við Queens of the Stone Age.

Þrettán hefur aldrei verið talin happatala, en ýmislegt kom upp á við gerð plötunnar, samkvæmt Mustaine. Í viðtali við tímaritið Terrorizer sagðist hann hafa lent í vandræðum með bíla ásamt því að hlutir hurfu. „Og einn af pottþéttustu náungum sem ég þekki féll og hvarf,“ sagði Mustaine. Þá sagði hann á Twitter-síðu sinni þegar hljómsveitin var í hljóð-



ENN ÞÁ MEÐ ÞAÐ Dave Mustaine kann þetta ennþá eftir áratugi í bransanum.

NORDICPHOTOS/GETTY

veri að hlé yrði að gera á upptökum vegna þess að upptökustjórnin hefði veikt. Mustaine hefur aldrei verið talinn vera í góðu jafnvægi og sagði síðar í viðtali, hvert á fyrri yfirlýsingar, að mikil heppni fylgdi tölunni 13 og að platan hefði verið tekin upp á metttíma.

Það er þó varla heppni að plat-

an sé að fá fínustu dóma. Á vefsíðunni Metacritic.com er platan með 74 af 100 mögulegum í meðaleinkunn. Tímaritin Spin, Rock Sound og Revolver gefa öll plötunni þrjár og hálfu stjörnu af fimm mögulegum og gagnrýnandi Spin segir að þrjóskan við að þróast geri tónlist Megadeth stórskemmtilega. atlifannar@frettabladid.is



MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsbörðinu þegar blaðið er opnað.

Meira en 80% blaðalesenda á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is



Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

LAGALISTINN

Víkuna 27. október - 2. nóvember 2011

Sæti	Flytjandi	Lag
▶ 1	Of Monsters And Men	King and Lionheart
▶ 2	Adam Lev. / Christ. Aguilera	Moves Like Jagger
▶ 3	Hjálmar	Ég teikna stjörnu
▲ 4	Coldplay	Paradise
▲ 5	Mugison	Kletturinn
▲ 6	Lady Gaga	You And I
▼ 7	Elín Ey / Pétur Ben	Þjóðvegurinn
▲ 8	Goyte / Kimbra	Somebody I Used To Know
▼ 9	Jón Jónsson	Wanna Get It
▼ 10	Mugison	Stingum af

Skýringar:

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötufralemiddenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

vísir

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xíð 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. Verslanir í Tónlistanum: Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkö, tonlist.is

HINN EINI SANNI

RISA

ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

MARKAÐUR

RISA MARKAÐUR
OPIÐ 12-18



AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ

Mikið úrval af útivistarvörum,
fatnaði og skóm á frábæru verði

Opið alla daga frá 12:00 til 18:00

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE

Kaupfélagið

skór.is



hummel

Reebok

BLEND

ORIGINAL

SKECHERS



> TÍMI TEIKNIMYNDNA

Puss in Boots eða Stígvélaði kötturinn situr á toppnum í Bandaríkjunum um þessar mundir, en myndin segir sögu hins sérlyndaða kattar sem kynnist síðan græna skrímslinu Shrek. Antonio Banderas talar að sjálfsgöðu fyrir köttinn. Önnur teiknimynd, Tinni, gerði einnig góða hluti í Evrópu, þar sem hún halaði inn 56 milljónir dollara í miðasölu.



bío

bio@frettabladid.is

Heist-æði grípur Hollywood

Steve Carell mun að öllum líkindum leika aðalhlutverkið í kvikmyndinni Conviction og jafnvel sitja í framleiðandastólnu líka. Myndin segir frá snjóllum bankaræningja sem situr í fangelsi eftir að bankarinn hans fer úrskeiðis. Hann er síðan neyddur af FBI-fulltrúa til að hafa uppi á lærisvein sínum og koma honum á bak við lás og slá en notar um leið tímann til að skipuleggja hið fullkomna rán. Samkvæmt vef Empire átti myndin upphaflega að vera í ætt við stórmyndina Heat en nú hefur verið horfið frá því og ákveðið að láta myndina vera í svokölluðum heist-stíl með hasarbrag. Það verður forvitnilegt að sjá Carell í slíkri mynd, en hann hefur aðallega haldið sig við gamanmynda-flokkinn.

Hinar svokölluðu heist-myndir tröllríða nú

öllu í Hollywood enda er kvikmyndaborgin ákaflega viðkvæm fyrir hvers konar tískubylgjum. Heist er slangur yfir rán og hafa kvikmyndir af þessum toga dúkkað upp með reglulegu millibili, Ocean-þríleikurinn malaði til að mynda gull í miðasölu og miklar vonir eru bundnar við Tower Heist með þeim Ben Stiller og Eddie Murphy í aðalhlutverkum. Myndirnar eru byggðar upp á svipaðan hátt, einhver er svikinn, sett er upp svikamylla eða rán til að ná sér niður á svikaranum en undir lokin kemur í ljós að ekki er allt sem sýnist.

SEST Á HEIST-FLEYIÐ Steve Carell mun að öllum líkindum leika aðalhlutverkið í heist-kvikmyndinni Conviction.



ÖGRANDI HLUTVERK Amanda Seyfried leikur Lindu Lovelace í nýrri kvikmynd um líf leikkonunnar sem varð heimsfræg fyrir þáttöku sína í Deep Throat.

Amanda Seyfried leikur Lindu Lovelace

Amanda Seyfried hefur hreppst aðalhlutverkið í kvikmynd um Lindu Lovelace.

Linda varð heimsfræg þegar hún lék í klámmyndinni Deep Throat, en hún upplýsti seinna meir að tóknar hefðu verið helvíti á jörð og að sér hefði verið nauðgað fyrir framan tókuvélarnar.

Linda, sem hét réttu nafni Linda Susan Boreman, leiddist út í harða fíkniefnaneyslu og bjó um hríð með ofbeldisfullri klámstjörnu sem neyddi hana út í vændi en hún

kom loks lífi sínu á réttan kjöl og barðist þá harðlega gegn klámi og klámframleiðslu.

Myndin verður byggð á bókinni The Complete Linda Lovelace eftir Eric Danville og er framleidd af Rob Epstein og Jeff Friedman. Upphaflega stóð til að Kate Hudson léki í myndinni og þá kom Olivia Wilde einnig til greina. Þá bauðst James Franco hlutverk hins ofbeldisfulla Chuck Traynor en Peter Sarsgaard hefur nú tekið við því.

Ekki bara sætabrauðsdrengur

Brad Pitt er sennilega ein stærsta kvikmyndastjarna heims um þessar mundir. Hann er stöðugt viðfangs efni fréttamiðla, sem hafa fjallað um einkalíf leikarans af miklum mót í næstum tvo áratugi. Ólíkt mörgum slíkum stjörnum, sem þrífast á forsíðum glanstímarita, hefur Pitt sannað sig sem leikari.

Nýjasta kvikmynd Brad Pitt, Moneyball, er byggð á bók bandaríska blaðamannsins Michael Lewis, Moneyball: The Art of Winning an Unfair Game. Lewis þennan ættu margir Íslendingar að kannast við, hann skrifaði ákaflega umdeilda grein í Vanity Fair um efnahagshrunið á Íslandi. Myndin segir frá hafnaboltþjálfaranum Billy Beane, sem breytti umhverfi íþróttarinnar þegar hann innleiddi tölfærni og tölvur sem tæki við kaup á nýjum leikmönnum. Þessa stefna hafði gríðarlega góð áhrif á hafnaboltaliðið Oakland Athletics, sem Beane stjórnadei, en því tókst, eftir áralanga eyðimerkuröngu, að verða meðal sterkustu liða bandarísku hafnaboltadeildarinnar. Með önnur hlutverk í myndinni fara þau Jonah Hill, Philip Seymour Hoffman og Robin Wright en leikstjóri er Bennett Miller, sá hinn sami og gerði hina mögnuðu kvikmynd Capote.

Brad Pitt er fæddur í desember árið 1963 í Oklahoma. Foreldrar hans voru dæmigert milli-

STÓRSTJARNNA

Brad Pitt er stórstjarna í kvikmyndaheiminum. Hann hóf þó feril sinn eins og svo margir aðrir leikarar í amerískum sápum en árið 1995 urðu straumhvörf í hans lífi, fjölmiðlar kepptust um að flytja fréttir af sambandi hans og Gwyneth Paltrow auk þess sem kvikmyndirnar Se7en og Twelve Monkeys sýndu það og sönnuðu að hann var miklu meira en bara útlítið.



stéttarfolk; faðir hans var framkvæmdastjóri hjá vörubílafyrirtæki. Pitt ól snemma með sér þann draum að verða kvikmyndastjarna og flutti ungur að árum til Hollywood, þar sem hann vann ýmiss konar forvitnileg störf meðfram því að reyna koma sér á framfæri í kvikmyndaborginni;

hann sá meðal annars um að keyra fatafellur í einkasamkvæmi. Pitt lék lítil hlutverk í þekktum sápum, honum bregður meðal annars fyrir í nokkrum þáttum af Dallas og Glory Days, en þar lék hann Walker Lovejoy. Það var hins vegar Ridley Scott sem gaf honum stóra tækifærið árið 1991. Hann fékk þá hlutverk kúrekaglaumgosa sem dró þær Thelmu

og Louise á talar í eftirminnlegri mynd. Þá strax varð Pitt að miklu kyntákni, en leikarinn hefur markvisst reynt að þrifa þann stimpil reglulega af sér. Kvikmyndirnar A River Runs Through It, Kalifornia, Interview with the Vampire og Legends of the Fall gerðu hins vegar lítið til að draga úr áhuga kvenþingingsins á honum.

Árið 1995 breytti hins vegar ferli Pitt, áhugi fjölmiðla á sambandi hans og bandarísku leikkonunnar Gwyneth Paltrow var gríðarlegur og kvikmynd þeirra Se7en sló í gegn svo um munaði. Pitt var síðan tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í framtíðartryllinum Twelve Monkeys. Leið hans hefur síðan þá eingöngu legið upp á við; hann er ötull framleiðandi og á meðal annars kvikmyndafrirtæki með fyrrverandi eiginkonu sinni, Jennifer Aniston (lætin í kringum þeirra skilnað og samband Pitt og Jolie væru auðvitað efni í aðra grein, jafnvel bók). Pitt hefur sjálfur varla stigið feilsþor á síðastliðnum árum og verið ófheiminn við að ögra sjálfum sér í kvikmyndum á borð við The Curious Case of Benjamin Button og Inglourious Basterds.

KEMUR ÚT 29. NÓVEMBER

JÓLAGJAFNA
HANDBÓKIN

MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU: JÓLALJÓSIN, KÖKUR OG SÆTINDI, SKRAUT OG FÖNDUR, MATUR OG BORDHALD JÓLASÍÐUR OG VENJUR

Bókið auglýsingar tímanlega:

Benedikt Freyr Jónsson
S: 512 5411, gsm 823 5055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 512 5429, gsm 615 4349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 512 5462, gsm 823 3344
sigrurdagny@365.is

Breskt eðalgrín til landsins

Breska gamanmyndin The Inbetweeners verður frumsýnd um helgina, en hún hefur slegið rækilega í gegn heimafyrir og fengið lofsamlega dóma. Myndin er byggð á samnefndum þáttum sem sýndir voru á áskrifstarstöðinni E4, en þeir segja frá lífi Will og félagar hans í bresku úthverfi. Þættirnir eru margverðlaunaðir og voru tvívegis tilnefndir til Bafta-verðlauna sem bestu gamanþættirnir.

Þættirnir eru hugmyndaverk Damon Beesley og Iain Morris, en Beesley hefur meðal annars unnið með gríntvíeykinu The Flight of the Conchords. Morris er hins vegar þekktur útvarpsmaður. Í stuttu máli segir myndin frá því þegar áður nefndur Will og þrjú félagar hans halda í útskriftarferð til Malú á Krít. Og eins og gefur að skilja fer ýmislegt úrskeiðis. Tónlist lék stórt hlutverk í þáttunum og engin breyting er á því í myndinni, en þar má meðal annars heyra ný lög eftir Mike Skinner, fyrrum forsprakka The Streets.

Kvikmyndin In Time verður einnig frumsýnd um helgina, en hún skartar Justin Timberlake og Amöndu Seyfried í aðalhlutverkum. Timberlake þarf vart að kynna en Seyfried er hvað þekktust fyrir leik sinn í Mamma Mia. Myndin er hasarmynd sem gerist í framtíðinni þegar fólk hættir að eldast 25 ára. Og tími hefur komið í stað peninga sem gjaldmiðill.



BRESKIR ÓLÁTABELGIR Will og félagar halda til Krítar í bresku gamanmyndinni The Inbetweeners. Justin Timberlake leikur hins vegar aðalhlutverkið í kvikmyndinni In Time, en báðar myndirnar verða frumsýndar um helgina.

WAREHOUSE

35 ÁRA
AFMÆLISHÁTÍÐ Í DAG

20%

afsláttur af öllum vörum

- Gjöf fyrir alla viðskiptavini
- DJ frá klukkan 17:00
- Léttar veitingar

Verið velkomin!

Warehouse Kringlunni s. 517-3290



OASIS



Hautfagnaður

50% afsláttur af völdum haustvörum

Oasis Kringlu s. 553-5111
Oasis Smáralind s. 554-7980

30-50%

afsláttur af völdum haustvörum

SAINTS

Saints Kringlunni s. 517-3890
Saints Smáralind s. 522-8350



62 ÁRA verður ritstjórinn Anna Wintour í dag. Wintour hefur mikil völd í tískuheiminum, en hún hefur setið í ritstjórstól tímaritsins Vogue síðan árið 1988.

DiCaprio ekki við eina fjölinna felldur

Leonardo DiCaprio kúrir sennilega seint kvenmannslaus í kulda og trekki því samkvæmt áströlsku útgáfunni af Daily Telegraph er leikarinn kominn með nýja dömu upp á arminn. Sú heitir Madalina og það kemur sennilega fáum á óvart að stúlkan er fyrir-sæta. Hún er af rúmensku bergi brotin og hefur getið sér gott orð fyrir undirfatamyndir sínar.

DiCaprio er staddur í Ástralíu að leika í kvikmyndinni *The Great Gatsby* undir stjórn Baz Luhrman, en samstarf



þeirra gaf af sér hina margrómuðu Rómeó og Júlíu. DiCaprio hefur augljóslega ekki eytt löngum tíma í að sleikja sárin eftir að leikkonan Blake Lively sparkaði honum fyrir Ryan Reynolds. Madalina er hins vegar ekki eina konan í lífi leikarans því fjöldi fyrir-sæta hefur sést yfirgefa íbúð DiCaprios í Ástralíu.

KOMINN MEÐ NÝJA DiCaprio er sagður vera kominn með nýja konu upp á arminn. Hún heitir Madalina og er undirfatayfir-sæta.



DIASS Á KEXI Latinkvartett Tómasar R. Einarssonar lék ljúfa tóna á þriðjudagskvöldið. Frá vinstri eru tónlistarmennirnir Samúel Jón Samúelsson, Tómas R., Matthías Hemstock og Ómar Guðjónsson.

DJASSARAR HERTÓKU KEXIÐ

Ný djasstónleikaröð hóf göngu sína á Kex Hosteli á þriðjudagskvöld. Það var Latinkvartett Tómasar R. Einarssonar sem reið á vaðið og kunnu gestir vel að meta ljúfa tóna sveitarinnar. Sigurður Flosason tónlistarmaður sér um skipulagningu tónleikaraðarinnar, sem verður á þriðjudagskvöldum næstu vikunnar hið minnsta. Í næstu viku treður Sigurður sjálfur upp með Standardkvartett sínum og þar á eftir er komið að Tríói Kristjónu Stefánsdóttur.



Lilja Björk Pétursdóttir og Aldís Óladóttir.



Bræðurnir Gísli og Stígur Reynissynir.



Chahita, Guðný Jónsdóttir og Leó Torfason.



Ómar gítarleikari lék af mikilli innlifun.

mini

pítur

Nýr og skemmtilegur valkostur

Nú bjóðum við okkar frábæru pítur sem smarétti fyrir öll stór og smá tilefni. Mini píturnar eru afgreiddar á hentugum bökkum í þremur útfærslum*

- Klassík: Buff, kjúklingabringa, grænmeti, lamb og beikon
- Exótík: Sjávarréttir, lax, kalkún-beikon og kebab
- Mix: Roastbeef, buff, skinka og kjúklingalundur

*Pantarnir þurfa að berast fyrir 15:00 daginn áður

pítan

Skipholti 50 C
Pöntunarsími: 562 9090
www.pitan.is

klassík mix
exótík

12 mini pítur
2.990.-

30
KAREN MILLEN
years

AFMÆLISTILBOÐ
AÐEINS Í DAG

20%
afsláttur
AF ÖLLUM VÖRUM

Kringlan sími: 533 1740 // Smáralind sími: 534 1740 // www.karenmiller.com

DAY

BIRGER ET MIKKELSEN

HERRAR



5 DAGA
HAUSTTILBOÐ

30%
afsláttur

TIL

50%
afsláttur



DÖMUR

Stefnir í magurt kvikmyndaár

Næsta ár verður dapurt, þetta verða kannski tvær til þrjár frumsýningar,“ segir Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Eftir næstum ótrúlega fjörug ár að undanförunu þar sem þrjátíu íslenskar kvikmyndir hafa verið frumsýndar stefnir í ansi mögum ár á næstunni í íslenskrum kvikmyndagerð.

Kvikmyndirnar Djúpið, Svartur á leik og Þetta reddast verða einu íslensku kvikmyndirnar sem frumsýndar verða árið 2012 ef að líkum lætur. Á þessu ári hafa átta íslenskar kvikmyndir verið frumsýndar



en 2010 var algjört metár; níu íslenskar kvikmyndir í fullri lengd litu þá dagsins ljós. 2009 voru þær sex og árið þar áður voru myndirnar sjö. Til samanburðar má nefna að tímabilið 2004-2007 voru íslenskar frumsýningar „aðeins“ sextán, eða næstum helmingi færri.

GÆTU FARID Í TÖKUR Djúpið eftir Baltasar Kormák, Svartur á leik í leikstjórn Óskars Þórs Axelssonar og Þetta reddast eftir Bórk Gunnarsson gætu verið einu myndirnar sem frumsýndar verða á næsta ári. Það er af sem áður var en átta íslenskar kvikmyndir voru frumsýndar á þessu ári.

Það hefur legið lengi í loftinu að það myndi harðna á dalnum hjá íslensku kvikmyndagerðarfólki en Laufey segir að það sé fyrst núna sem niðurskurðarhnifurinn bitni á íslenskrum kvikmyndagerð; kvikmyndir séu einfaldlega svona lengi í vinnslu. Laufey óttast jafnframt að fagfólk hugsi sér til hreyfings enda sé ekki mikið fram undan; aðeins fjórar myndir hafa fengið svokallað vilyrði fyrir styrk frá Kvikmyndasjóði sem er veittur með þeim fyrirvara að það takist að fjármagna myndina eftir öðrum leiðum, það séu ansi mörg „ef“ á þeim vegi. Myndirnar fjórar eru Grafarþögn eftir Baltasar Kormák, Málmaus eftir Ragnar Bragason, Ófeigur gengur aftur eftir Ágúst Guðmundsson og Hross um oss eftir Benedikt Erlingsson. - fgg



HEFNIR SÍN In Touch heldur því fram að Demi Moore hafi einnig haldið framhjá Kutcher. NORDICPHOTOS/GETTY

Hefnir sín

Mikið hefur verið fjallað um hjónaband Ashtons Kutcher og Demi Moore allt frá því að Sara Leal steig fram og viðurkenndi að hafa eytt einni nótt með Kutcher. Nú virðist sem svo að Moore hafi einnig haldið framhjá Kutcher, og þá með leikaranum Ben Hollingsworth.

Moore og Hollingsworth kynntust eftir að hann flutti frá föðurlandi sínu, Kanada, til Los Angeles. „Hún bauðst til að aðstoða hann við leikferil sinn og hann þáði það með þökkum enda fátækur leikari. Vinátta þeirra þróaðist svo fljótlega í nokkuð annað og meira. Hann ákvað þó að slíta sambandinu eftir að hann fór að kynnastrá Ashton betur því hann var þjakaður af samviskubiti,“ hafði tímaritið In Touch eftir heimildarmanni.



ILLKVITTNI JK Rowling segir að á einum tímupunkti hafi það komið til greina að láta Ron Weasley deyja.

Slapp naumlega undan

JK Rowling hefur upplýst að Ron Weasley, sem Rupert Grint lék í Harry Potter-myndunum, hafi sloppið naumlega undan, hún hafi nefnilega spáð alvarlega í það hvort hann ætti ekki að deyja í síðustu Potter-bókinni. Þetta kemur fram í spjalli við rithöfundinn á sérstökum viðhafnar-mynddiski síðustu myndarinnar, Harry Potter og Dauðadjánsin 2.

Breska blaðið Guardian hefur eftir Rowling að hún hafi upphaflega gert ráð fyrir því að þrenningin myndi halda lífi þrátt fyrir að margir væru orðnir sannfærðir um að Harry Potter myndi deyja í síðustu bókinni. „Þegar ég var hálfnuð með bækurnar velti ég því alvarlega fyrir mér að láta eitt af þeim deyja. Og þessi hugmynd spratt bara fram af einskærri illkvitni og segir kannski meira um mitt andlega ástand þá en eitthvað annað,“ segir Rowling. Og þá hafi Weasley verið einna líklegastur til deyja.

Flott merki í dömudeild:

Red Herring

Maine

Collection

Collection Petite

Casual Collection

Julian McDonald

John Rocha

Jasper Conran

Mexx

Esprit

Diamond

Part Two

Gerry Weber

Taifun

Samoon

DNY

Pineapple

2 BIZ

Mantaray

Soaked in Luxury

Second Female

Just Female

Minus

Warehouse

BYOUNG

Principles

20%

afsláttur
af öllum vörum
í dömudeild

Gildir til miðvikudags

Frí ráðgjöf hjá stílista
Pantaðu tíma í síma
522 8005 eða á
stilisti@debenhams.is

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



Á AÐ RÓA SIG Rihönnu hefur verið skipað að róa sig og gera minna af því að skemmta sér samkvæmt læknisráði.

Rihanna þarf að róa sig

Læknar hafa ráðlagt söngkonunni Rihönnu að skemmta sér minna eftir að hún varð veik og neyddist til að aflýsa tónleikum í Svíþjóð. Samkvæmt heimildum breska götublaðsins The Sun hafa læknar verulegar áhyggjur af því að Rihanna sé að ofgera sér. „Hún á engan dauðan tíma. Ef hún er ekki uppi á sviði eða í hljóðveri þá er hún að skemmta sér á einhverjum dansklúbbi,“ hefur The Sun eftir innanbúðarmanni. „Hún er að keyra á tónum tanki og verður að slaka á ef ekki á að illa að fara.“




VINSÆL Vilhjálmur Bretaprins og Katrín hertogaynja af Cambridge hafa fengið um 60 þúsund aðdáendabréf síðan þau opinberuðu trúlofun sína.

NORDICPHOTOS/GETTY

170 aðdáendabréf á dag

Vilhjálmur Bretaprins og Katrín hertogaynja af Cambridge hafa fengið um 170 aðdáendabréf á dag síðan þau opinberuðu trúlofun sína fyrir ári. Það gera alls um 60 þúsund bréf sem starfsmenn hallarinnar berjast við að svara. „Það tekur okkur frekar langan tíma að fara í gegnum allan þennan póst en við reynum að svara öllum bréfum sem berast,“ segir starfsmaður hallarinnar í samtali við tímaritið People.

Vilhjálmur og Katrín eru mjög vinsæl og bíður breska þjóðin spennu eftir því að tilkynnt verði um fjölgun í fjölskyldunni. Nýverið var reglum í Bretlandi breytt þannig að ef þau eignast dóttur verður hún sjálfkrafa krúnuerfingi á eftir föður sínum.



Kutcher fellur

Áhorfið hrynur af sjónvarpsþáttaröðinni Two and a Half Men eftir að Ashton Kutcher gekk til liðs við þáttinn. Kutcher hefur engan veginn náð að fylla upp í það skarð sem Charlie Sheen skildi eftir sig þegar hann var rekinn. Kutcher hefur sjálfur átt í vandræðum í einkalífnum og rígheldur nú í hjónaband sitt og Demi Moore.

Kutcher fékk reyndar fljúgandi start en eftir það hefur fjarð undan honum, þættirnir eru nú á eftir Dancing with the Stars sem er vinsælastur þar vestra og áhorfið á síðasta þátt hefur aldrei verið lægra, en 13,8 milljónir Bandaríkjamanna horfðu á þáttinn.



BRÓSÓTT GENGI Áhorfið á Two and a Half Men hefur fjarð út hægt og rólega.

Faðir í fyrsta sinn

Leikarinn Hugh Grant varð stoltur faðir lítillar stúlku á dögnum. Leikarinn góðkunnir og barnsmóðirin, hin nítján árum yngri Tinglan Hong, áttu stutt en afdrifarík kynni fyrir á árinu. Fjölmíðlafulltrúi kappans greinir frá þessu. Hann segir Grant ætla að styðja mæðgurnar og vera góður faðir þrátt fyrir að vera ekki í sambandi með barnsmóðurinni.

Grant, sem er 51 árs að aldri, hefur ekki verið í föstu sambandi síðan hann hætti með sjónvarpsstjórnunni Jemina Khan árið 2007. Dóttur Grants og barnsmóður heilsast vel.



STOLTUR FAÐIR Leikarinn Hugh Grant eignaðist litla stúlku á dögnum.

NORDICPHOTOS/GETTY

ÖFLUG VIRKNI
án kemískra efna

NÁTTÚRULEGAR ILMOLIUR
ferskur ilmur

Allt sem þú þarft er smá **ATTITUDE®**
umhverfisvæn og húðvæn hreinsiefni sem virka

HÚÐVÆNT
án ertandi ilm- og litarefna

UMHVERFISVÆNT
framleitt samkvæmt
ströngustu umhverfisstöðlum

CO2 NEUTRAL, MADE WITH RECYCLED MATERIALS, EcoLogo



blettahreinsir



baðherbergishreinsir



yfirborðshreinsir



glerhreinsir



sturtuhreinsir



uppbvottalögur



uppbvottaefni



mýkingarefni



þvottaefni og mýkingarefni



þvottaefni

Katrín hertogaynja sú best klædda í Bretlandi



1. **SÆTI** Ritstjórn Harper's Bazaar segir Katrínu hertogaynju af Cambridge hafa átt tiskuaugnablik ársins er hún klæddist hönnun Söruh Burton hjá Alexander McQueen á brúðkaupsdaginn sinn. Hún hefur einnig verið dugleg að koma breskum fatahönnuðum á framfæri og klæðst alla jafna fatnaði úr smíðju þeirra opinberlega.

Breska tímaritið Harper's Bazaar hefur nú gefið út lista yfir best klæddu konurnar árið 2011. Að þessu sinni var það Katrín hertogaynja af Cambridge sem skaut tiskufyrirmyndum á borð við Kate Moss og Alexu Chung ref fyrir rass og situr í toppsæti listans. Kate Moss endaði í fjórða sæti, leikkonan Tilda Swinton í fimmta sæti og Keira Knightley í því sjötta. Hönnuðina Stellu McCartney og Pheobe Philo má einnig sjá á listanum yfir best klæddu konur Bretlands.



2. **SÆTI** Söngkonan Florence Welch úr hljómsveitinni Florence and the Machine þorir að taka áhættu í fatavali og klæðaburður hennar þykir jafn kröftugur og rödd hennar. Hér klæðist hún ævintýrlegri hönnun Ricardo Tisci fyrir Givenchy-tiskuhúsið.



3. **SÆTI** Andrea Riseborough er ung og rísandi stjarna í Bretlandi en hún lék meðal annars titillutverkið í sjónvarpsmyndinni Margaret Thatcher: The Long Walk to Finchley og hlaut verðlaun fyrir. Leikkonan kemst í þriðja sæti listans en hér klæðist hún grænum glimmerkjól úr smíðju Dolce & Gabbana.



4. **SÆTI** Tískudrottningin og fyrirsætan Kate Moss hefur oft vermt efsta sætið en þurfti að víkja fyrir nýjum dómum í þetta sinn. Moss kom sterk inn í fjórða sætið.

SHISEIDO

Magnaðir litir.
Shimmering Cream Eye Color
12 litir **NÝTI**

3.-5. nóvember

Shiseido kynning

Hygea Kringlu & Smáralind

Nýtt frá Shiseido

- Benefiance NutriPerfect rakavatn sem eykur virkni krema.
- Krem augnskuggar í 12 flottum litum.
- Gjafatilboð í Body Creator grenningargelínu góða.

Hægt er að panta tíma í förðun.

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru Shiseido vörur fyrir 4.900 eða meira. Gildir á meðan birgðir endast.

HYGEA
Snyrtivöruslun
STOFNSETT ÁRIÐ 1953

Hygea Kringlunni s. 533 4533
Hygea Smáralind s. 554 3960

Segir Justin Bieber vera pabbann



PABBÍ? Justin Bieber er sagður vera faðir sonar hinnar tvítugu Mariuh Yeater.

Hin tvítuga Mariah Yeater segir að Justin Bieber sé faðir þriggja mánaða sonar hennar.

Yeater segir þau Bieber hafa sofið saman eftir tónleika hans í Kaliforníu fyrir ári. Bieber var þá 17 ára gamall og hún segist handviss um að hann sé faðir sonar síns.

Hún fer fram á að Bieber taki faðernispróf til að skera úr um hvort hann sé líffræðilegur faðir barnsins. Talsmenn Bieber segja útilokað að hann sé faðirinn en þurfa að svara stúlkunni fyrir rétti síðar á þessu ári.

Justin Bieber er nú með söngkonunni Selenu Gomez, en þau fengu sér nýlega hvölp.

Cheryl Cole mætti í heimsókn í meðferð

Breski söngfuglinn Cheryl Cole kom í óvænta heimsókn á meðferðarheimilið þar sem söngkonan Sara Harding dvelur, en þær voru báðar meðlimir stúlknasveitarinnar Girls Aloud.

Sara Harding skráði sig í meðferð í Arizona til að fá hjálp við þunglyndi og áfengissýki. „Cheryl hefur virkilegar áhyggjur af henni og tók sér tíma frá mjög þétttri dagskrá til að heimsækja hana,“ hefur breska blaðið Daily Star eftir heimildarmanni sínum. „Hún tekur svona mál mjög nærri sér eftir að hafa þurft að hafa áhyggjur af áfengis- og eiturlyfjafíkn bróður síns, Andrew.“

Cole bauð Söruh meira segja að gista á heimili sínu í Los Angeles til að sleppa við kastljós fjölmíðlanna í London, þar sem þær stúlkur eru hundeltar af ljósmyndurum, og eins ef hún vilji bjarga sambandi sínu og plötnúðsins Tom Crane, en þau slitu trúlofuninni fyrir skömmu. Önnur söngkona söngflokksins, Kimberly Walsh, lýsti því nýlega yfir að Söruh gengi vel í meðferðinni en samkvæmt óstaðfestum fregnum hefur hún nú framlengt dvölina og er talið ólíklegt að hún komi heim fyrir jólin.



GÓÐHJÖRTUÐ Cheryl Cole hefur fallet hjartalag og gaf sér tíma til að heimsækja vinkonu sína í Arizona þar sem hún er í meðferð.

Makita TILBOÐSDAGAR

Við flytjum úr Ármúlanum að Krókhálsi 16 og bjóðum gamla og nýja viðskiptavinum velkomna á nýja staðinn. Af þessu tilefni bjóðum við sérstök tilboðsverð á Krókhálsi 16 á völdum Makita vélum dagana 3. og 4. nóvember.

Slípirokkur - 125 mm

840 wött
2 x demantsskífur fylgja
Góð stáltaska fylgir



TILBOÐ 15.900,-

Módel 9558NBKD2

Rafhlöðuborvél - 18V

13 mm patróna
2ja hraða
Hersla 42 Nm
Taska fylgir
3 x 18 v Li-ion rafhlöður, 1,3Ah



TILBOÐ 39.900,-

Módel BDF453RHE

Slípirokkur - 230 mm

2000 wött
6600 sn/mín
230 mm skífustærð
Þyngd 4,7 kg



TILBOÐ 24.900,-

Módel GA9050R

Handfræsari

Öflugur léttur handfræsari
900 wött
29000 sn/mín
Fyrir 6 og 8 mm hulsur
Þyngd 2,7 kg



TILBOÐ 29.900,-

Módel RP0900

Bútsög

1650 W
Ø = 305 mm
102 mm sagþykkt við 90°
38.2 cm framdrag
Hallar 45° á báðar hliðar
Snúningur 60°
Laser ljós



TILBOÐ 139.000,-

Módel LS1216LB

SDS+ höggborvél með skiptipatrónu

780 wött
Bor & Brot
2.7 Joule
2.8 kg
Taska
Bora & Meitlasett fylgir



TILBOÐ 36.000,-

Módel HR2470FT

Lithium - Rafhlöðuvélasett í tösku - 8 tæki í einu setti

13 mm borvél	Slípirokkur	Ljós	3 rafhlöður
Sverðsög	SDS+ höggborvél	Útvarp	Vönduð taska
Hjólsög	Höggskrúfvél	Hleðslutæki	



Allt þetta á aðeins 250.000,-

Athugið - takmarkað magn

SDS+ höggborvél með broti

780 wött Þyngd 2.7 kg
Bor & Brot Taska fylgir
2,7 Joule



SÉRVERÐ 29.900,-

Módel HR2450

Rafhlöðuborvél - 18V

18 V Li-ion / 3 Ah Hersla 50 Nm
13 mm patróna Taska
2ja hraða 3 rafhlöður fylgja



SÉRVERÐ 82.000,-

Módel BDF452RFE

Og í tilefni flutninganna bjóðum við sérstakan kaupauka af nokkrum MAKITA módelum dagana 3. og 4. nóvember:

- Öllum gifsskrúfvélum fyrir belti fylgja 10 pakkar af gifsskrúfum 3.5 x 25 mm.
- Öllum borðsögum, bútsögum og veltisögum fylgir MAKITA BMR 100 ÚTVARP (meðan birgðir endast).

Auk þess bjóðum við sérstakan 25% afslátt af borum, kjarnaborum, hjólsagarblöðum, stingsagarblöðum, sverðsagarblöðum, slípibollum og skurðarskífum.

Þessi tilboð gilda aðeins í verslun okkar að Krókhálsi 16 dagana 3. og 4. nóvember 2011 meðan birgðir endast. Allt verð er tilgreint með virðisaukaskatti 25,5%



HJÓNAABANDSSÆLA

Með Eddu Björgvinsdóttur
og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni

eftir Michele Riml

„Laddi fannst mér algjörlega frábær í sínu hlutverki og ég væri til í að sjá hann í fleiri „mannlegum“ hlutverkum. Ef Woody Allen gerði mynd á Íslandi myndi hann eflaust ráða Ladda í hlutverk.“

„Edda Björgvins var í flottu formi og skemmtileg að vanda. Karakterinn Lísu á sér samhljóm hjá ótal konum.“

- Margrét Gústavsdóttir *dv.is*

GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS

Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is

Fim 3. okt Örfá sæti laus

Fös 4. okt Örfá sæti laus


Lau 12. nóv Uppselt

Sun 13. nóv

Fim 17. nóv Örfá sæti laus

Fös 18. nóv

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opð Mán - Mið 14:00-18:00 Fim - Sun 14:00-20:00)



GUNNAR ÖRN JÓNSSON á nú í viðræðum við nokkur lið en það hefur legið fyrir að hann muni ekki spila áfram með KR. Hann vildi ekki nafngreina þessi lið við Fréttablaðið í gær en sagðist vonast til að ganga frá sínum málum fljótlega eftir helgi. Samkvæmt heimildum okkar hafa Stjarnan, Fylkir, ÍBV og Selfoss öll áhuga.



INGIMUNDUR NÍELS Snýr aftur heim í Árbæinn síðar í mánuðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ingimundur Niels Óskarsson: Kemur aftur heim til Fylkis

FÓTBOLTI Ingimundur Niels Óskarsson á ekki von á öðru en að hann snúi aftur heim í Fylki eftir nokkurra mánaða dvöl hjá norska B-deildarliðinu Sandnes Ulf.


„Það gekk eiginlega ekkert allt of vel mér með sjálfum, þó svo að liðinu hafi gengið ágætlega,“ sagði hann en Sandnes Ulf vann sér á dögunum sæti í norsku úrvalsdeildinni. „Þetta var þó ágæt dvöl og ævintýri fyrir okkur í litlu fjölskyldunni.“

Hann er óánægður með hversu lítið hann fékk að spila. „Það gengur illa að vinna sér sæti í liðinu þegar vel gengur en þeir töpuðu engu að síður fyrstu þremur leikjunum eftir að ég kom hingað út og skoruðu ekki mark. Á meðan skoraði ég fimm mörk í þremur leikjum með varaliðinu og var verðlaunaður með tveimur mínútum í næsta leik liðsins. Það voru ákveðin skilaboð sem ég fékk,“ sagði Ingimundur. „Ég er þó alls ekki full og skildi við liðið á góðum nótum.“

Hann er enn í Noregi en kemur heim um miðjan mánuðinn og byrjar þá að æfa með Fylki. „Mér líst vel á það sem er að gerast hjá Fylki. Ásmundur [Arnarsson] er öflugur þjálfari sem ég þekki frá Fjölni og hann er búinn að mynda öflugt þjálfaratymi.“

Steinþór Freyr Þorsteinsson er á mála hjá Sandnes Ulf og er „aðalmaðurinn“ þar eins og Ingimundur lýsti því. „Hann var kosinn bestur af stuðningsmönnum sem eru líka mjög hrifnir af innköstunum hans. Kannski þarf ég að æfa mig betur í þeim í vetur,“ sagði hann í léttum dúr.

- esá



Í BEINNI Í KVÖLD Martin Hermannsson, leikmaður KR.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KR-Keflavík í IEX-deild karla: Sýnt beint á íþróttavef Vísis

KÖRFUBOLTI Bein sjónvarpsútsending verður á fréttavefnum Vísi í kvöld þar sem KR tekur á móti Keflavík í Iceland Express-deild karla í körfuknattleik.

Um nýjung er að ræða á Vísi og mun Valtýr Björn Valtýsson lýsa. Leikurnir hefsta kl. 19.15 og hefsta útsendingin skömmu áður.

Tveir aðrir leikir eru á dagskrá í deildinni á sama tíma. Nýliðar Vals taka á móti toppliði Grindavíkur. Í Stykkishólmi eigast við Snæfell og Njarðvík. Fimmtu umferð lýkur annað kvöld með þremur leikjum: Haukar – Fjölnir, Þór Þ. – Stjarnan og Tindastöll – ÍR.

Stærsta tap í sögu Grindavíkur

Knattspyrnudeild Grindavíkur hefur slegið viðræðum við Guðjón Þórðarson á frest í ljósi þess að deildin var rekin með 21 milljónar króna tapi á síðasta ári. „Skafl sem þarf að moka,“ segir formaðurinn.

FÓTBOLTI Grindvíkingar björguðu sér naumlega frá falli í Pepsi-deildinni í sumar. Pepsi-deildarsætið var þó dýru verði keypt því deildin skilaði af sér 21 milljónar króna tapi á árinu.

Það er langmesta tap sem orðið hefur á deildinni frá upphafi og þessi staða setur Grindvíkinga í talsverða klípu og gerir það að verkum að ekki verður hægt að semja við Guðjón Þórðarson á næstunni.

„Við erum slakir í vinnu þar sem við þurfum að taka á okkar vanda. Við þurfum að klára þá vinnu og setja upp næsta fjárhagsár áður en við getum byrjað að ræða við Guðjón,“ segir nýkjörinn formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, Jónas Þórhallsson, en hann tekur við erfiðu búi af Þorsteini Gunnarssyni sem látið hefur af störfum fyrir félagið.

„Tapið er mikið en á móti kemur að við eigum útlitandi kröfur fyrir tæplega helmingnum af þessu tapi. Reksturinn átti engu að síður að ganga saman í sumar en gerði það ekki. Þetta er í fyrsta skipti síðan hrúði varð að við finnum fyrir þrengingunum af einhverju viti. Þetta er okkar versta útkoma frá upphafi. Við höfum aldrei séð þetta svona svart.“

Jónas segir að margt geri það að verkum að knattspyrnudeildin sé í þetta slæmum málum, þar á meðal hár leikmannakostnaður. „Svo sóttum við menn erlendis frá í júlí en það var neyðarúrræði af okkar hálfu.“

Grindvíkingar eru að ráðast í ýmsar aðgerðir til þess að rétta



40 MILLJÓN KRÓNA LEIKUR Formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur verðmetur sigurinn á ÍBV á 40 milljónir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

reksturinn við. Liður í því er að endursemja við leikmenn og ganga frá starfslokum við leikmenn eins og Michal Pospisil en hann er samningsbundinn Grindavík út næsta sumar. Þeir sem sáu hann spila vita að hann er nýttist Grindvíkingum ekki næsta sumar. „Það myndi létta mikið að losna við hann og svo erum við að semja upp á nýtt við Jamie McCunnie. Það munar um þá.“

Guðjón þarf að biða rólegur

Stefna Grindvíkinga var að hefja viðræður við Guðjón Þórðarson um mánaðamótið en Grindavíkurlíð-

ið er þjálfaralaust. Jónas hefur nú hringt í Guðjón og beðið hann um að biða rólegan.

„Það yrði ábyrgðarleysi af okkar hálfu að taka ekki til hjá okkur áður en við byrjum að ræða við Guðjón. Hann tók því mjög vel og var skilningsríkur. Það er gott samband á milli okkar og skilningur á stöðunni sem nú blasir við,“ segir Jónas en hvað ætla Grindvíkingar að gera til þess að koma sér úr þessum vandræðum?

„Þetta er skafl sem þarf að moka. Við þurfum að fara yfir stöðuna með okkar baklandi og leita ráða. Það er mikið af góðu

fólki sem styður okkur en við erum í verri stöðu en við höfum áður verið í.“

Grindvíkingar lögðu mikið undir til þess að halda sæti sínu í deildinni og fóru snemma til Eyja í lokaleikinn. Jónas segir að sú ferð hafi kostað deildina eina milljón króna en það hafi verið þess virði því félagið hefði orðið af miklum tekjum ef það hefði fallið í 1. deild.

„Það má verðleggja það sæti á 40 milljónir króna þannig að það var ferð til fjár hjá okkur,“ segir Jónas Þórhallsson, nýkjörinn formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur.

henry@frettabladid.is

Kjartan Henry Finnbogason kominn heim eftir vikudvöl hjá Brighton & Hove Albion:

Sá að ég hef roð við þessum gæjum

FÓTBOLTI Kjartan Henry kom heim til Íslands í fyrrakvöld eftir vikudvöl hjá enska B-deildarliðinu Brighton & Hove Albion þar sem hann þótti standa sig vel. Þar áður var hann hjá danska liðinu Nordsjælland en þangað fór hann strax eftir landsleik Íslands í Portúgal í upphafi síðasta mánaðar.

„Upphaflega átti ég bara að vera í þrjú daga hjá Brighton en þeim leist það vel á mig að það endaði í heilli viku,“ segir Kjartan sem hitti svo knattspyrnustjóran Gus Poyet að máli áður en hann kvæði félagið og fékk jákvæð skilboð. „Hann sagði að þeir hefðu ekki séð neitt neikvætt við mig, að ég væri góður framherji og áhugaverður kostur. Þeir myndu svo bara vera í sambandi enda verður ekki opnað fyrir félagskipti fyrr en í janúar.“

Brighton er nýliði í ensku B-deildinni og

byrjaði af miklum krafti. En lítið hefur gengið að undanförunni og liðið ekki unnið í síðustu níu leikjum sínum. „Hann hefur því nóg á sinni könnu annað en mig. En á meðan þeir eru ekki að skora mörk þá tel ég að ég geti hjálpað þeim,“ segir Kjartan sem telur að það væri mjög spennandi kostur fyrir sig að spila í ensku B-deildinni.

„Þetta er ein af 6-7 sterkustu deildum Evrópu og það væri frábært að komast að í henni. Ég sá að ég hef roð við þessum gæjum. Ég hef alltaf sagt að ef mér myndi bjóðast einhver spennandi kostur þá myndi ég skoða það.“

Kjartan Henry segir hins vegar ólíklegt að hann muni enda hjá Nordsjælland í Dan-

mörku en forráðamönnum þess liðs leist vel á hann. „Ef ég á að vera hreinskilinn þá var ég ekkert rosalega hrifinn af þeim. Ég fór frekar til að kíkja á þá en öfugt og er niðurstaðan sú að mér finnst KR meira spennandi en Nordsjælland.“

Kjartan þekkir atvinnumennskuna vel enda leikið í Skotlandi, Noregi og Svíþjóð. „Ég mun ekki fara út bara til að fara út. Ég mun þó skoða þá möguleika sem bjóðast en nú þegar ég er kominn með fjölskyldu þarf að vera góður kostur fyrir okkur öll. Ég er einnig samningsbundinn KR og því þarf ýmislegt að smella saman.“

- esá



KJARTAN HENRY Mun ekki fara frá KR nema spennandi tilboð berist.

Rúnar Kristinsson var í gær orðaður við þjálfarastöðuna hjá Lilleström í norskum fjölmiðlum:

Ég hef metnað til að þjálfast í sterkari deild

FÓTBOLTI Rúnar Kristinsson er einn þeirra þjálfara sem voru orðaðir við þjálfarastöðuna hjá norska úrvalsdeildarliðinu Lilleström í fjölmiðlum þar ytra í gær. Reyndar sagði Rúnar að fréttin væri frá blaðamönnum sjálfum komin en vissi þó að nafn hans væri á blaði hjá félaginu.

„Þetta eru enn sömu blaðamennirnir í Lilleström og þegar ég var sjálfur að spila. Ég þekki þá því mjög vel,“ sagði hann í léttum dúr. „Þeir þekkja auðvitað mjög vel til í félaginu og vildu setja saman lista yfir þá menn sem þeir þóttu líklegastir til að taka við starfinu. Þeim fannst það líka góð leið til að hjálpa félaginu við valið og gefa þeim hugmyndir,“ bætti Rúnar enn fremur við.

Rúnar þekkir mjög vel til í Lilleström frá því hann lék með félaginu frá 1997 til 2000. Yfirmaður íþróttamála hjá félaginu er Torgeir Bjarmann sem var liðsfélagi Rúnars á sínum tíma hjá Lilleström.


„Hann er góður vinur minn og við höfum alla tíð haldið góðu sambandi. Við höfum þó ekki rætt þetta á þeim nótum að hann sé að fara að bjóða mér starfið en ég veit til þess að nafn mitt hefur borið á góma,“ sagði hann. „En síðustu tveir þjálfarar sem voru ráðnir til félagsins voru báðir frekar ungir og óreyndir og því ekki ólíklegt að þeir leiti til reyndari manns í þetta skiptið.“

Rúnar samdi nýlega við KR til þriggja ára og setti sér þá ákveðin markmið. „Ég vil standa mig

eins vel og ég get og vonandi gæti það leitt til þess að maður kemst til útlanda að þjálfast. Ég hef metnað til að þjálfast í sterkari deild en þeirri íslensku og fá möguleika til að spreyta mig á stærra sviðið alveg eins og allir knattspyrnumenn sem vilja komast út fyrir landsteinana. Það er eins í þjálfuninni,“ sagði Rúnar en mun þó ekki stökkva á hvað sem er.

„Við fjölskyldan fluttum nýlega heim eftir tólf ára dvöl úti og höfum verið að koma okkur fyrir síðustu fjögur árin. Það er því hægara sagt en gert að rífa upp ræturnar aftur og flytja út. Það er þó gaman að vera nefndur til sögunnar en ég er mjög ánægður hjá KR. Ég hef það voða gott á Íslandi.“

- esá



Á LEIÐ TIL NOREGS? Rúnar Kristinsson, þjálfari KR.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

ÚRSLIT Í GÆR

Meistaradeildin

A-RÍÐILL:

Bayern München-Napoli 3-2
1-0 Mario Gomez (17), 2-0 Mario Gomez (23), 3-0 Mario Gomez (42), 3-1 Federico Fernández (45.), 3-2 Federico Fernández (79.)
Villarreal-Manchester City 0-3
0-1 Yaya Touré (30), 2-0 Mario Balotelli, víti (45+3), 0-3 Yaya Touré (71.)
Stig liða: Bayern München 10, Manchester City 7, Napoli 4, Villarreal 0.

B-RÍÐILL:

Inter Milan-Lille 2-1
1-0 Walter Samuel (18.), 2-0 Diego Milito (65.), 2-1 Tulio (83.)
Trabzonspor-CSKA Moskva 0-0
Stig liða: Inter 9, CSKA 5, Trabzonspor 5, Lille 2

C-RÍÐILL:

Manchester United-Otelul Galati 2-0
1-0 Antonio Valencia (8.), 2-0 W. Rooney (87.)
Benfica-Basel 1-1
1-0 Rodrigo (4.), 1-1 Benjamin Huggel (64.)
Stig liða: Man. Utd 8, Benfica 8, Basel 5, Galati 0.

D-RÍÐILL:

Lyon-Real Madrid 0-2
0-1 Cristiano Ronaldo (24.), 0-2 Ronaldo (69.)
Ajax-Dinamo Zagreb 4-0
1-0 Gregory van der Wiel (20.), 2-0 Miralem Sulejmani (25.), 0-3 Siem De Jong (65.), 4-0 Nicolás Lodeiro (90.)
Stig liða: Real Madrid 12, Ajax 7, Lyon 4, Dinamo Zagreb 0

N1 deild kvenna í handb.

Gróttá-HK 26-33
Iceland Express kvenna

Hamar-Fjölnir 87-69 (44-34)
Stig Hamars: Samantha Murphy 30 (8 frák./9 stoðs./6 stolnir), Hannah Tuomi 30 (19 fráköst), Álfhildur Þorsteinsdóttir 14, Bylgja Sif Jónsdóttir 5, Marín Laufey Davíðsdóttir 4 (10 frák.), Adda María Öttarsdóttir 2, Kristrún Rut Antonisdóttir 2.
Stig Fjölnis: Brittney Jones 36 (6 stolnir), Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 10 (9 frák./6 stolnir), Birna Eiríksdóttir 6, Katína Mandylaris 5 (11 frák.), Erla Sif Kristinsdóttir 4, Bergdís Ragnarsdóttir 4, Eva María Emilsdóttir 4.

STAÐAN Í DEILDINN:

KR	4	4	0	318-285	8
Keflavík	4	3	1	366-299	6
Valur	4	2	2	249-242	4
Fjölnir	5	2	3	376-397	4
Snæfell	4	2	1	225-238	4
Njaróvík	4	2	2	344-334	2
Haukar	4	1	3	290-309	2
Hamar	5	1	4	354-418	2



SARA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR Er búin að skora 4 mörk í 3 leikjum í Meistaradeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Meistaradeild kvenna í gær: Sara með tvö

FÓTBOLTI Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði tvö mörk fyrir Malmö í gærkvöldi þegar sænsku meistararnir unnu 3-1 útisigur á austurríska liðinu Neulengbach í fyrri leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Sara Björk hefur þar með skorað fjögur mörk í síðustu tveimur leikjum sínum í Meistaradeildinni. Þóra Björg Helgadóttir stóð í marki Malmö allan leikinn.
Sara Björk kom Malmö í 1-0 á 6. mínútu og innsiglaði síðan sigurinn með þriðja marki Malmö á 77. mínútu. Sara Björk skoraði líka tvö mörk í 5-0 sigri Malmö á ítalska liðinu Tavagnacco í seinni leik liðanna í 32 liða úrslitum.
Nýju liðsfélagar Margrétar Láru í þýska liðinu Turbine Potsdam eru í frábærum máli eftir 10-0 stórsigur á skoska liðinu Glasgow City en Glasgow-liðið sló Val út í 32 liða úrslitum keppinnar.



PRENNA Á FYRSTU 42 MÍNÚTUNUM Mario Gomez skoraði öll mörk Bayern München í gærkvöldi og hefur þar með skorað 19 mörk í 17 leikjum á tímabilinu. MYND/GETTY

Fjórða umferð í riðlakeppni Meistaradeildarinnar: Bayern og Real áfram

FÓTBOLTI Bayern München og Real Madrid tryggðu sér í gær sæti í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar og staða beggja Manchesterliðanna batnaði eftir sigri í leikjum þeirra.
Mario Gomez skoraði þrennu í fyrri hálfleik í 3-2 sigri Bayern München á Napoli en Napoli skoraði tvö síðustu mörk leiksins. Manchester City fór upp fyrir Napoli og í annað sætið eftir 3-0 útisigur á Villarreal. Yaya Touré skoraði tvö mörk fyrir City-liðið. Manchester City hefur þar með unnið alla sex leiki sína frá því að

Tevez-málið kom upp í München. Cristiano Ronaldo skoraði bæði mörk Real Madrid í 2-0 útisigri á Lyon en seinna markið var hans hundraðasta fyrir Real í aðeins 105 leikjum. Real hefur unnið alla fjóra leiki sína með markatölunni 10-0 og er komið áfram.
Manchester United vann 2-0 sigur á rúmenska liðinu Otelul Galati og komst á toppinn í C-riðli þar sem að Benfica og Basel gerðu 1-1 jafntefli í Lissabon. Inter Milan er síðan í mjög góðum máli í B-riðli eftir 2-1 sigur á Lille.





SIGFÚS SIGURÐSSON Hefur ekki verið útilokaður hjá landsliðsþjálfaranum.

Guðmundur um Sigfús: Sigfús í formi á möguleika

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari segist vera í leit að sterkum varnarmönnum sem geti spilað fyrir miðri vörn íslenska liðsins. Guðmundur tók hinn stóra og stæðilega Ægi Hrafn Jónsson inn í landsliðshópinn í gær. Hann hefur ekki áður verið á æfingum með landsliðinu.

Landsliðsþjálfarinn segir að dynnar standi enn opnar fyrir Sigfús Sigurðsson, sem verði þó að koma sér í betra stand áður en hann verði valinn aftur.

„Fúsi þarf að koma sér í betra form. Ég er opinn fyrir öllu. Ef menn eru í standi þá fylgist ég með því og ég mun fylgjast með Fúsa eins og öðrum. Ef hann er í þannig ástandi í janúar að hann sé valkostur þá er það frábært. Ég loka engum dyrum hvað það varðar,“ sagði Guðmundur, sem hefur ekki miklar áhyggjur af sóknarleik landsliðsins en þarf oftar en ekki að hugsa meira um vörnina.

„Varnarleikurinn er alltaf okkar höfuðverkur og við erum sífellt að leita að mönnum sem geta staðið í miðju varnarinnar. Við þurfum að hafa góða vörn til þess að ná árangri.“

- hbg

Aron Rafn Eðvarðsson:

Rann á bolta og meiddist

HANDBOLTI Það er óhætt að segja að æfingar íslenska landsliðsins gangi ekki stórslysalaust fyrir sig.

Hinn ungi og efnilegi markvörður Hauka, Aron Rafn Eðvarðsson, er einn þeirra sem eru komnir á meiðslalistann.

Aron Rafn varð fyrir því óhappi að renna á bolta í gær og snúa sig um leið á ökkla.

Hann haltraði um íþróttahúsið á Seltjarnarnesi í gær og óvissa er með framhaldið hjá honum að þessu sinni.

- hbg

Alexander Petersson:

Álagið hefur sitt að segja

HANDBOLTI Það var nánast biðröð á sjúkrahöskunum á æfingu íslenska landsliðsins á íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi í gær. Einn þeirra sem fengu meðhöndlun var Alexander Petersson, sem hefur verið tæpur í bakinu, enda álagið mikið.

„Ég hef spilað mikið í haust, bæði í þýsku deildinni sem og Meistaradeildinni,“ sagði Alexander. „Ég kom hingað á mánuadaginn strax eftir leik gegn Kiel. Gummi [Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari] var síðan með tvær æfingar í gær og ég er að drepast í dag,“ sagði hann og hló. „Ég verð búinn að hrista þetta af mér eftir 2-3 daga.“

- esá

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hefur talsverðar áhyggjur af meiðslum landsliðsfyrirliðans:

EM í mikilli hættu hjá Ólafi Stefánssyni

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hefur miklar áhyggjur af því að Ólafur Stefánsson geti ekki verið með íslenska landsliðinu á EM í Serbíu í janúar. Ólafur meiddist í sumar og er ekki enn byrjaður að spila.

„Að sjálfsögðu vonast ég til þess að Ólafur verði klár í janúar en mesta óvissan af öllum í hópnum er í kringum hann. Það er ekki útséð með það og ég er farinn að undirbúa mig fari svo að Ólafur verði ekki með okkur þar,“ segir Guðmundur áhyggju-

fullur en hann tók Rúnar Kárasson aftur inn í hópinn núna þar sem Ólafur er fjarverandi.

„Rúnar hefur verið að standa sig mjög vel og hefur tekið miklum framförum frá því að ég sá hann síðast. Þess utan erum við auðvitað með Alexander Petersson og Ásgeir Örn Hallgrímsson. Við erum því ekki á flæðiskeri staddir með örvhenta leikmenn. Við vonumst auðvitað samt eftir því að Ólafur komi með okkur því hann er liðinu dýrmætur. Eins og staðan er núna lítur þetta bara ekki vel út með Ólaf. Hann spil-

aði síðast handbolta í júní og er ekki enn kominn í gang aftur,“ segir Guðmundur sem segist ekki vilja vera svartskýnn en hann verði þó að vera raunsær.

„Það hefur komið bakslag í hans meiðsli en vonandi kemst hann í gang sem fyrst. Ég verð engu að síður að vera með varaáætlun á takteinum fari svo að við verðum án hans.“

- hbg

UTAN VALLAR Ólafur hefur ekki spilað neinn handbolta í vetur og óljóst hvort hann kemst með á EM í janúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Gæti verið á leið undir hnífinn

Markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson er úr leik vegna axlarmeisla. Læknir íslenska landsliðsins vill að hann fari í aðgerð. Fari Björgvin í aðgerð verður hann frá keppni í tvo mánuði og missir þar af leiðandi af Evrópumótinu í Serbíu sem fram fer í janúar. Ákvörðun um aðgerð verður tekin í Þýskalandi í næstu viku.

HANDBOLTI Íslenska landsliðið stóð uppi nær markvörðalaust á æfingu í gær. Björgvin Páll Gústavsson er alvarlega meiddur á öxl og meiðslin gætu gert það að verkum að hann missi af Evrópumótinu í Serbíu sem fram fer í janúar.

„Þetta eru álagsmeisli sem ég hef verið að glíma við í um mánuð. Þetta hefur verið að versna með hverri viku og varð virkilega vont þegar ég spilaði um helgina. Ég fékk síðan slæman sting í öxlina á fyrstu tveimur æfingunum með landsliðinu og eftir það gat ég ekki meir,“ segir Björgvin Páll sem hefur síðan farið í meðferð hjá Brynjólfi Jónssyni, lækni landsliðsins.

“Læknirinn segir að meiðslin séu það slæm að ég verði að fara í aðgerð.“

BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON
LANDSLIÐSMARKVÖRÐUR

„Binni sprautaði mig og ég þarf að hvíla alveg í heila viku til þess að byrja með. Hann segir að meiðslin séu það slæm að ég verði að fara í aðgerð. Það þarf að fara inn í öxlina og skafa til þess að þetta verði gott,“ segir Björgvin en hann er eðlilega ekkert sérstaklega spenntur fyrir því að fara í aðgerð því þá yrði hann frá í tvo mánuði.

„Það er erfitt að finna tvo mánuði til þess að hvíla sig miðað við allt sem er í gangi. Það er hægt að halda þessu gangandi með sprautum en algerlega er óvíst hversu lengi og hvort það dugi. Fáí ég einhverja hvíld gætu bólgurnar minnkað en það er ekkert öruggt í þessu. Þetta verður því bara að koma í ljós,“ sagði Björgvin Páll



GAF EIGINHANDARÁRITANIR Björgvin Páll gat ekki æft með landsliðinu í gær og gaf því ungum Seltirningum eiginhandaráritanir í staðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

en meiðslin eru á kashöndinni og hann treystir sér ekki alveg til þess að kasta með vinstri.

„Ég var að prófa það á æfingunum. Það verður að viðurkennast að hún er ekki jafn öflug. Ég er ekkert að negla langa bolta yfir völlinn með vinstri hendinni.“

Björgvin Páll spilar með Magdeburg í Þýskalandi og forráðamenn félagsins fylgjast eðlilega vel með stöðu mála.

Markvörðurinn hárprúði mun fara í ítarlegar skoðanir í Þýskalandi í næstu viku og í kjölfarið verður væntanlega tekin ákvörðun um hvort Björgvin fari strax undir hnífinn eða hvort hann fari síðar.

„Þjóðverjarnir vilja eðlilega skoða þetta ítarlega. Ég verð að krossleggja putta og vona það besta því ég vil alls ekki missa af Evrópumótinu.“

Það þarf vart að fjölýrða um

hversu mikið áfall það yrði fyrir landsliðið að missa Björgvin Pál úr liðinu. Hann hefur verið algjör lykilmáður hjá strákunum okkar og frábær markvarsla hans á stóran þátt í því að landsliðið vann í tvígang til verðlauna á stórmóti.

Síðast þegar Björgvin Páll missti af leik tapaði íslenska liðið með ellefu mörkum gegn Þjóðverjum ytra.

henry@frettabladid.is

Arnór Atlason læstist í baki eftir þriggja mínútna leik í frumraun AG í Meistaradeild Evrópu:

Arnór spilar áfram þrátt fyrir brjósklos í baki

HANDBOLTI „Ég læstist svona agalega í bakinu eftir þriggja mínútna leik í fyrsta leik okkar í Meistaradeildinni í haust. Eftir það fór ég í rannsóknir og greindist með brjósklos í baki,“ sagði Arnór Atlason, landsliðsmaður í handbolta, eftir landsliðsæfingu í gær. Liðið er nú að æfa saman þessa vikuna en Arnór hefur haldið ótrauður áfram að spila með liði sínu, AG Kaupmannahöfn, þrátt fyrir brjósklosið.

„Ég hef oft verið stífur í bakinu og ég man fyrst eftir að hafa fundið fyrir því á Ólympíuleikunum í Peking. Líklega hef ég því verið með brjósklos í einhvern tíma. Síðan ég læstist í bakinu í haust hef ég átt í nokkrum erfiðleikum með bakið og þarf að passa mig sérstaklega.“

Hann segir mögulegt að sleppa við aðgerð með sjúkrahjálfun og styrkingaræfingum fyrir bakið.



ARNÓR ATLASON Purfti á meðferð að halda hjá Elís Þór Rafnssyni sjúkrahjálfa eftir æfingu landsliðsins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Sérfræðingar segja að ég eigi að geta sloppið við aðgerð – það sé enn gott pláss fyrir hryggjarliðina. Ég þarf að vera duglegur að styrkja bakið og vonandi gengur þetta til baka sem fyrst.“

Hann segir að það sé samdóma álit þeirra lækna sem hann hefur leitað til að hann geti náð bata þótt hann spili áfram. „Það er mikið álag fram undan og ég þarf að vera klókur. Ég er þó í fínu formi og mun ekki láta þetta aftra mér. Við eigum mikilvæga leiki fram undan í Meistaradeildinni og ég stefni á að geta beitt mér af fullum krafti í þeim.“

Hann segir að greiningin hafi ekki dregið úr sér kjark. „Alls ekki. Mér hefur tekist að lifa með þessu í einhvern tíma og líkaminn er að öðru leyti vel á sig kominn. Ég hef ekki áhyggjur.“

- esá



CHELSEA LIVERPOOL

20. NÓVEMBER Á STÖÐ 2 SPORT 2

Það er allt að gerast í nóvember!

Stórleikirnir hlaðast upp í boltanum á Englandi, Spáni og í Meistaradeildinni, Tiger Woods mætir til leiks í opna ástralska meistaramótinu og strákarnir okkar slá í gegn í þýska handboltanum á sportstöðvunum okkar í nóvember. Vertu með og tryggðu þér áskrift!

3. NÓVEMBER

EVROPUDEILDIN
FC Kaupmannahöfn – Hannover. Sölvi og félagar í eldlinunni.

3. NÓVEMBER

EAS ÞREKMÓTARÖÐIN
Keppni sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda.

8. NÓVEMBER

ÞÝSKI HANDBOLTINN
Füchse Berlin – Flensburg. Stórleikur í þýska boltanum.

12. NÓVEMBER

VINÁTTULANDSLEIKUR
England – Spánn. Heimsmeistararnir mæta á Wembley.

12. NÓVEMBER

ÞÝSKI HANDBOLTINN
Kiel – Lemgo. Ná Aron og félagar að halda toppsætinu?

12.-13. NÓVEMBER

GOLF
Tiger Woods mætir til leiks í Australian Open.

22. NÓVEMBER

MEISTARADEILD EVRÓPU
Man. Utd. – Benfica. Rauðu djöflarnir verða að vinna!

23. NÓVEMBER

MEISTARADEILD EVRÓPU
AC Milan – Barcelona. Slagur tveggja sögufraegra stórlíða.

26. NÓVEMBER

ENSKA ÚRVALSDEILDIN
Man. Utd. – Newcastle. Ná meistarnir sér aftur á strik?

26.-27. NÓVEMBER

FORMÚLA 1 - BRASÍLÍA
Hver landar sigrinum í síðustu keppni ársins?

27. NÓVEMBER

SPÆNSKI BOLTINN
Real Madrid – Atletico Madrid. Grannslagur af bestu gerð!

27. NÓVEMBER

ENSKA ÚRVALSDEILDIN
Liverpool – Man. City. Stórleikur á Anfield.

29. NÓVEMBER

ÞÝSKI HANDBOLTINN
Füchse Berlin – RN Löwen. Íslendingaslagur í Þýskalandi.

29.-30. NÓVEMBER

ENSKI DEILDARBIKARINN
Arsenal – Man. City. Chelsea – Liverpool.

SUNNUDAGA

SUNNUDAGSMESSAN
Gummi og Hjörvar gera upp leikina í Enska boltanum.









Þú færð meira fyrir peningana
MUTV, Liverpool TV og Chelsea TV fylgja frítt með áskrift að Stöð 2 Sport 2

ÞAD ER
ÖDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

Golf Channel fylgir frítt með áskrift að Stöð 2 Sport

230 LAXAR veiddust í Elliðaánum á hverja stöng. Alls veiddust 1.150 laxar í ánum sem er nánast það sama og í fyrra en þá veiddust 1.164 laxar.

Laxveiði í völdum ám sumarið 2011



HEIMILD: LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Haffjarðará og Selá gáfu mest

Veidisumrinu lauk formlega á mánudaginn þegar veiði í Ytri-Rangá var hætt. Þar komu flestir laxar á land eða alls 4.961. Næst flestir laxar veiddust í Eystri-Rangá. Í Haffjarðará og Selá veiddust hins vegar flestir laxar á stöng. Veiðin í Elliðaánum var líka mjög góð.

Þrátt fyrir töluverða svartsýni meðal veiðimanna í byrjun laxveiðisumarsins rættist vel úr því þegar á leið. Landsamband veiðifélaga tekur árlega saman veiðitölur og gáfu þær 25 laxveiðiár sem félagið notar til viðmiðunar um laxveiði hvers árs alls 35.848 lax í ár. Er þetta betri veiði en árið 2006 en lakari en árin 2007 til 2010.

Þorsteinn Þorsteinsson, frá Skálpastöðum í Lundarreykjadal, heldur utan um veiðitölur fyrir Landssambandið. Hann bendir á að þróunin í laxveiði sé alltaf mjög sveiflukennnd.

„Laxveiðin síðustu ár hefur verið alveg ótrúlega góð og það skekkir mat manna á því hvað er gott laxveiðiár. Veiðimenn eru orðnir mjög góðu vanir,“ segir Þorsteinn. „Það verður hins vegar að játast að þetta byrjaði nú frekar dauflega. Laxinn kom seinna en hann hefur gert en miðhluti sumarsins var þó þokkalega góður víðast hvar.“

Þorsteinn segir haustveiðina hafa verið heldur minni en hann hafi vonast eftir.

„Þar kann að spila inn í að veiðin í hafbeitaránum, eins og til dæmis Rangánum, var minni. Svo virðist sem sleppiseiði hafi ekki skilað sér eins vel úr sjó og undanfarin ár. Reyndar á þetta ekki bara við um sleppiseiðin heldur líka villta lax-

“Laxveiðin síðustu ár hefur verið alveg ótrúlega góð og það skekkir mat manna á því hvað er gott laxveiðiár. Veiðimenn eru orðnir mjög góðu vanir.“

ÞORSTEINN ÞORSTEINSSON
SKÁLPASTÖÐUM Í LUNÐARREYKJADAL

inn. Málið er hins vegar að endurheimtur sleppiseiða hafa mikið að segja þegar horft er á heildarveiði í stórum ám eins og Rangánum. Síðan er auðvitað undantekning í þessu eins og öllu og það er Breiðdalsáin sem setur nýtt met en þar veiddust 1.430 laxar samanborið við 1.178 í fyrra.“

Þorsteinn segir ástandið í sjónum ráða miklu um endurheimtur laxa í ár.

„Ef endurheimtur sjógönguseiða hækka úr tveimur prósentum í þrjú þá gefur augaleið að það þýðir gríðarlega mikla aukningu í göngum. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að endurheimtur séu lakar. Það þarf ekki annað en að átugöngur í sjó og ganga seiðanna falli ekki saman.“

Þorsteinn segir að víðast hvar á landinu hafi laxveiði verið alveg þokkaleg. Helst virðist sem ár á Vesturlandi hafi átt erfitt uppdráttar og þá vegna lélegs vatnsbúskapar. Ágætt dæmi um það sé Laxá í

Dölum en þar veiddust 568 laxar samanborið við 1.762 í fyrra.

Veiðin í Borgarfirðinum var hins vegar með ágætum. Þorsteinn segir að þó veiðin í Norðurá hafi ekki verið jafngóð og síðustu þrjú ár verði að hafa það í huga að fyrir svona eins og átta árum hefði hún þótt alveg frábær. Þá beri að geta þess að veiði í Straumunum og Brennuni í Hvítá hafi verið mjög góð.

Þorsteinn segir að besti mælikvarðinn á veiði sé hversu margir laxar séu veiddir á hverja stöng. Í þeim efnum hafi Veiðimálastofnun talið að 100 laxar á stöng væri þokkalegt viðmið. Á gröfunum hér fyrir ofan má sjá að fjöldi áa er með yfir 100 laxa á stöng en einnig eru nokkrar undir því viðmiði. Hafa verður í huga að þetta viðmið á þó ekki við allar ár enda löngum ljóst að til dæmis veiðimenn sem fara í Laxá í Aðaldal eru ekki að sækjast eftir því að veiða marga laxa heldur að ná þeim stóra. Á Nessvæðinu í Laxá í Aðaldal var hlutfall stórlaxa 86 prósent og í júlí var meðalþyngd in í kringum 17 pund.

Á Suðurlandi var veiði í Stóru-Laxá mjög góð en þar veiddust 795 laxar sem er met. Erfitt er að fá heildartölur úr Soginu þar sem það skiptist í mörg svæði. Á svæðum Stangaveiðifélags Reykjavíkur í Soginu veiddust ríflega 750 laxar og hefur veiðin þar einungis einu sinni áður verið betri. Skógá, Affallið og



SELÁ Í VOPNAFIRÐI Alls veiddist 2.021 lax í Selá í sumar. Veitt er á átta stangir í ánni sem þýðir að 253 laxar fengust á hverja stöng.

MYND/ORRI VIGFÚSSON

Kerlingardalsá fóru heldur halloka og segir Þorsteinn að þó það hafi ekkert verið rannsakað sé freistandi að halda því fram að þar hafi vikur vegna eldgosa haft þónokkur áhrif á lífríki ána.

Á Norðausturlandi var veiði með

miklum ágætum. Met var sett í Svalbarðsá en þar veiddust 563 laxar og var hlutfall stórlaxa mjög hátt. Þó Fnjóskáin hafi dalað frá því í fyrra var veiðin í sumar sú næstbesta síðan árið 2005.

trausti@frettabladid.is

Hvenær
skiptir þú
síðast um lás?

ASSA[®]
ASSA ABLOY



Örugg lyklavöld

ASSA d12 eru öryggissýlinderar sem henta fyrir heimili og fyrirtæki. ASSA d12 sýlinderarnir eru fánlegir í tveimur útfærslum. Annars vegar sýlinder þar sem handhafa lykils nægir að sýna lykil eða gefa upp kóða sem er á honum til að fá viðbótarlykla smíðaða.

Hins vegar sýlinder þar sem ekki er heimilt að smíða viðbótarlykla nema framvísa bláum lykli með sérstökum kóða hjá þjónustuaðila ASSA. Ef bláa lyklinum er ekki framvísað fást ekki smíðaðir viðbótarlyklar. Þannig má hafa stjórn á magni lykla í umferð. ASSA d12 öryggissýlinderar eru mjög slitsterkir. Þeir eru sérstaklega hannaðir til að koma í veg fyrir dírkun og með sérstakri borvörn.



Söluastaðir:

Brynja verslun, Laugavegi 29, sími 552 4320
Lásþjónustan ehf. Grensásvegi 16, Reykjavík, sími 800 5858
Láshúsið ehf. Bíldshöfða 16, Reykjavík, sími 557 5100
Neyðarþjónustan, Laugavegi 168, sími 510 8888

 **VÉLAR & VERKÆRI**

SKÚTUVOGUR 1 C ▼ 104 REYKJAVÍK ▼ SÍMI: 550 8500 ▼ FAX 5508510 ▼ WWW.VV.IS

> Stöð 2 kl. 21.40

Kidnap & Ransom

Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar um mann sem sérhæfir sig í að semja við mannræningja og reynir allt sem hann getur til að frelsa konu sem rænt var af glæpagengi í Suður-Afríku.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR MINNT Á ELLI

Hver er þessi gamli karl?

Þátturinn Community á Stöð tvö hefur náð mér á sitt band. Ég var ekki alveg viss eftir fyrsta þátt, hvort mér myndist hann myndinn eða asnalegur. Nú finnst mér hann myndinn. Það er ekki síst að þakka John Oliver, sem leikur prófessor við skólann sem aðalsöguhetjunnar sækja. Hann er óborganlega myndinn í innslögum sínum í The Daily Show og í þriðja þætti Community braust það loksins í gegn, þegar hann bugaðist í eigin vísindatilraun og tók kast. Mislitur hópur söguhetjanna er hættur að fara í taugarnar á mér og ég er farin að hlæja



að brestum þeirra. Hló mig máttlausa yfir slúðurfíkn Shirley í fyrskvöld og hvernig hún og Jeff gátu sameinast í að gera eitruð grín að félögum sínum. Sá eini sem ekki hefur enn náð mér er Pierce, persónan sem Chevy Chase leikur. Þó hefur mér alltaf fundist Chevy myndinn og horfi á myndina National Lampoon's Christmas Vacation hver jól. Sú mynd er reyndar frá árinu 1989, sem gæti hafa gert það að verkum að ég hef fryst ákveðna mynd af Chevy í huga mér. Ég þekki ekki þennan hvíthærða karl og hann minnir mig óþægilega á hvað tímanum líður.

RÚV

- 15.45 Kiljan
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Gurra grís (17:26)
- 17.25 Sögustund með Mömmu Marsibíl (18:52)
- 17.36 Mókó (5:52)
- 17.41 Fæturnir á Fanneyju (18:39)
- 17.55 Stundin okkar
- 18.25 Táknálsfréttir
- 18.35 Melissa og Joey (10:30)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Nigella í eldhúsinu (9:13) Í þessari bresku matreiðsluþáttaröð eldar Nigella Lawson dýrindis krásir af ýmsum toga.
- 20.35 Hljómskálinn (2:5) Þáttaröð um íslenska tónlist í umsjón Sigtryggs Baldurssonar. Honum til halds og trausts eru Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason. Textað á síðu 888 í Textavarp.
- 21.10 Scott og Bailey (5:6)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Glæpahneigð (101:114)
- 23.10 Lífverðirnir
- 00.10 Handboltamót í Serbíu
- 01.30 Kastljós
- 01.55 Fréttir
- 02.05 Dagskrárlök

BIÓ

- 08.00 The Painted Veil
- 10.05 Beverly Hills Cop
- 12.00 Copying Beethoven
- 14.00 The Painted Veil
- 16.05 Beverly Hills Cop
- 18.00 Copying Beethoven
- 20.00 Ghost Town
- 22.00 Legally Blonde
- 00.00 American Crude
- 02.00 Shooting dogs
- 04.00 Legally Blonde
- 06.00 Crazy on the Outside

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (9/175)
- 10.15 The Mentalist (20/23)
- 11.00 The Whole Truth (5/13)
- 11.45 Gilmore Girls (19/22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Zoolander
- 14.30 E.R. (4/22)
- 15.15 Friends (6/24)
- 15.40 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.55 The Simpsons (21/22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm in the Middle (8/16)
- 19.45 The New Adventures of Old Christine (12/21)
- 20.10 Hell's Kitchen (3/15) Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn ógurlegi Gordon Ramsay er nú mættur í fimmta sinn og nú svalari en nokkru fyrir.
- 20.55 The Closer (15/15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe-verðlauna sex ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons.
- 21.40 Kidnap & Ransom Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Dominic King er sérfræðingur í að semja við mannræningja og er fremstur á sínu sviði. Viðskiptakonunni Naomi Shaffer er rænt í Suður-Afríku og og Dominic þarf að finna mannræningjanna.
- 22.55 Heimsendir (4/9)
- 23.35 Spaugstofan
- 00.05 The Killing (6/13)
- 00.50 Mad Men (1/13)
- 01.40 True Grit
- 03.45 Road Trip
- 05.20 Malcolm in the Middle (8/16)
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00 Meistaradeildin - meistaramörk
- 07.40 Meistaradeildin - meistaramörk
- 08.20 Meistaradeildin - meistaramörk
- 09.00 Meistaradeildin - meistaramörk
- 14.35 Meistaradeild Evrópu. Meistaradeildin - (E)
- 16.20 Meistaradeildin - meistaramörk
- 17.00 Spænsku mörkin
- 17.55 Köbenhavn - Hannover Bein útsending frá Evrópuveildinni.
- 20.00 Atl. Madrid - Udinese Bein útsending frá Evrópuveildinni.
- 22.00 EAS þrekmótaröðin
- 22.30 Köbenhavn - Hannover
- 00.15 Atl. Madrid - Udinese

SPORT 2

- 14.30 Stoke - Newcastle
- 16.20 Tottenham - QPR
- 18.10 Sunderland - Aston Villa
- 20.00 Premier League World
- 20.30 Premier League Review 2011/12
- 21.25 Goals of the Season 2004/2005
- 22.20 Football League Show
- 22.50 WBA - Liverpool

EXTRA

- 19.45 The Doctors (148/175)
- 20.30 In Treatment (54/78)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 The Middle (3/24)
- 22.15 Grey's Anatomy (5/22)
- 23.00 Kidnap & Ransom Fyrri hluti framhaldsmyndar.
- 00.15 Satisfaction (8/10)
- 01.05 Dagvaktin - lokapáttur
- 01.40 The New Adventures of Old Christine (12/21)
- 02.00 Týnda kynslóðin
- 02.30 In Treatment (54/78)
- 02.55 The Doctors (148/175)
- 03.35 Fréttir Stöðvar 2
- 04.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 07.30 Nýtt útlit (8.12) (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 12.00 Nýtt útlit (8.12) (e)
- 12.30 Pepsi MAX tónlist
- 15.55 Life Unexpected (9.13) (e)
- 16.40 Rachael Ray
- 17.25 Dr. Phil
- 18.10 Friday Night Lights (11.13) (e)
- 19.00 Game Tívi - OPIÐ (8.14)
- 19.30 Being Erica - OPIÐ (11.12)
- 20.10 The Office (3.27)
- 20.35 30 Rock (10.23)
- 21.00 Hæ Gosi (6.8) Sprenglæglegir er um leið óþægilegir gamanþættir um bræðurna Bök og Víði og fólkið í lífi þeirra. Fríðborg bíður spennu eftir nýjum syni fyrir norðan en fyrir sunnan er hulunni svipt af gömlu fjölskylduleyndarmáli.
- 21.30 House (9.23)
- 22.20 Falling Skies (3.10)
- 23.10 Jimmy Kimmel Húmoristinn Jimmy Kimmel hefur staðið vaktina í spjallþættinum Jimmy Kimmel Live! frá árinu 2003 og er einn vinsælasti spjallþáttastjórnandinn vestanhafs. Jimmy lætur gamminn geisa og fær gesti sína til að taka þátt í ótrúlegustu uppákomum.
- 23.55 CSI. Miami (5.22) (e)
- 00.45 Smash Cuts (44.52) (e)
- 01.05 Falling Skies (3.10) (e)
- 01.55 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 08.15 Golfing World
- 09.05 World Golf Championship (1.4)
- 13.05 World Golf Championship (1.4)
- 17.05 PGA Tour - Highlights (39.45)
- 18.00 Golfing World
- 18.50 World Golf Championship (1.4)
- 22.50 The Open Championship Official Film 2010
- 18.15 Að norðan

RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunþáttur Rásar 1
- 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfreginir
- 10.13 Litla flugan
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfreginir
- 12.50 Dánarfreginir
- 13.00 Landið sem rís
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Á tónsviðinu
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Útvarpsagan: Hraunfólkið
- 15.25 Skurðgrafan
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.21 Spegillinn
- 18.50 Veðurfreginir
- 18.53 Dánarfreginir
- 19.00 Símfóníukvöld - Á leið í tónleikasal
- 19.30 Símfóníutónleikar
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfreginir
- 22.10 Orð kvöldsvins
- 22.20 Útvarpsperla: Gustaf Fróðing
- 23.15 Hnapparatið
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

- 09.45 The Inspector Lynley Mysteries
- 10.35 EastEnders
- 11.05 Keeping Up Appearances
- 11.35 Keeping Up Appearances
- 12.05 Fawty Towers
- 12.40 'Allo 'Allo!
- 13.05 'Allo 'Allo!
- 13.35 New Tricks
- 14.25 New Tricks
- 15.20 Keeping Up Appearances
- 15.50 Keeping Up Appearances
- 16.20 'Allo 'Allo!
- 16.50 'Allo 'Allo!
- 17.15 'Allo 'Allo!
- 17.40 Fawty Towers
- 18.15 QI
- 18.45 QI
- 19.15 Top Gear
- 20.10 Top Gear
- 21.00 Live at the Apollo
- 21.45 QI
- 22.15 The Office
- 22.40 Skavlan
- 23.40 The Graham Norton Show

DR 1

- 11.00 DR Update - nyheder og vejr
- 11.10 Penge
- 11.35 Dage i haven
- 12.05 Vores Liv
- 12.35 Aftenshowet
- 13.30 Bonderøven
- 14.00 DR Update - nyheder og vejr
- 14.10 Himmelblå
- 15.00 Kasper & Lise
- 15.15 Hubert
- 16.00 Hercule Poirot
- 16.50 DR Update - nyheder og vejr
- 17.00 Vores Liv
- 17.30 TV Avisen med Sport
- 18.05 Aftenshowet
- 19.00 Gintberg på kanten
- 19.30 Et liv uden stoffer
- 20.00 TV Avisen
- 20.25 Jersild Live
- 20.50 SportNyt
- 21.00 Leg med ild
- 22.55 Familien Hughes
- 23.45 Veninderne

NK1

- 12.00 Nyheter
- 12.05 Aktuelt
- 12.35 Urix
- 13.00 Nyheter
- 13.05 Norge rundt
- 13.30 Valpekullet
- 14.00 Nyheter
- 14.10 Dallas
- 15.00 Nyheter
- 15.10 Matador
- 16.00 Nyheter
- 16.10 Snakkis
- 16.25 Verdensarven
- 16.40 Oddasat - nyheter på samisk
- 16.55 Nyheter på tegnspråk
- 17.00 Farkvöld
- 17.40 Distriktsnyheter
- 18.00 Dagsrevyen
- 18.45 Schrödingers katt
- 19.15 Solgt!
- 19.45 Glimt av Norge
- 19.55 Distriktsnyheter
- 20.00 Dagsrevyen
- 21.00 Debatten
- 21.30 Kampen om Sørpolen
- 22.00 Kveldsnytt
- 22.15 Trygdekantoret
- 22.50 Siffer
- 23.20 Brennpunkt

svt1

- 09.00 Gomoron Sverige
- 10.00 Go'kväll
- 10.45 Det stora beslutet
- 11.35 Uppdrag Granskning
- 12.35 Robins
- 13.05 Dag
- 13.25 Minnenas television
- 14.30 Skattjägarna
- 15.00 Rapport
- 15.05 Gomoron Sverige
- 15.30 Svenska komediener
- 15.40 Jonathan Ross show
- 16.30 Sverige idag
- 16.55 Sportnytt
- 17.00 Rapport
- 17.10 Regionala nyheter
- 17.15 Go'kväll
- 18.00 Kulturmytterna
- 18.15 Regionala nyheter
- 18.30 Rapport
- 19.00 Här är ditt kylskåp
- 19.30 Mitt i naturen
- 20.00 Plus
- 21.00 Debatt
- 21.45 Livet som hund
- 22.30 En komikers arbetslivsferiehøst

INN

- 20.00 Hrafnaping
- 21.00 Einar Kristinn og sjávarútvegur
- 21.30 Vínsmakkarinn

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 97,7 X-ið
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 102,9 Lindin
- FM 90,1 Rás 2
- FM 91,9 Kaninn
- FM 95,7 FM957
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 102,2 Útvarp Latibær
- FM 105,5 Útvarp Boðun



- Lífið heil

Senn fer að kólna - vertu viðbúin.

+15% afsláttur af Vectavir og Otrivin



Lægra verð í Lyfju

www.lyfja.is

Gildir til 13. nóvember



Til Orlando fyrir helmingi færri punkta!

50% Vildarpunktaafsláttur til Orlando fyrir meðlimi American Express®

Nú bjóðum við einstakt tilboð fyrir American Express meðlimi.

Nýttu þér tækifærið og tvöfaldaðu virði Vildarpunktanna þinna og skelltu þér til Orlando.

Salan hefst kl. 12:00 á hádegi fimmtudaginn 3. nóvember og stendur í nákvæmlega einn sólarhring, til kl. 12:00 á föstudaginn. **ATH! Takmarkað sætaframboð!** Félagamiði gildir með þessu tilboði.

Orlando: ~~60.000~~ **30.000 Vildarpunktar** + flugvallarskattar og aðrar greiðslur*

Ferðatímabilið er 3. janúar til 14. febrúar 2012.

Skilmálar tilboðs eru skv. reglum Vildarklúbbsins. Bókanir, skilmálar og allar nánari upplýsingar á vildarklubbur.is eða í síma 50 50 100.

*Flugvallaskattar og aðrar greiðslur f. flug til Orlando eru frá 37.900 kr.



KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Kortið sem
kemur þér út





„Ég reyni yfirleitt að búa til þægilega stemningu þegar ég er að vinna og hlusta þá á Ellu Fitzgerald eða Louis Armstrong. Lögin Summertime, Cheek to Cheek og Let's Call the Whole Thing Off eru í uppáhaldi.“

Hafdis Inga Hinriksdóttir, förðunarmeistari og umsjónarmaður þáttarins Nýtt útlit.

Lokatökur í varðskipinu Þór

„Við erum að taka upp efni sem gerist 1972 og Landhelgisgæslan kemur við sögu,“ segir Bergur Ebbi Benediktsson, eitt af fjórum tannhjólum sem knýja grínhópinn Mið-Ísland.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu vinnur Mið-Ísland að grínþáttum sem verða sýndir á Stöð 2 á næsta ári. Tökur hafa staðið yfir síðustu vikur og lauk á þriðjudag um borð í varðskipinu Þór, sem kom til Reykjavíkur í síðustu viku. Þór er þó ekki eina varðskipið sem hópurinn nýtti undir tökum því Óðinn var einnig nýttur. „Ég var á varðskipi í 20 metrum á sekúndu og það var verið að úða yfir mig vatni. Þessar tökurl... það hefur orðið einhver misskilningur. Ég er alveg búinn á því,“ segir Bergur um tökurn-

ar sem voru svo líkamlega krefjandi að hann óttaðist að vera kominn með bronkítis eftir daginn í Óðni. „En þetta var mjög gaman, því ég var nemi á Óðni sumarið 1998. Og var þar í 19 daga. Ég fór hringinn í kringum landið á Óðni. Ég var búinn að gleyma þessu, búinn að þurrka þetta út úr minninu. Þetta er ekki hluti af mínum stíl, að vinna á skipi. Skil ekki hvernig ég fór að þessu. Svo þegar ég kom um borð í Óðin helltist þetta yfir mig.“

Tökunum lauk svo um borð í Þór og nú hefst eftirvinnslan. Grínhópurinn situr þó ekki auðum höndum þar sem hann verður með uppstandskvöld í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.



SKIPVERJAR Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, sjónvarpsmaðurinn Björn Bragi og Jóhann Alfreð bregða á leik við varðskipið Þór.

ÖRN ELÍAS GUÐMUNDSSON: EINS OG NOTALEG ÚTSKRIFTARFERÐ

Mugison kominn í sjö þúsund eintök

„Þetta hefur gengið framar vonum. Við getum vel flutt út úr þessari fjörutíu fermetra íbúð þegar þessi túr er búinn, ekki að það sé ekki notalegt að vera í sumarhúsi í hjarta Reykjavíkur. En annars er ég náttúrulega aldrei heima, ég verð eiginlega að spyrja Rúnu hvernig þetta sé eiginlega,“ segir Örn Elías Guðmundsson, best þekktur sem Mugison.

Hann þeysist nú um landið á bílaleigubíl frá Hertz ásamt hljómsveitinni sinni og Jóni Þór Þorleifssyni en Mugison lýsir honum sem sálfræðingi, rútbílstjóra og miðasöludömu hópsins. Auk þess situr Jón Þór við stýrið og kemur sveitinni lipurlega á áfangastaði, nánast hnökralaust hingað til með keru merktri tónleikaferðalaginu. „Ég mátti ekki keyra, ég er ekki nógu gamall til þess þannig að Jón stökk inn.“

Plata Mugison, Haglél, hefur mælst feikilega vel fyrir, hann hefur þegar fönðrað tíu þúsund eintök og þau eru öll farin út úr húsi. „Ég hef örugglega selt sjö þúsund og er búinn að panta sjö þúsund til viðbótar.“ Heildarupplagið verður því sautján þúsund eintök en til gamans má nefna að Mugiboogie er söluhæsta plata Mugison hér á landi, hún seldist í tíu þúsund eintökum í jólavertíðinni. „Og hún er ekki einu sinni byrjuð núna,“ segir hann, kampa-kátur.

Það hefur líka verið uppselt á alla tónleikana, meira að segja á Akranesi. „Mitt fyrsta gígg á ferlinum var þar og þá mættu sex, allt ættingjar. En núna var fullt út úr dyrum og það var virkilega góð



VIÐ RÚTUNA GÖÐU Jón Þór Þorleifsson ferjar Mugison og hljómsveitina í þessu ágæta farartæki með keru sem er merkt tónleikaferðinni um Ísland. Hér er bandið við gripinn, frá vinstri eru Mugison, Þorbjörn Sigurðsson, hljómborðs- og gítarleikari, Guðni Finnsson bassaleikari og Arnar Þór Gíslason trommari.

tilfinning.“ Tónlistarmaðurinn hefur þegar heimsótt Norðurland og Suðurland og er á leið austur um helgina. Hann segir það síður en svo lýjandi að keyra allar þessar vegalengdir nánast hverja einustu helgi. Og þetta reyni ekkert á vinskapi. „Nei, þetta er meira eins og útskriftarferð, við borðum góðan mat, förum saman í sund og spilum, þetta er bara fáránlega

næs.“ Bassaleikarinn Guðni Finnsson sé meira að segja byrjaður að fara með gamanmál. „Við höfum spilað saman í sex ár og ég hef alltaf beðið hann um að segja brandara þegar ég stilli gítarinn. En hann hefur aldrei orðið við þeirri bön fyrr en nú. Og þetta eru því líkar langlokur.“ Tónlistarmaðurinn gefur sér einnig góðan tíma til að árita geisladiskana sem rjúka

út eins og heitar lummur eftir tónleikana.

En hann viðurkennir að hann ætli að taka sér algjört frí frá spilamennsku í janúar. Þá fer hann og sinnir náminu í Listaháskólanum sem varð þess valdandi að hann flutti með fjölskylduna suður. „Og svo ætla ég að vinna að mirstrument-plötu með hljóðfærinu mínu.“ freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að breski tónlistarmaðurinn Example hafi tekið upp myndband hér á landi við lagið Midnight Run. Example er gríðarlega vinsæll í heimalandi sínu, en nýjasta platan hans, Playing in the Shadows, náði efsta sæti breska vinsældalistans og lög hans hafa einnig náð

toppnum. Þorsteinn Bachmann, fyrirsætan Svala Lind Þorvaldsdóttir og húðflúrarinn Fjöltnir Geir Bragason eru áberandi í myndbandinu, þó að söguþráðurinn sé nokkuð á reiki. Fjöltnir veitir meðal annars Example eftirför á mótorgjólí, en rapparinn keyrir glæsilegan Ford Mustang á vitlausum vegarhelmingi og íslensk náttúra nýtur sín í bakgrunninum.

Guðfínnur Karlsson, oftast kenndur við Prikkið og rokkhljómsveitina Dr. Spock, varð fyrir því óláni að glæsilegri keru hans var stolið þar sem hún stóð úti á Sel-tjarnarnesi fyrir nokkrum dögum. Þegar Fréttablaðið hafði samband við Guðfínn hafði hann enn ekki fundið kerruna né þjófana en kerrunnar er sárt saknað. Guðfínnur hefur heitið veglegum fundarlaunum handa þeim sem finna kerruna góðu og geta áhugasamir kynnt sér málið á Facebook-síðu hans. - afb, fgg



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

Listaverkið (Stóra sviðið)		
Fim 3.11. Kl. 19:30 5. au.		
Svartur hundur prestsins (Kassinn)		
Fim 3.11. Kl. 19:30 18. sjn.	Sun 13.11. Kl. 19:30 21. sjn.	Sun 27.11. Kl. 19:30 26. sjn.
Fös 4.11. Kl. 19:30 5. au.	Lau 19.11. Kl. 19:30 22. sjn.	Fim 1.12. Kl. 19:30 27. sjn.
Lau 5.11. Kl. 19:30 6. au.	Sun 20.11. Kl. 19:30 23. sjn.	Fös 2.12. Kl. 19:30 28. sjn.
Mið 9.11. Kl. 19:30 19. sjn.	Fim 24.11. Kl. 19:30 24. sjn.	
Lau 12.11. Kl. 19:30 20. sjn.	Fös 25.11. Kl. 19:30 25. sjn.	
Hreinsun (Stóra sviðið)		
Fös 4.11. Kl. 19:30 3. sjn.	Lau 19.11. Kl. 19:30 7. sjn.	Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sjn.
Lau 5.11. Kl. 19:30 4. sjn.	Sun 20.11. Kl. 19:30 8. sjn.	Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sjn.
Lau 12.11. Kl. 19:30 5. sjn.	Fim 24.11. Kl. 19:30 9. sjn.	Lau 10.12. Kl. 19:30 13. sjn.
Sun 13.11. Kl. 19:30 6. sjn.	Fös 25.11. Kl. 19:30 10. sjn.	Sun 11.12. Kl. 19:30 14. sjn.
Allir synir mínir (Stóra sviðið)		
Fim 10.11. Kl. 19:30 21. sjn.	Fim 17.11. Kl. 19:30 23. sjn.	Lau 26.11. Kl. 19:30 25. sjn.
Fös 11.11. Kl. 19:30 22. sjn.	Fös 18.11. Kl. 19:30 24. sjn.	
Hlini kóngsson (Kúlan)		
Sun 6.11. Kl. 15:00	Sun 13.11. Kl. 15:00	
Judy Garland (Þjóðleikhúskjallarinn)		
Lau 5.11. Kl. 22:00 5. sjn.	Lau 12.11. Kl. 22:00 7. sjn.	
Sun 6.11. Kl. 22:00 6. sjn.	Sun 20.11. Kl. 22:00 8. sjn.	
Uppnám (Þjóðleikhúskjallarinn)		
Fös 25.11. Kl. 22:00	Lau 10.12. Kl. 22:00	
Fös 2.12. Kl. 22:00		
Kjartan eða Bolli? (Kúlan)		
Lau 5.11. Kl. 17:00		

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30 Sími í miðasölu 5511200

Ísak í ævintýraferð í New York

„Það var alveg sjúklega gaman og ég er algjörlega ástfanginn af borginni,“ segir förðunarfræðingurinn Ísak Freyr Helgason, sem er nýkominn heim eftir tveggja mánaða dvöl í New York.


Ísak hélt utan í ævintýraleit og til að kanna tiskubrannann úti, en hann datt beint inn í tiskuvíkuna í New York. Þar farðaði hann meðal annars fyrir sýningu bandaríska fatamerkisins threeASFOUR og aðstoðaði Andreu Helgadóttur förðunarmeistarara, sem meðal annars sér um förðun Bjarkar Guðmundsdóttur og hefur búið og starfað í New York lengi. „Það var frábært að koma og geta verið með Andreu. Ég leigði mér meira að segja íbúð fyrir neðan hana í Williamsburg í Brooklyn, sem var æði,“ segir Ísak, en hann fór meðal annars með Andreu í myndatöku fyrir tiskutímaritið Elle.

„Það var mikil upplifun fyrir mig að fá að vera með Andreu og hún vildi helst ekki að ég færi aftur heim,“ segir Ísak og bætir við að hann hafi notið sín vel úti. „Ég kom eiginlega beint frá dönsku tiskuvíkunni og þrífst mjög vel í stressinu sem myndast baksviðs á sýningum. Það er svo mikið adrenalínkikk og ég ætla að reyna að fara aftur út á næsta ári til að þræða tiskuvíkurnar.“

Ísak heillaðist af New York og getur vel hugsað sér að búa þar en það er einnig brjáláð að gera hjá honum hérna heima. „Ég er búinn að bóka mig í fullt af myndatökum næstu mánuði en langar mikið að fara aftur út. Það er aldrei dauður tími í New York og alltaf eitthvað að gerast. Maður getur alveg vanist því.“



HEILLADUR AF NEW YORK Förðunarfræðingurinn Ísak Freyr Helgason er nýkominn heim eftir tveggja mánaða dvöl í New York, þar sem hann farðaði meðal annars fyrir tiskuritið Elle og fatamerkið threeASFOUR.



GULA HÚSIÐ FAXAFENI 8

Klæddu þig betur í vetur

Hlý fót á hlægilegu verði!

ÓDÝRT & GOTT



Renn hettupeysa stærðir S-XL
verð ~~8.990,-~~



Renn hettupeysa stærðir S-XL
verð ~~8.990,-~~



Renn hettupeysa stærðir S-XL
verð ~~8.990,-~~



Dömugolla Stærðir S/M og M/L
verð ~~2.790,-~~



Hettupeysa herra stærðir Small-Large
verð ~~8.990,-~~



Renn hettupeysa stærðir S-XL
verð ~~8.990,-~~



Hettupeysa herra stærðir XS-XXL
verð ~~5.990,-~~



Hettupeysa herra stærðir XS-XXL
verð ~~5.990,-~~



Hettupeysa stærðir S-XL
verð ~~7.990,-~~



Dömuúlpa Saiko stærðir XS-XXL
verð ~~7.990,-~~



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIADSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland



Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð
fimmtudaga milli 19:30 – 22:00
í síma 551-1012.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tími pottanna kominn

Á sama tíma og ákvörðun borgarinnar um að afturkalla byggingarleyfi vegna setlaugar og útigeymslu á Laufásvegi 68 hefur verið ógilt hefur byggingarfulltrúi heimilað uppsetningu á heitum potti og steypum pöllum og ýmsar aðrar breytingar í húsinu við hliðina. Það er **Skúli Gunnar Sigfússon**,



eigandi Subway, sem á Laufásveg 70 en Stefán Hilmarsson, fjármálastjóri 365, býr á númer 68. Skúli keypti Laufásveg 70 í sumari af þýska sendiráðinu.

Stórt upplag af Einvíginu

Nýjasta bók **Arnaldar Indriðasonar**, Einvígið, kom í bóka-búðir á þriðjudaginn. Alls var sex þúsund eintökum dreift fyrsta kastið um allt land og venju samkvæmt voru fjölmargir aðdáendur höfundarins þegar mættir til að tryggja sér eintak. Viðtökurnar voru reyndar slíkar að á hálfum degi komst bókin inn á metsölu-lista Eymundsson, en þar situr hún í fyrsta sæti á lista yfir innbundin skáldverk og ljóð. Þó að fyrsta sending af bókunum verði eflaust fljót að klárast þurfa landsmenn ekki að örventa því Forlagið lét prenta 23.500 eintök af Einvíginu.



- gar, hdm

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Ill meðferð á íslenskum hestum vekur óhug í Svíþjóð
- 2 Enn á leið í klippingu - myndir af hjólastólum
- 3 Bjóða upp á ókeypis lögfræðisþjónustu...
- 4 Höfuðpaur í fíkniefnamáli með níu dóma
- 5 Anonymous hættir við árás á glæpagengi

SPORT 2
enski boltinn

ENSKI BOLTINN STÆRRI EN ALLT TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

Símenn ICLANDAIR 1011 OPIN KERFI

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

PETER VAN HOLLAND

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

ath.
opið
sunnudag



Troðfull verslun af merkjavöru!

nýjar sendingar af yfirhöfnum, jakkafötum skyrtum og peysum

30-70%

afsláttur af öllum herravörum

nýtt

60%

afsláttur af öllum barnavörum frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

70%

afsláttur af öllum kvenvörum

SAND HUGO BOSS BOSS RALPH LAUREN

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)